**allt**
LINDA LEK
*Austurlenskt í Maí thaí*
• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS >



**birta**
GARÐAR ÖRN OG EINAR ÖRN
*Léku Nonna og Manna og eru góðir vinir*
• hverfisandi í litlum búðum • stjörnuspá
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU >







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. október 2005 – 270. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Brynjar verður fyrirliði



Brynjar Björn Gunnarsson verður fyrirliði íslenska landsliðsins sem spilar við Pólverja í Varsjá í dag.

ÍÞRÓTTIR 28

### Sami gamli pönkarinn

Dr. Gunni er fertugur í dag. Nokkrir vinir hans bera honum góðar kveðjur á afmælisdaginn.

TÍMAMÓT 24

### Brjálað leikhús



Það eiga allir að geta lært eitthvað af verkinu Forðist okkur sem fellur allt í eina grótеска heild.

MENNING 36

### Breytt fjölmiðlun



Einkenni fjölmiðlaþróunar undanfarin ár er skemmtanavæðing upplýsingaflæðisins og samþjöppun á eignarhaldi, skrifar Birgir Guðmundsson.

Í DAG 20

### VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR NÚ Í** morgunsárið á víð og dreif. Léttir til norðan- og austanlands þegar líður á morguninn. Annars staðar líitsháttar skúrir. í dag. Hiti 4-10 stig.

VEÐUR 4

**Matgæðingar velja Fréttablaðið***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 25–45 ára.

# Bókhald týnt á brúðkaupsdegi

**Þróunarfélag Vestmannaeyja greiddi Skúlason ehf. sex milljónir. Engin gögn eru til um málið. Framkvæmdastjórinn týndi bókhaldinu á brúðkaupsdaginn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þau leiðu mistök urðu á brúðkaupsdaginn minn að hluti bókhalds Þróunarfélagsins tapaðist. Á því ber ég fulla ábyrgð en kem ekki að málinu að öðru leyti,“ segir Þorsteinn Sverrisson fyrrverandi framkvæmdastjóri Þróunarfélags Vestmannaeyja.

Þróunarfélagið greiddi sex milljónir inn á reikning Skúlason ehf. en engin gögn reyndust fyrirliggjandi um þá færslu hjá félaginu þegar á reyndi.

Vestmannaeyjabær lagði fram kæru til Ríkislögreglustjóra árið 2000 á hendur Skúlason ehf. til að freista þess að fá endurgreiddar milljónirnar sex. Ríkislögreglustjóri gerði athugasemdir við að ekki væru til gögn um færsluna.

Skúlason ehf. endurgreiddi féð ekki og árs frestur fyrirtækisins til þess að tilkynna um aukningu á hlutafé rann út. Fyrirtækið hefur verið dæmt til þess að endurgreiða féð til Vestmannaeyjabæjar en hefur ekki gert það enn. Fjárnám í Skúlason ehf. verður tekið fyrir hjá Sýslumanninum í Reykjavík þann 17. október næstkomandi.



**JÓHANNES B. SKÚLASON** Framkvæmdastjóri Skúlason ehf.

„Þetta hafa verið lærdómsríkir dagar, sérstaklega hvað viðvíkur því að halda ímynd fyrirtækisins í lagi,“ segir Jóhannes B. Skúlason, framkvæmdastjóri Skúlason ehf. Hann segist ekki raunverulega vita um hvað málið snúist.

Íslendingur var handtekinn í Englandi í gær og hefur síðan verið látinn laus. Maðurinn rekur fjármálafyrirtæki í Englandi og kannast Jóhannes við að hafa átt viðræður við manninn. „Við erum félagar og hann er að vinna þarna úti. Ég hallast að því að hann hafi dregist inn í þessa rannsókn af svipuðum ástæðum og ég,“ segir Jóhannes. **- saj**



**RAKEL SARA RÍKHARÐSDÓTTIR** Hér sést Rakel við gluggann sem hún flúði út um þegar eldur kom upp í stofunni hjá henni.

MYND/SUNNLENSKA - EGILL BJARNASON

Þunguð stúlka vaknaði við bruna í íbúð á Selfossi:

# Flúði út um glugga

**ELDSVOÐI** „Ég var bara heppin að vakna við hitann því í kjallaranum er hvorki reykskynjari né slökkvitæki,“ segir Rakel Sara Ríkharðsdóttir, tæplega sautján ára gömul stúlka á Selfossi sem forðaði sér út um lítinn kjallaraglugga eftir að kviknaði í út frá kerti í herbergi þar sem hún sofnaði út frá sjónvarpi í fyrradag. „Svo má eiginlega segja að ég hafi bjargað tveimur lífum en ekki einu með því að troða mér út um gluggann, því ég er komin fimm mánuði á leið.“

Rakel slapp ómeidd að mestu frá logunum, en sagðist þó hafa tognað í baki við að troða sér út um gluggann. Hún hljóp svo upp um fjölbýlishúsið og lét vita af eldsvoðanum, fyrst í íbúð föður síns sem er beint fyrir ofan kjallaraíbúð hennar. Slökkviliði gekk vel að ráða niðurlögum eldsins og reykræsta íbúðina og stigaganginn, en skemmdir urðu óverulegar nema í herberginu þar sem eldurinn kom upp.

„Ég lá í sófanum og var að horfa á sjónvarpið og var orðin frekar þreytt. Síðan kveikti ég á þrem stórum kertum til að hafa svolítið meira kósí og lagði frá mér dúnúlpu á stól, greinilega of nálægt einu kertinu.“ **- óká**



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Tilboði lögmanns Hannesar um tryggingu fyrir greiðslunni var hafnað hjá sýslumanni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjárnám gert í eigum Hannesar Hólmsteins:

# Eigur Hannesar eru í vörslu sýslumanns

**FJÁRNÁM** „Ég tel að Ísland sé að verða betra land, hér verði betra að starfa og lifa því að hlutirnir eru allir að breytast til hins betra,“ segir Jón Ólafsson kaupsýslumaður. Hann segist ekki vera sá maður sem geti kallað eftir fangelsisdómum yfir menn.

Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti í gær að verða við tólf milljóna króna fjárnámskröfu Jóns á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. Skuldabréf sem Hannes fékk við sölu á húsi sínu var tekið í vörslu sýslumanns.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar, mótmælti kröfunni og fór fram á að henni yrði frestað þar til málið fengi meðferð fyrir héraðsdómi. Sýslumaður synjaði þessari beiðni.

„Það er undarlegt offors sem einkennir þennan málarekstur. Boði um tryggingu var mótmælt af lögmanni Jóns og hafnað af sýslumanni,“ segir Heimir.

Ensk lögmannsstofa kannar það nú fyrir Hannes hvort mögulegt sé að taka málið upp að nýju fyrir dómstólum í Englandi. **- saj**

Íslendingur í Bretlandi:

# Ákærður fyrir nauðgun

**BRETLAND** Íslenskur maður hefur verið ákærður fyrir að nauðga fimmtán ára stúlku í Bretlandi.

Maðurinn ber, samkvæmt breska vefmiðlinum Surrey Online, því við að hafa ekki vitað að hún væri aðeins fimmtán ára og að hún hafi ekki gefið samþykki sitt fyrir kynmökunum.

Maðurinn er 35 ára, giftur og á dóttur hér heima, en stundar vinnu í Hookwood í S-Englandi.

Atvikið átti sér stað 31. maí en hann var ákærður 9. september. Hann var hnepptur í varðhald en greiddi tryggingu og hefur síðan ferðast milli landanna tveggja.

Þrjú vitni koma fyrir réttinn næst þegar málið verður tekið fyrir. ■





## SPURNING DAGSINS

*Helgi, er ekkert stuð í Orkuveitunni?*

„Jú, hér er myljandi stuð allan sólarhringinn.“

Helgi Pétursson er upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur en í fyrradag varð rafmagnslaust í höfuðborginni eftir að aðalveitustöð Orkuveitunnar sló út.

Hvellsprakk á bílnum sem við það hvolfdi og lenti á tré:

# Íslendingur lést í Danmörku

**BANASLYS** Íslendingur lét lífið á aðfaranótt miðvikudags í bílslysi við bæinn Thisted í Danmörku þar sem hann bjó. Hann hét Bjarni Þórir Þórðarson og var 39 ára gamall.

Slysið bar að með þeim hætti að hvellsprakk á bíl mannsins, sem þá missti stjórn á honum. Bíllinn valt og rann á hvolfi á tré.

Þórdís Þórðardóttir, systir Bjarna, hefur eftir lögreglu í Danmörku að talið sé að hann hafi misst meðvitund við veltuna. Hún segir vin Bjarna hafa látið fjölskylduna vita, sem síðan hafi leitað eftir upplýsingum hjá lögregluyfirvöldum ytra. Hún segir beðið með að senda út dánartilkynningu þar til búið sé að bera kennsl á lík Bjarna með formlegum hætti.

„Hann var vinmargur þarna úti og þeir hafa, líkt og gjarnan er gert, lagt bæði blóm og kerti á staðinn þar sem bíllinn fór á tréð,“ segir hún.

Bjarni var þekktur undir heitinu Bjarni móhíkani, en hann öðlaðist nokkra frægð þegar hann kom ungur fram í kvikmyndinni Rokk í Reykjavík með hljómsveitinni Sjálfsfróun.

Bjarni hefur verið búsettur í Danmörku síðastliðin fjögur ár. Hann lætur eftir sig þrjú börn, tólf ára son og ellefu ára dóttur sem búa á Eyrarbakka og sex ára gamlan son búsettan á Akureyri. - óká



**BJARNI „MÓHÍKANI“ ÞÓRÐARSON** Bjarni lést í bílslysi í Danmörku á aðfaranótt miðvikudags. Myndin var tekin árið 1983.

Rafmagnsleysi í borginni:

# Gjalddagi frestaðist

**RÍKISSKATTSTJÓRI** „Það voru margir sem höfðu samband við þjónustuverið okkar á gjalddaga og sögðu sínar farir ekki sléttar þar sem rafmagnsleysi kæmi í veg fyrir að þeir gætu borgað virðisaukaskattinn.“ Þetta segir Jón H. Steingrímsson, forstöðumaður þjónustusviðs hjá Ríkisskattstjóra, um ástandi sem skapaðist í fyrradag.

Hann segir að í framhaldinu hafi verið ákveðið að beita ekki viðurlögum ef greitt yrði degi seinna, eða í gær. Jón segir hins vegar að ef greitt sé í dag reiknist vextir frá gjalddaganum rafmagnslausa. - jse



**SLYS Á HRINGBRAUT** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hreinsaði upp olíuna á Snorrabrautarbrúnni í gær.

Hringbraut lokað:

# Strætó lak olíu

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Almenningsvagn varð fyrir því óhappi seint í gærdag að af honum lak olían. Þetta gerðist á Hringbrautinni skammt frá nýju brúnni við Snorrabraut.

Til þess að koma í veg fyrir slysahættu af völdum lekans var götunni lokað og slökkvilið kallað á vettvang til þess að hreinsa götuna. Nokkrar tafir sköpuðust í umferðinni af þessum sökum en samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var þó umferðin fljótlega komin í samt lag. - saj

# Skorinn bílstjóri fagnar áfangasigri

**Hæstiréttur kvað í gær upp þann dóm að taka bæri upp aftur í Héraðsdómi Reykjavíkur sýknudóm yfir manni sem ákærður var fyrir að skera leigubílstjóra á háls í júlí í fyrra. Bílstjórinn fagnar áfangasigri í málinu.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað aftur til héraðsdóms máli leigubílstjóra sem varð fyrir því í fyrrasumar að maður teygði sig inn um gluggann hjá honum og skar hann á háls með hnífi.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í lok nóvember í fyrra manninn sem grunaður var um verknaðinn.

Helgi I. Jónsson dómstjóri skilaði hins vegar sératkvæði, þar sem hann taldi að sakfella bæri manninn og dæma í fimm ára fangelsi, auk þess sem hann ætti að greiða rúma milljón króna í bætur. Hinir dómararnir í héraði voru Guðjón St. Marteinsson og Arnar Þór Jónsson.

„Ég er mjög ánægður með að þetta fari aftur í hérað og gott hjá Hæstarétti að taka aðeins á þessu,“ segir Ásgeir Elíasson, leigubílstjórinn sem fyrir árásinni varð. „Mér létti rosalega við þetta og er mjög ánægður með daginn. Eiginlega átti ég alls ekki von á þessari niðurstöðu réttarins.“ Hann segir trú sína á réttarkerfið endurvakta við þessa ákvörðun Hæstaréttar, en sjálfur segist hann enn að reyna að fóta sig eftir árásina og lifa með því að hafa lent í jafnskelfilegum hlut. „Réttlætið er í Hæstarétti,“ segir hann.

Hæstiréttur féllst ekki á þá niðurstöðu meirihluta Héraðsdóms Reykjavíkur að þættir í rannsókn lögreglu gæfu tilefni til að álykta að hún hefði verið haldin annmörkum, en vopnið sem notað var við árásina fannst ekki.

Héraðsdómur taldi annmarka að ekki hefði verið leitað í húsi í nágrenninu, en á það féllst Hæstiréttur ekki, né heldur að leita hefði þurft betur að blóði á fatnaði manna sem voru með þeim sem grunaður var um árásina.

Þegar ráðist var á bílstjórann var hann að ljúka ferð með fjóra menn, en sá sem skar var einn farþeganna.

Í Hæstarétti dæmdu málið Markús Sigurbjörnsson, Gunnlaugur Claessen, Hrafn Bragason, Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Steinar Gunnlaugsson, en dómur var upp kveðinn í gær. - óká



**LEIGUBÍLAR Í REYKJAVÍK** Hæstiréttur taldi annmarka hafa verið á rannsókn lögreglu. Ráðist var á leigubílstjórann í lok ferðar og rannsaka hefði þurft vettvanginn betur.



**AKRANES** Svo gæti farið að líf margra raskaðist verulega á næstu vikum.

Starfsmannafélag Akraness:

# Verkfall í aðsigi

**KJARAMÁL** Útlit er fyrir að verkfall hefjist hjá Starfsmannafélagi Akraness á föstudaginn kemur. Það mun verða afar víðtækt ef til kemur þar sem um er að ræða starfsmenn á þremur leikskólum, tveimur grunnskólum, tveimur íþróttamiðstöðvum og sundlaugum og svo á bæjarskrifstofunni og dvalarheimilinu Höfða.

Félagsmenn í starfsmannafélaginu felldu með miklum mun kjarasamninginn sem stjórnarmenn félagsins höfðu gert við launanefnd sveitarfélaganna.

Valdimar Þorvaldsson, formaður félagsins, segir að nú sé fundað með trúnaðarmönnum, svo verði sest niður hjá ríkissáttasemjara. - jse

Eldur á Sjálandi:

# Átta ára piltur brann inni

**DANMÖRK** Eldur kom upp í raðhúsi í Skævinge, nærri Hillerød á Sjálandi, og beið átta ára gamall drengur bana í eldsvoðanum.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá logandi kerti sem gleymst hafði í stofunni. Pilturinn svaf á efri hæð hússins en móðir hans á jarðhæðinni og sökum eldhafsins gat hún ekki bjargað syni sínum. Henni tókst hins vegar að forða sér sjálfri út úr húsinu.

Þegar slökkvilið kom á vettvang var húsið brunnið og drengurinn látinn. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

Rekstur slippstöðvar á Akureyri:

# Nýtt félag í burðarliðnum

**AKUREYRI** Nýtt félag um rekstur slippstöðvar á Akureyri er í burðarliðnum en engin starfsemi hefur verið á starfssvæði Slippstöðvarinnar eftir að félagið var úrskurðað gjaldþrota síðastliðinn mánudag.

Kaupfélag Eyfirðinga, Sandblástur og málmhúðun á Akureyri og fjárfestingarfélagið Sjöfn standa að stofnun hins nýja félags. Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, segir að unnið hafið verið að stofnun félagsins í allan gærdag og átti hann von á að fundarhöld myndu standa langt fram á nótt. „Ef menn ná á annað borð saman mun starfsemi hefjast strax að loknum undirskriftum en við eigum enn eftir að ganga frá nokkrum lausum endum,“ sagði Halldór í gærkvöld.

Akureyrarbær mun ekki koma með beinum hætti að rekstri hins nýja félags en Hafnarsamlag Norðurlands, sem að stærstum hluta er í eigu Akureyrarbæjar, mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leigja félaginu upptökumannvirkin sem Slippstöðin hafði til afnota. ■



**HALLDÓR JÓHANNSSON** Framkvæmdastjóri KEA segir að starfsemi á athafnarsvæði Slippstöðvarinnar á Akureyri geti hafist mjög fljótlega eftir að gengið hefur verið frá stofnun nýs félags og allir lausir endar hnýttir.




**2.570**

**Innimálning, Jotun, 10 ltr.**
Beinhvítt
7119867

JOTUN

# Ótrúlegt verð

**695**
~~1.145~~



**Málningarrúlla**
**25 sm**
7010001




**Hornamálari**
7014651
**595**



**Rúllusett og bakki**
**25 sm**
7010210
Verð áður 1.195
**795**

**1.445**




**Veggmálning, 3 ltr.**
**Strax**, gljástig 5
7121230

**Strax**, 1 ltr. gljástig 5
7121210
**795**

# Sérfræðingar
# í málningu

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 06.10.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,28 | 61,58 |
| Sterlingspund | GBP | 108,41 | 108,93 |
| Evra | EUR | 73,84 | 74,26 |
| Dönsk króna | DKK | 9,897 | 9,955 |
| Norsk króna | NOK | 9,38 | 9,436 |
| Sænsk króna | SEK | 7,925 | 7,971 |
| Japanskt jen | JPY | 0,538 | 0,5412 |
| SDR | XDR | 88,75 | 89,27 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**103,7792**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úrgangsefni álendurvinnslu losuð á útivistarsvæði:

# Kraumandi tjörn í Fitjum

**UMHVERFISMÁL** „Þeir mega ekki losa þessi efni hvar sem er,“ segir Egill Einarsson, fagstjóri hjá framkvæmda- og eftirlitssviði Umhverfisstofnunar.

Egill segir að Alur álvinnsla hf. hafi leyfi til þess að losa svokallað álhrat í sjó á einum tilteknum stað hjá Garði. „Þetta er til bráðabirgða og það stendur til að finna hentugri lausn til frambúðar,“ segir Egill.

Egill segir að ekki sé um spilliefni að ræða, heldur eyðist efnin í vatni. Hins vegar séu álvinnslunni settar skorður um hvar megi losa það og því þurfi að kanna málið nánar.

Tíundu bekkingar í Njarðvíkurskóla gengu fram á losunarstað í Fitjum við Njarðvík og vaktu undrun þeirra tjörn sem kraumaði í.

Starfsemi Als álvinnslu er fólgin í því að endurvinna álgjall sem fellur til í álverunum í Straumsvík og á Grundartanga. Álhrat eða áloxíð er úrgangsefni frá vinnslunni.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki náðst í forsvarsmenn Als álvinnslu vegna málsins. - saj



**LOSUN ÁLÚRGANGS** Nemendur í Njarðvíkurskóla gengu fram á þennan losunarstað á útivistarsvæðinu Fitjum í Njarðvík.

Akureyri í öndvegi:

## Ósammála um úthlutun lóðar

**AKUREYRI** Akureyringar hafa gert alvarlegar athugasemdir við ákvörðun umhverfisráðs Akureyrarbæjar um að úthluta Samskipum lóð til frambúðar á Oddeyrartanga áður en lokið er við rammaskipulag miðbæjarins.

Þegar umhverfisráð Akureyrarbæjar úthlutaði Samskipum lóð innan skipulagssvæðis miðbæjarins, mótmælti fólk sem kemur að verkefninu Akureyri í öndvegi.

Bæjaryfirvöld hafa svarað að ákvörðuninni verði ekki breytt því lóðin er á útjaðri umrædds svæðis. ■



**EKKERT LÁT Á ÓDÆÐUNUM** Sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi vítisvél sína í smárútu í Bagdad í gær og biðu níu manns bana með honum í tilræðinu.

Tony Blair ásakar Hizbollah:

## Telur Írana bera ábyrgð

**LONDON, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, telur að Íransstjórn eða Hizbollah-hreyfingin styðji við bakið á íröskum uppreisnarmönnum.

Ummæli Blairs í gær koma í kjölfar ásakana bresks embættismanns sem í fyrradag hélt því fram að íranski byltingarherinn léti uppreisnarmönnum sprengiefni í té sem síðan væru notuð gegn breskum hermönnum í Írak.

Forsætisráðherrann vildi hins vegar ekki taka svo sterkt til orða sjálfur heldur tók hann svo til orða að vísbendingar væru um tengsl stjórnarinnar í Teheran eða Hizbollah við íraska uppreisnarmenn. Engu að síður var Blair harðorður í garð Írana og sagði að Bretar létu ekki fæla sig frá að taka kjarnorkuáætlun þeirra föstum tökum. - shg

## ALÞÝÐUSAMBANDIÐ

**Vonsviknir yfir fjárlögunum**

Miðstjórn ASÍ hefur lýst yfir vonbrigðum með efnahags-, atvinnu- og félagsmálastefnu fjárlagafrumvarps ríkisstjórarinnar. Sjórn ASÍ segir í ályktun að á grundvelli eigin fjárlagafrumvarps spái fjármálaráðuneytið um fjögurra prósenta verðbólgu næstu árin, miklu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum, áframhaldandi háum vöxtum og sterku gengi, þó fjölmargir aðilar hafi bent á nauðsyn ábyrgrar efnahagsstefnu og meiri festu í ríkisfjármálum.



**BÖRN** Mannanöfn sem lítil hefð er fyrir hér á landi geta orðið að deiluefni líkt og gerðist með Eleonorunafnið sem varð til þess að nefndarmenn sögðu upp í mannanafnanefnd. Eleonora tengist ekki þessari mynd.

# Sögðu af sér vegna nafnsins Eleonora

**Dómsmálaráðuneytið skilaði kvörtun umsækjanda til nefndarinnar og hvatti hana til að skoða málið betur. Nefndin samþykkti þá umsókn sem hún hafði synjað þrisvar og svo óskuðu nefndarmenn þess að verða leystir frá störfum.**

**DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Aðalmenn í Mannanafnanefnd sem starfar undir dómsmálaráðuneytinu var leyst frá störfum 21. september síðastliðinn en nefndarmenn höfðu farið fram á það tveimur dögum áður.

Ástæðuna má rekja til deilna sem kom til vegna meðferðar nefndarinnar á nafninu Eleonora. Nefndin hafði þrívegis synjað umsókn um að fá það nafn heimilað og barst þá dómsmálaráðuneytinu bréf frá umsækjendum þar sem niðurstaða nefndarinnar er sögð ámælisverð.

„Þar sem ekki er unnt að kæra niðurstöður nefndarinnar sá ráðuneytið sig knúið til að koma þessum skilaboðum til nefndarinnar og biðja hana um að kíkja betur á málið en nefndarmenn tóku það svona óstinnt upp,“ segir Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Í uppsagnarbréfi nefndarmanna segir að þeir telji það óskiljanlegt að ráðuneytið telji það ámælisvert að nefndin starfi í samræmi við hlutlæg viðmið sem eigi sér stoð í viðurkenndum lögskýringargögnum. Í lausnarbréfi frá dómsmálaráðuneytinu segir hins vegar að ráðuneytið telji niðurstöðuna ekki ámælisverða heldur hafi legið fyrir að koma aðfinnslu umsækjanda til skila til nefndarmanna. Hins vegar telji ráðuneytið að nefndarmenn hafi ekki gefið meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nægan gaum við afgreiðsluna. Þar er vitnað til þess að efasemdir voru uppi um stafsetningu á nafninu Eleonora og hvort heimila ætti það með o-i þar sem ó væri nær íslenskum hefðum. Að sögn Stefáns var það mat manna í dómsmálaráðuneytinu að hugleiða bæri hvort umsækjendur ættu ekki að njóta vafans væri mið tekið af meðalhófsreglu.

Í framhaldi af þessum viðbrögðum ráðuneytisins tóku nefndarmenn við umsókninni aftur og samþykktu hana en óskuðu þess því næst að vera leystir umsvifalaust frá störfum.

Að sögn Stefáns hefur verið farið fram á það að varamenn verði tilnefndir af fyrri nefndarmönnum til að taka við störfunum.

Þrír sitja í mannanafnanefnd og hafði Fréttablaðið samband við tvo af fyrrum nefndarmönnum en þeir vildu ekkert tjá sig um málið. jse@frettabladid.is

Tillögur að vörnum:

## Ríkisstjórnin verst flensunni

**STJÓRNMÁL** Tillögur um varnir gegn fuglaflensu hér á landi verða lagðar fyrir ríkisstjórnarfund á næstu dögum. Í þeim eru lagðar línur um að spítalarnir, almannavarnir og sóttvarnarlæknir undirbúi og skipuleggi varnir ef heimsfaraldur yrði.

Í tillögunum er lögð á það áhersla að þar til bærar stofnanir hefji undirbúning til varnar íslenska ríkinu.

Þar er einnig vikið að kaupum á lyfjum gegn flensufaraldri og framleiðslu þeirra í samvinnu við Norðurlöndin. - jss



**FUGLAFLENSA** Gripið var til mikils niðurskurðar á Alífuglum í Rússlandi þegar flensan blossaði upp þar.

Fuglaflensufaraldurinn:

## Segir hættu á heimsfaraldri

**BANDARÍKIN, AP** Aðstoðarheilbrigðisráðherra Bandaríkjanna sagði í gær að hætta sé á að frekari útbreiðsla fuglaflensu geti orsakað heimsfaraldur farsóttarinnar.

Ráðherrann, Mike Leavitt, sagði að þar til bær yfirvöld í Bandaríkjunum og öðrum ríkjum heims væru að leita leiða til að vernda fólk fyrir veirunni, en hugsanlega yrði ekki nægilega mikið bóluefni tiltækt.

Nýlega birtu bandarískir vísindamenn niðurstöður rannsókna sem staðfesta að Spænska veikin, sem dró um fimmtíu milljónir manna til dauða árið 1918, hefði verið stökkbreytt fuglaflensa. ■




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STÍFUR NORÐAUSTAN STRENGUR**

Þó allt sé þetta á skaplegu nótunum í dag er að sjá nokkuð ákveðnar breytingar á morgun. En þá snýr hann sér smá saman í norðaustlæga átt og það talsvert sítfa á Vestfjörðum, jafnvel hvassviðri. Þessi strengur teygir sig eitthvað austur með norðurströndinni og suður með vesturlandinu. Stíf norðaustan átt er aldrei góð á sunnanverðu Snæfellsnesi og ber ferðalöngum að hafa það í huga.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**

Suðaustlæg átt, lengst af nokkur vindur. Hætt við smáskúrum. Hiti 4-8 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst eða hvasst norðvestan til og á Snæfellsnesi, annars heldur hægari.

*» sunnudagur*




Hvöss norðaustan átt norðvestan til, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C heiðskírt | París | 22°C léttskýjað | Alicante | 24°C léttskýjað |
| Osló | 13°C léttskýjað | Berlín | 21°C léttskýjað | Mílano | 20°C rigning |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Frankfurt | 20°C léttskýjað | New York | 23°C rigning |
| Helsinki | 14°C léttskýjað | Madrid | 23°C léttskýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 20°C léttskýjað | Barcelona | 21°C léttskýjað | Orlando/Florída | 31°C þrumuveður |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Hafðu það gott um helgina



Kjöt & fisktorgið

Úr kjötborði
**lambahryggur**

TILBOÐ
898 kr/kg
Verð áður 1.298,-

TILBOÐ
2.499 kr/kg
Verð áður 2.998,-

Úr kjötborði
**lambafille** m/fitu

**Alfreð Ómar Alfreðsson**
Matreiðslumeistari
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



Holta-kjúklingur

35% afsláttur við kassa

Gildir aðeins föstudag

TILBOÐ
389 kr/kg
Merkt verð 598,-

Heill ferskur
**kjúklingur**





20% afsláttur við kassa

Eldaður
**kjúklingur**

## LAMBAHRYGGUR AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. lambahryggur
Oriental kryddblanda í kvörn
Maldon salt

Skerið rendur í fitulagið á hryggnum, eftir endilöngu og svo þvert yfir. Kryddið vel með oriental kryddblöndu og maldon salti. Setjið hrygginn inn í 200°C heitan ofn og steikið í 15 mín. Lækkið hitann niður í 160°C og eldið áfram í um klukkustund.

Jói FEL

**Hefur þú prófað mest seldu salötin í Hagkaupum?**





**Daloon** kína- og vorrúllur
- fljótlegt, beint á pönnuna

2 fyrir 1



**Myllu** fjölkorna brauð
- gott tilboð

Kaupir 2 pakka af Special K og færð tösku í kaupbæti





**Kellogg´s** Special K

Gildir til 9. október eða á meðan birgðir endast.
Nema annað sé tekið fram.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Eiga öryrkjar á vinnumarkaði að fá bensínstyrk sem fyrr?*

| | |
|---|---|
| Já | 71% |
| Nei | 29% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að rannsaka einkavæðingu ríkisbankanna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Baráttan gegn vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Akureyri:

# Fíkniefnahundur í skólann

**LÖGREGLA** Skólayfirvöld Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) hafa tekið höndum saman við lögregluna á Akureyri í því augnamiði að stemma stigu við notkun og sölu fíkniefna á lóð og í húsnæði skólans. Fíkniefnahundur, í fylgd lögreglumanna, verður notaður til að þefa uppi vímuefni og geta nemendur vænst fíkniefnaleitar jafnt í kennslustundum sem matarhléum.

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA, segir nemendur skólans á þrettánda hundrað og húsnæðið eftir því stórt og víðáttumikið. „Við höfum því fá úrræði til að fylgjast með hvort fíkniefni séu höfð um hönd í húsakynnum skólans. Ég hef kynnt þessa hugmynd fyrir nemendunum og eru flestir þeirra sáttir við hana,“ segir Hjalti.

Aðgerðirnar er einkum beint gegn einstaklingum sem ekki stunda nám við VMA en koma gagngert í skólann til að selja vímuefni. „Þetta eru skýr skilaboð til sölumanna dauðans um að við munum ekki líða notkun né sölu fíkniefna á lóð eða í húsakynnum Verkmenntaskólans,“ segir Hjalti Jón Sveinsson.

**- kk**



**AÐ SNÆÐINGI Í MATSAL** Nemendur VMA geta vænst heimsóknar fíkniefnahunds í fylgd lögreglumanna þegar síst er von.

## REYÐARFJÖRÐUR

**Dýpsta höfn landsins** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vígir dýpstu höfn landsmanna í dag. Höfnin er 14,5 metra djúp og 380 metra breið og stendur við nýja álverið á Reyðarfirði. Nokkur stór skip hafa þegar lagst þar að. Í tvígang hefur skip siglt á bryggjuna og í bæði skiptin skemmdist hún nokkuð.

## AUSTURRÍKI

**Saurgaði grafreitinn** Austurrískur ellilífeyrisþegi var í gær dæmdur fyrir ítrekaða vanhelgun á grafreit í borginni Graz. Grafreiturinn tilheyrði fjölskyldu fjármálaráðgjafa sem lífeyrisþeginn kenndi um að hafa sólundað ævisparnaði. Því brá hann á það ráð að sprauta málningu yfir grafirnar í 50-60 skipti, eftir því sem dómurinn komst næst.




Gullsmiður óskast

Umsókn sendist á timo@siggaogtimo.Is

Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS




**FLOKKSBRÆÐUR Á ÖNDVERÐUM MEIÐI** Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain og George W. Bush eru ósammála um hvort setja skuli skýrar reglur um hvernig meðhöndla eigi fanga í vörslu stjórnarinnar. MYND/AFP

# Hvíta húsið hótar að stöðva lögin

**Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að herða bæri reglur um meðferð fanga í haldi stjórnarinnar. Hvíta húsið telur að slíkar reglur setji yfirvöldum skorður í baráttu gegn hryðjuverkum.**

**BANDARÍKIN** Öldungadeild Bandaríkjaþings hefur samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að herða reglur um meðferð fanga sem stjórnin hefur í varðhaldi. Talsmaður Hvíta hússins segir að forsetinn muni beita neitunarvaldi til að stöðva frumvarpið.

Repúblikanar og demókratar í öldungadeildinni tóku höndum saman í fyrradag og samþykktu lagafrumvarp um meðferð fanga í haldi stjórnarinnar með níutíu atkvæðum gegn níu. Á meðal þeirra sem greiddu atkvæði með frumvarpinu voru Colin Powell og John M. Shalikashvili, fyrrverandi forsetar herforingjaráðsins.

Samkvæmt lögunum verður fortakslaust bann lagt við „grimmilegri, ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu á föngum í haldi Bandaríkjastjórnar“. Miklar deilur hafa staðið yfir undanfarin misseri um þessi mál í Bandaríkjunum og víðar, ekki síst eftir að upp komst um misþyrmingar á föngum í fangelsum Bandaríkjahers í Írak og á Kúbu.

John McCain, öldungardeildarþingmaður Repúblikanaflokksins frá Arizona og fyrsti flutningsmaður frumvarpsins, sagði í lokaræðu sinni í umræðum um frumvarpið brýnt að skýrar reglur giltu um meðferð fanga. „Óskýrar reglur leiða af sér misnotkun á vettvangi.“ McCain, sem sjálfur var stríðsfangi í Víetnam, bætti því við að hann og félagar hans hefðu þurft að sæta margs konar misþyrmingum á sínum tíma en tilhugsunin um að þeir væru þegnar lands sem ekki beitti misþyrmingum hefði veitt þeim styrk.

Scott McClellan, talsmaður Hvíta hússins, sagði á blaðamannafundi í kjölfar samþykktarinnar, að lögin byndu hendur forsetans á stríðstímum og að „með því yrði mælt að hann hafnaði staðfestingu þeirra.“ Um leið yrðu tillögur um framlög til hersins, alls 26 þúsund milljarðar króna, stöðvaðar þar sem þær eru hluti af sama frumvarpi.

Undanfarnar vikur hafa ráðherrar í ríkisstjórninni, til dæmis Dick Cheney varaforseti, reynt að beita þingmenn þrýstingi svo að þeir samþykki ekki lögin. Sú vinna virðist nú unnin fyrir gýg.

**sveinng@frettabladid.is**





Íbúðalánasjóður lokar kl. 12 í dag, föstudag

**Íbúðalánasjóður** lokar á hádegi í dag vegna árlegs starfsdags hjá starfsfólki Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800

FABRIKAN


Alþjóðleg könnun meðal verslunareigenda í 25 löndum Evrópu:

# Íslendingar stela mest í búðum

**VERSLUN** Alþjóðleg könnun meðal evrópskra smásöluverslunareigenda sýnir að íslenskt verslunarstarfsfólk stelur meiru frá atvinnuveitendum sínum en starfsfólk annarra landa Vestur- og Mið-Evrópu. Íslenskir eigendur telja að starfsfólk sitt valdi um 40 prósentum af rýrnun sem verður vegna þjófnaðar.

„Við komum nokkuð vel út þegar litið er til heildarrýrnunar en þegar skipt er í þessa þrjá hópa, þjófnað starfsfólks, viðskiptavina og starfsfólks heildsölu, þá erum við efstir þessara 25 þjóða,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

Af þeim 25 löndum sem tóku þátt í könnuninni er Bretland í öðru sæti á listanum yfir þennan vafasama heiður og síðan koma Pólland og Slóvakía. Þetta er fimmta árið í röð sem breska fyrirtækið Centre for Retail Research gefur út skýrslu sem þessa, en í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt. Sigurður segist ekki vita hversu margir verslunareigendur tóku þátt í könnuninni.

Samkvæmt skýrslunni, er algengast að fólk steli rúmfötum, geisladiskum, vítamínum, filmum, fatnaði, sólgleraugum, snyrtivörum og fleiru. Samtök verslunar og þjónustu munu halda opinn morgunverðarfund um skýrsluna á Hótel Grand næstkomandi þriðjudag.

**- smk**



**STULDUR** Íslenskir smásöluverslunareigendur telja starfsfólk sitt þjófóttara en annars staðar í Evrópu.

Kosningar um sameiningu sveitarfélaga

# Taktu þátt – þitt er valið




Á morgun, laugardaginn 8. október, verður kosið um sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga:

**Snæfellsnes**
Grundarfjarðarbær
Helgafellssveit
Stykkishólmsbær
Eyja- og Miklaholtshreppur
Snæfellsbær

**Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla**
Saurbæjarhreppur
Dalabyggð
Reykhólahreppur

**Vestur-Barðastrandarsýsla**
Tálknafjarðarhreppur
Vesturbyggð

**Strandasýsla**
Árneshreppur
Kaldrananeshreppur
Broddaneshreppur
Hólmavíkurhreppur

**Strandasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla**
Bæjarhreppur
Húnaþing vestra

**Austur-Húnavatnssýsla**
Áshreppur
Blönduósbær
Höfðahreppur
Skagabyggð

**Skagafjörður**
Akrahreppur
Sveitarfélagið Skagafjörður

**Eyjafjörður, Ólafsfjörður og Siglufjörður**
Siglufjarðarkaupstaður
Akureyrarkaupstaður
Ólafsfjarðarbær
Dalvíkurbyggð
Arnarneshreppur
Eyjafjarðarsveit
Hörgárbyggð
Svalbarðsstrandarhreppur
Grýtubakkahreppur

**Suður-Þingeyjarsýsla**
Aðaldælahreppur
Tjörneshreppur
Kelduneshreppur
Skútustaðahreppur
Húsavíkurbær
Öxarfjarðarhreppur
Raufarhafnarhreppur

**Norður-Þingeyjarsýsla**
Svalbarðshreppur
Þórshafnarhreppur

**Norður-Múlasýsla**
Skeggjastaðahreppur
Vopnafjarðarhreppur

**Austfirðir**
Fjarðabyggð
Mjóafjarðarhreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Austurbyggð

**Árnessýsla – Ölfus og Flói**
Sveitarfélagið Árborg
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Ölfus
Gaulverjabæjarhreppur
Hraungerðishreppur
Villingaholtshreppur

**Árnessýsla – uppsveitir**
Bláskógabyggð
Hrunamannahreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur

**Suðurnes**
Reykjanesbær
Sandgerðisbær
Garður

**Reykjanes**
Hafnarfjarðarkaupstaður
Vatnsleysustrandarhreppur

## Hvar átt þú að kjósa?

Kosið verður á eftirtöldum stöðum:

**Snæfellsnes**
Samkomuhúsið Grundarfirði
Félagsheimilið Skjöldur, Helgafellssveit
Grunnskólinn Stykkishólmi
Félagsheimilið Breiðablik
Grunnskólinn Ólafsvík
Grunnskólinn Lýsuhóli
Grunnskólinn Hellissandi

**Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla**
Tjarnarlundur
Stjórnsýsluhúsið Búðardal
Félagsheimilið Staðarfelli
Hótel Bjarkalundur

**Vestur-Barðastrandarsýsla**
Grunnskóli Tálknafjarðar
Grunnskóli Vesturbyggðar, Patreksfirði
Félagsheimilið Baldurshagi, Bíldudal
Birkimelsskóli, Barðaströnd

**Strandasýsla**
Félagsheimilið Árneshreppi
Grunnskólinn á Drangsnesi
Grunnskólinn Broddanesi
Grunnskólinn á Hólmavík

**Strandasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla**
Grunnskólinn á Borðeyri
Félagsheimilið Hvammstanga

**Austur-Húnavatnssýsla**
Fellsbúð, Áshreppi
Grunnskólinn Blönduósi
Fellsborg, Höfðahreppi
Skagabúð, Skagabyggð

**Skagafjörður**
Félagsheimilið Héðinsminni, Akrahreppi
Bóknámshús FNV, Sauðárkróki
Félagsheimilið Árgarður, Lýtingsstaðahreppi
Grunnskólinn að Hólum í Hjaltadal
Grunnskólinn á Hofsósi
Grunnskólinn á Sólgörðum, Fljótahreppi
Félagsheimilið Miðgarður, Staðar- og Seyluhreppi
Félagsheimilið Skagasel, Skefilsstaðahreppi

**Eyjafjörður, Ólafsfjörður og Siglufjörður**
Grunnskólinn við Hlíðarveg
Oddeyrarskóli, Akureyri
Grunnskólinn í Hrísey
Gagnfræðaskólinn Ólafsfirði
Dalvíkurskóli
Kaffi Lísa, Hjalteyri
Hrafnagilsskóli, Eyjafjarðarsveit
Hlíðarbær, Hörgárbyggð
Valsárskóli, Svalbarðsstrandarhreppi
Grenivíkurskóli

**Suður- og Norður-Þingeyjarsýsla**
Félagsheimilið Ýdalir, Aðaldal
Félagsheimilið Sólvangur, Tjörnesi
Félagsheimilið Skúlagarður, Kelduhverfi
Félagsheimilið Skjólbrekka, Mývatnssveit
Borgarholtsskóli, Húsavík
Íþróttahúsið á Kópaskeri
Félagsheimilið Hnitbjargir, Raufarhöfn

**Norður-Þingeyjarsýsla**
Svalbarðsskóli
Grunnskólinn á Þórshöfn

**Norður-Múlasýsla**
Félagsheimilið Mikligarður, Vopnafirði
Grunnskólinn Bakkafirði

**Austfirðir**
Grunnskólinn Eskifirði
Nesskóli, Neskaupstað
Bæjarskrifstofurnar í Molanum á Reyðarfirði
Grunnskóli Mjóafjarðar
Tunguholt, Fáskrúðsfjarðarhreppi
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
Grunnskóli Stöðvarfjarðar

**Árnessýsla – Ölfus og Flói**
Vallaskóli, Selfossi
Grunnskólinn á Stokkseyri
Félagsheimilið Staður á Eyrarbakka
Grunnskólinn í Hveragerði
Versalir, Ráðhúsi Ölfuss
Félagsheimilið Félagslundur, Gaulverjabæjarhreppi
Félagsheimilið Þingborg, Hraungerðishreppi
Félagsheimilið Þjórsárver, Villingaholtshreppi

**Árnessýsla – uppsveitir**
Félagsheimilið Aratunga í Reykholti
Skrifstofa Skipulags- og byggingarfulltrúa á Laugarvatni
Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum
Félagsheimilið Borg í Grímsnesi
Félagsheimilið Brautarholt, Skeiðum

**Suðurnes**
Heiðaskóli í Keflavík
Njarðvíkurskóli
Grunnskóli Sandgerðis
Gerðaskóli

**Reykjanes**
Íþróttahúsið Strandgötu
Stóru-Vogaskóli

Upplýsingar um opnunartíma kjörstaða veitir viðkomandi sveitarstjórn.

**Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsmálaráðuneytisins, www.felagsmalaraduneyti.is**

**Verkefnisstjórn um eflingu sveitarstjórnarstigsins**

# Palmolive
LÍNAN EINS OG HÚN LEGGUR SIG!
Handsápa, sturtusápa, sjampó, rakvörur fyrir herra og húðsnyrtivörur fyrir dömur.



# Patak's
VÖRUR
Ilmandi indverskar sælkeravörur.



# Krydd
Á DÚNDURVERÐI
Til dæmis kíló af kartöflukryddi á 799 kr.



| | |
|---|---|
| Oerlem broccoli (2,5 kg) | 15% afsláttur |
| Ýsuflök | 15% afsláttur |
| Cheerios twin pack | 429,- |
| Tilda Riz Basmati (5 kg) | 1149,- |

Gripið & greitt
ALLTAF NÓG AF ÖLLU
Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16


Þreifingar um stjórnarmyndun í Þýskalandi:

# Stóra samsteypa færist nær

**ÞÝSKALAND, AP** Forystumenn tveggja stærstu stjórnmálaflokka Þýskalands færðust nær því í gær að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Gerhard Schröder, fráfarandi kanslari úr jafnaðarmannaflokknum SPD, og Angela Merkel, formaður kristilegra demókrata, hittust í gærkvöld á sérstökum fundi til að útkljá hvort þeirra myndi fara fyrir samsteypustjórn flokkanna.



**SCHRÖDER OG MERKEL** Útkljá „kanslaraspurninguna". MYND/AP

Reyndar tók Merkel fram í gær að hún ætti ekki von á að „kanslaraspurningin" yrði útkljáð fyrr en í fyrsta lagi á sunnudag, en á mánudag munu fulltrúar flokkanna halda áfram viðræðum um að leysa stjórnarkreppuna sem landið hefur verið í síðan þingkosningunum í september lyktaði þannig að hvorugur stóru flokkanna fékk meirihluta með óskasamstarfsflokkum sínum.

Hvorki Schröder né Merkel hefur opinberlega gefið eftir tilkallið til kanslarastólsins en sáttatónn var í þeim er þau komu af þriðja þreifingaviðræðufundinum í Berlín á miðvikudag. Schröder sagði við það tækifæri að viðræðurnar hefðu sýnt að það væri grundvöllur fyrir „stóru samsteypu", eins og stjórnarsamstarf stóru flokkanna er jafnan kallað. Fyrir slíku samstarfi er eitt fordæmi í sögu þýska Sambandslýðveldisins, á árunum 1967-1969. - aa

# Tvö fæðingarmál fyrir jafnréttisráði

**Tvær erlendar konur hafa þurft að greiða fyrir fæðingarhjálp hér á landi. Lögfræðingur jafnréttisráðs telur brotið á konunum þrátt fyrir að reglur kveði á um annað, því ekki sé hægt að tryggja sér hjálp á meðgöngu.**

**TRYGGINGAMÁL** Tvö mál vegna sjúkratryggingakostnaðar eru nú fyrir jafnréttisráði, að sögn Silju Báru Önundardóttur, lögfræðings ráðsins. Þau varða tvær erlendar konur sem eru nýlega komnar til landsins. Þær hafa þurft að inna af hendi greiðslur vegna kostnaðar við meðgöngu og fæðingarhjálp, en viðkomandi tryggingafélög hafa neitað að borga kostnaðinn.

Fréttablaðið greindi frá máli Gemmu Ásgeirsson á Akureyri, sem giftist hingað frá Filippseyjum. Hún ól barn áður en hún hafði dvalið hér sex mánuði frá komudegi. Þar með var hún ekki komin inn í almannatryggingakerfið, en var með sjúkrakostnaðartryggingu. Sú trygging nær hins vegar ekki til meðgöngu og fæðingarhjálpar svo hjónin urðu að greiða tæpar 226 þúsund krónur í kostnað vegna þess.

Það mál var sent til Jafnréttisráðs. Að sögn Silju Báru Önundardóttur, lögfræðings hjá ráðinu, hafa því borist fjögur erindi af þessum toga á þeim tveimur árum sem hún hefur starfað þar.

„Við reynum að leiðbeina fólki með hvert það getur snúið sér, en afgreiðum ekki kærur eða þess háttar," segir hún. „Við viljum gjarnan sjá þessi mál fara fyrir kærunefnd jafnréttismála og erum að vonast til að svo verði. Margir láta svona nokkuð yfir sig ganga af því að það stendur óumdeilanlega í tryggingasamningnum. Við teljum þetta vera brot, þó svo að þetta sé í samningnum. Þar eru líka undanskilin slys vegna iðkunaráhættu íþrótta, og við því er hægt að kaupa sérstaka tryggingu. En það er ekki boðið upp á kaup á sérstakri tryggingu vegna kostnaðar við meðgöngu og fæðingarhjálp."

Silja nefnir dæmi sem Jafnréttisráði hafi borist. Þá var um að ræða barnshafandi konu sem þurfti að fara inn á spítala vegna kviðverkja. Hún var spurð hvort þau hjónin væru með tryggingu og kvað hún svo vera. Þá kvað félagsráðgjafi upp úr með það að tryggingin næði ekki yfir meðgöngutengd atvik. Síðan kom í ljós að verkirnir voru ekki meðgöngutengdir þannig að tryggingafélagið greiddi kostnaðinn.



**FORELDRAR OG BARN** Gemma og Magnús Ásgeirsson með litla barnið.

Silja segir að Jafnréttisráð telji að þarna sé um að ræða kynjamismunun. Tryggingaskilmálarnir hafi engin áhrif á karla, því þeir geti eignast börn á því sex mánaða tímabili sem þeir eru að bíða eftir að komast inn í almannatryggingakerfið. Það geti konur hins vegar ekki.
jss@frettabladid.is


BIBLÍAN Í GLÆSILEGUM BÚNINGI
TAKMARKAÐ UPPLAG




Bók bókanna er komin
í glæsilegri nýrri umgjörð.
Hún er bundin í afar vandað
efni með grárri klæðningu
á spjöldum og svörtum kili
og kross þrykktur á spjaldið.
Snið bókarinnar er fallega
gyllt og hvítur borði
saumaður í bandið.

Einungis verða unnin eitt þúsund
eintök í þessum búningi.

**Verð aðeins: kr. 8.980**



JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


SHISEIDO
Bio-Performance
Bio-Performance
Super Restoring Cream
www.shiseido.com/bop/
NÝTT
Nú hefst enduruppbygging húðarinnar fyrir alvöru.
Með contour-recalling Bio-Restoring Complex* sem kallar fram fyrri styrk og sveigjanleika húðarinnar fyllir þetta mjúka krem húðina raka og styrkir hana svo að greinileg uppbygging verður sjáanleg.
Niðurstöður prófana sýna að útlit húðarinnar batnar:
Eftir einnar viku notkun sögðu 76% að fíngerðar línur hefðu minnkað.**
Eftir einn mánuð sögðu 87% að hrukkur hefðu minnkað. Stinnari húð: 95%. Sléttari húð: 98%.***
* Blanda af efnum sem sléttir yfirborð húðarinnar og lyftir henni innanfrá. **Prófað af 204 konum. ***Prófað af 199 konum.
LÍFTÆKNI GEGN ÖLDRUN HÚÐARINNAR
Vikuna 6. - 12. október
KAUPAUKI I
Kaupir þú krem færð þú flotta tösku sem inniheldur hreinsifroðu 30 ml., andlitsvatn 30 ml. og rakamaska 30 ml.
KAUPAUKI II
Kaupir þú tvo hluti í förðunarlínunni færð þú snyrtitösku með spegli og sýnishornum af 4 nýjum varalitum.
DEBENHAMS
Kaupaukar fylgja á meðan birgðir endast.



**AÐ IÐJA OG BIÐJA** Indónesía er stærsta múslimaríki veraldar og þar, sem og annars staðar í hinum íslamska heimi, fasta hinir trúuðu þessa dagana í tilefni ramadan-mánaðarins. MYND/AP

Stjórnarskrársáttmáli Evrópusambandsins:

# Um helmingur var fylgjandi

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem birtar voru í vikunni studdi rétt innan við helmingur íbúa Evrópusambandsins stjórnarskrársáttmála þess, skömmu áður en Frakkar og Hollendingar felldu hann í þjóðaratkvæðagreiðslum snemmsumars.

Könnunin sýndi að um 48 prósent kjósenda í 19 af 25 aðildarríkjum sambandsins studdu samþykkt sáttmálans, nýjustu uppfærslu stofnsáttmála ESB sem ætlað var að gera ákvarðanatöku og stofnanauppbyggingu stækkaðs ESB skilvirkari og gegnsærri. Könnunin var gerð á vegum



Eurobarometer, viðhorfskannanadeildar ESB-hagstofunnar Eurostat, dagana 9. til 14. maí, en niðurstöðurnar birtust ekki fyrr en nú, sem hluti af stærri könnun sem birt er ársfjórðungslega.

28 prósent aðspurða sögðust á móti samþykkt sáttmálans en 24 prósent voru óákveðin.

Síðan Frakkar og Hollendingar höfnuðu sáttmálanum er óljóst hvað um hann verður. - aa

**MEÐ STORMINN Í FANGIÐ** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hann tók við embætti sínu fyrir um ári síðan. MYND/AP

Friðjón R. Sigurðsson:

# Sagði upp hjá Lífiðn

**ATVINNULÍF** Friðjón Rúnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Lífiðnar, sagði upp störfum frá og með síðustu mánaðamótum.

Í tilkynningu sjóðsins kemur fram að hann muni fljótlega hverfa frá störfum til að takast á hendur starf framkvæmdastjóra fjárfestingarsviðs hjá Sjóvá hf.

Friðjón hefur starfað hjá Lífiðn í um sjö ár og er sagður skila góðu búi hjá sjóðnum. Ekki stendur til að ráða framkvæmdastjóra til frambúðar hjá Lífiðn fyrst um sinn eftir breytingarnar, þar sem yfir standa viðræður um sameiningu við Sameinaða lífeyrissjóðinn. Við starfinu tekur Ólafur Sigurðsson. - óká





LISTMUNAUPPBOÐ

LISTMUNASALA fold

Uppboðsskráin er einnig á netinu: www.myndlist.is


# Fimmtungur barna býr við sára fátækt

**Sú kynslóð sem er að vaxa úr grasi er sú best menntaða í sögunni en fimmtungur hennar býr við sára fátækt. Alnæmi er algengasta dánarorsök hennar.**

**SÞ** Æskulýðsskýrsla Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2005 kom út í vikunni en þar er ljósi varpað á hag 1,2 milljarða ungmenna á aldrinum 15-24 ára víða um heim og framtíðarhorfur þeirra ræddar.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að 200 milljónir unglinga, eða átján prósent allra ungmenna, þurfi að draga fram lífið á innan við einum Bandaríkjadal á dag, um sextíu íslenskum krónum. Ekki er ljóst hvort efnahagur æskulýðsins hefur batnað eða versnað frá því árið 1995 en þá setti Allsherjarþing SÞ sér markmið um að bæta stöðu þessa aldurshóps. Hitt er vitað að 88 milljónir ungmenna eru atvinnulausar og er ástandið verst í Afríku og Mið-Austurlöndum. „Yfirleitt er ungt fólk ráðið síðast í vinnu og rekið fyrst," segir Johan Scholvinck, talsmaður skrifstofu SÞ í efnahags- og samfélagsmálum.

Það hljóta hins vegar að teljast góð tíðindi að frá árinu 1995 hefur fjöldi þeirra sem hlotið hafa menntun vaxið hröðum skrefum, til dæmis sækja áttatíu prósent unglinga á gagnfræðaskólaaldri skóla og 100 milljónir ungmenna stunda nám á háskólastigi. Aftur á móti fá 113 milljónir barna enga



**UNGIR OG UPPRENNANDI** Þessi piltar á Vesturbakkanum hrópuðu slagorð gegn palestínsku heimastjórninni í vikunni. Þeir, eins og margir jafnaldrar þeirra, búa við kröpp kjör. MYND/AP

grunnskólakennslu og 133 milljónir ungmenna eru ólæsar.

Í skýrslunni kemur fram að unglingar stundi nú kynlíf fyrr á lífsleiðinni en gangi í hjónaband síðar. Þótt kynlíf utan hjónabands sé því algengara hefur þungunum táningsstúlkna ekki fjölgað. Alnæmi er algengasta dánarorsök ungmenna í heiminum í dag en tíu milljónir eru smitaðar af HIV-veirunni, aðallega í Afríku og Asíu.

Skýrsluhöfundar leggja eitt og annað til svo að bæta megi hag æskunnar en grundvallarstef í tillögum þeirra er að aðgerðum verði helst að beina að ungum börnum dagsins í dag því eftir nokkur ár vaxa þau úr grasi.

sveinng@frettabladid.is


Hún er komin aftur




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

„Hröð, fyndin og átakanleg."
- *The New York Times Book Review*

„Ótrúlegt sýn, bæði grátleg og fyndin, á líf súpermömmunnar."
- *The New York Times*

„Ímyndið ykkur Kate Reddy sem Bridget Jones, eldri, þroskaðri, gift, útivinnandi móðir tveggja stúlkna ... bráðskemmtilegt."
- *Entertainment Weekly*

Bók sem allar mæður í hjáverkum verða að lesa!

Metsölubók

VAKA-HELGAFELL

edda.is




**GINIÐ VIÐ AGNINU** Þegar smokkurinn varð þess áskynja að hann hefði verið plataður braust hann um á hæl og hnakka þannig að einn armur hans slitnaði af. Svo lét hann sig hverfa ofan í myrkvuð djúpin. MYND/AP

Japanskir vísindamenn finna risasmokkfisk:

# Ófreskja djúpanna

**SÆSKRÍMSLI** Vísindamenn víða um heim glöddust innilega í síðustu viku þegar japanskir líffræðingar tilkynntu að þeim hefði tekist að mynda risasmokkfisk, stærsta hryggleysingja dýraríkisins, í sínum náttúrlegu heimkynnum.

Líf risasmokkfiska hefur hingað til verið sveipað mikilli dulúð þar sem þeir hafast við í úthöfunum á 500-4.000 metra dýpi. Japönsku líffræðingarnir festu myndavélar á línu með beitu á endanum. Smokkfiskurinn gleypti agnið en reif síðan svo hastarlega í línuna að einn af örmum hans slitnaði af. „Við teljum að risasmokkurinn sé mun grimmara rándýr en áður var talið," sagði Tsunemi Kubodera leiðangursstjóri þegar myndirnar voru sýndar. Hann upplýsti að hann hefði reynt í tíu ár að festa ófreskjuna á filmu. - shg


á meðan birgðir endast!
TILBOÐ!
Á HREINLÆTIS-TÆKJUM
Smáhlutir
fyrir baðherbergi
Landsins mesta úrval
Baðkör
Venjulegt baðkar
170x70x2.5mm
VERÐ
12.900 kr . stgr.
LÚXUSbaðkar
með handföngum
170x75x2.5mm
VERÐ
19.900 kr . stgr.
Blöndunartæki
fyrir eldhús og bað
VERÐ frá
2.900 kr . stgr.
WC
WC með
stút í vegg eða gólf
Hörð seta og
festingar fylgja
VERÐ frá
15.900 kr . stgr.
WC til
innbyggingar
Hörð seta fylgir
Lok, hvítt eða
stál fylgir
VERÐ frá
39.900 kr . stgr.
Sturtuklefar
Sturtuklefi
80x90 sm
6mm rammalaust öryggisgler
VERÐ frá
36.600 kr . stgr.
VERÐ frá
13.900 kr. stgr.
Sturtuhlíf í baðkar
Handlaugar
Handlaugar í borð
53.5x41.5 sm
43x29 sm
56x47 sm
VERÐ frá
7.900 kr. stgr.
Handlaugar á vegg
45x35 sm
50x24 sm
VERÐ frá
3.250 kr. stgr.
Handlaugar á borð
VERÐ frá
15.900 kr . stgr.
HITASTÝRÐ
Blöndunartæki
fyrir sturtu og bað
VERÐ frá
6.890 kr. stgr.
INNRÉTTINGAR & TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

www.icelandexpress.is

100 YEARS CHELSEA FOOTBALL CLUB CENTENARY 1905-2005

CHELSEA VEISLA

LAUGARDAGINN 8. OKTÓBER
FRÁ KL.16–19, GRAND HÓTEL

- Iceland Express og Chelsea klúbburinn á Íslandi blása til Chelsea veislu sem haldin verður á Grand Hótel, laugardaginn 8. október milli kl. 16 og 19.
- Fulltrúar frá Chelsea–fótboltaklúbbnum mæta til landsins og kynna liðið og Chelsea–hótelið.
- Allir velkomnir og í boði verða veitingar, leikir og ýmsar gjafir fyrir börnin, t.d. húfur, treflar ofl.
- England – Austurríki verður sýndur í beinni á staðnum.

HEIÐURSGESTUR

Kerry Dixon, fyrrverandi leikmaður Chelsea og næstmarkahæsti leikmaður í sögu liðsins mætir á svæðið kl. 17. Dixon er einn aðalsérfræðingurinn á ChelseaTV og mun halda erindi um enska boltann. Fjölmiðlar hafa fjallað mikið um þann bolta sem leikinn er á Englandi í dag og mun Dixon meðal annars ræða þessa hluti og opna sömuleiðis fyrir umræður og svara spurningum. Allir fótboltaáhugamenn eru hvattir til að mæta.

SAMEINIÐ ÁSTRÍÐUNA OG FERÐALAGIÐ MEÐ ICELAND EXPRESS

Fótbolti www.icelandexpress.is/fotbolti

Við skiljum að fótbolti er ekki bara áhugamál þitt heldur brennheit ástríða. Þess vegna býður Iceland Express verð á boltaferðum sem aldrei hefur sést áður á Íslandi ... bara fyrir þig!

Fiton/SÍA

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

Þingmenn vara við veggjaldi vegna síðari áfanga Sundabrautar:

# Sumir borga en aðrir ekki

**STJÓRNMÁL** Í umræðum um frumvarp forsætisráðherra um ráðstöfun söluandvirðis Símans spurði Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hvernig og hvort ætlunin væri að innheimta veggjald af öðrum áfanga Sundabrautar. Magnús taldi það óheimilt meðan enn væri innheimt veggjald af Hvalfjarðargöngum, en áætlað er að svo verði gert í tuttugu ár.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði málið á byrjunarreit og enn væru svör ekki á reiðum höndum.

Magnús Þór taldi að ekki væri hægt að afgreiða frumvarpið án þess að ráðstafanir yrðu gerðar um síðari áfanga Sundabrautar.



**SUNDABRAUT** Þingmenn á Vesturlandi telja óréttlátt að íbúar á Vesturlandi þurfi að greiða aðgang að höfuðborginni í áratugi í formi veggjalds.

Undir þetta tók Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar. Báðir vöruðu þeir við áformum um að leggja nýtt veggjald á vegfarendur sem fara um Vesturlandsveg til og frá borginni.

„Ekki er hægt að láta suma landsmenn borga endalaust en aðra ekki. Fyrst í göng og síðan skattleggja þetta sama fólk aftur fyrir aðgang að borginni,“ sagði Jóhann.

Halldór Ásgrímsson sagði efnislega að margar leiðir kæmu til greina við að leysa vandann en ítrekaði að málið væri á frumstigi.

- jh

Hart brugðist við lyfjaskorti af hálfu stjórnvalda segir heilbrigðisráðherra:

# Brot á lyfjalögum líðast ekki

**HEILBRIGÐISMÁL** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Jón Kristjánsson heilbrigðismálaráðherra í upphafi þingfundar í gær um lyfjaskort.

Hún sagði að fréttir hefðu borist af skorti á krabbameins-, sykursýkis- og skjaldkirtilslyfjum. Lyfjaheildsalar væru hættir að flytja inn sum lífsnauðsynleg lyf og engin kæmu í staðinn. Hún taldi brýnt að bregðast fljótt við og spurði heilbrigðisráðherra hvernig hann hygðist gera það.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra kvaðst líta málið mjög alvarlegum augum væri það rétt hjá landlækni að menn væru að fara á svig við lyfjalög. „Það verður ekki þolað. Við höfum haft áhyggjur af þessu í ráðuneytinu um hríð sem og landlæknisembættið og lyfjastofnun.“



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR



JÓN KRISTJÁNSSON

Jón sagði að lyfjastofnun hefði þegar rætt við innflytjendur um leiðir til þess að koma í veg fyrir að lyf séu tekin af markaði og leiðir til að koma þeim aftur á markað. Hann sagði að innan skamms yrði haldinn fundur lyfjastofnunar, landlæknis og ráðuneytismanna með fulltrúum Félags íslenskra stórkaupmanna og lyfjaheildsala þar sem meðal annars yrðu ræddar verklagsreglur og hvernig skyldi bregðast við þegar skortur yrði á nauðsynlegum lyfjum.

„Fyrirmæli mín eru skýr. Það verður að tryggja það að almannaheilbrigði og hagsmunir almennings verði í þessu sambandi tryggðir.“

- jh

NISSAN PATROL

NISSAN

SKIPT_um landslag



GRJÓTHARÐUR

Patrol Elegance
Verð 4.690.000,-
33" dekk, toppbogar og dráttarbeisli. Leður, sóllúga, 7 manna, bara einn með öllu.



Fiton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Boris Berezovskí:

# Sagður hafa stutt Jústsjenko

**ÚKRAÍNA** Nefnd úkraínskra þingmanna er í Bretlandi til að ræða við rússneska kaupsýslumanninn Boris Berezovskí. Talið er að hann hafi fjármagnað kosningabaráttu Viktors Jústsjenko Úkraínuforseta á síðasta ári.

Júrí Solomatin, formaður nefndarinnar og þingmaður kommúnista, sagði við Interfax-fréttastofuna að komi í ljós að Berezovskí hafi veitt Jústsjenko peningaaðstoð fari flokkur hans fram á að kosningarnar verði ógiltar.

Berezovskí auðgaðist á viðskiptum með gömul rússnesk ríkisfyrirtæki. Hann dvelur í Bretlandi eftir að hann féll í ónáð hjá Pútín. ■

Ríkislögreglustjóri hótaði manni lífláti en málið fór ekki rétta leið í dómskerfinu:

# Málið ekki til saksóknara

**LÖGREGLA** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri var ekki ákærður fyrir líflátshótun sem hann hafði í frammi við mann í ársbyrjun 2001 þrátt fyrir að lög kveði á um að þeir sem hóti lífláti skuli sæta opinberri ákæru.

Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Mannlífs sem jafnframt birtir mynd af skýrslu lögreglu vegna málsins. Í febrúar 2001 var ríkislögreglustjóri staddur á Vínbarnum í Reykjavík þegar Ingvar J. Karlsson gekk að honum og ávarpaði með röngu nafni. Ríkislögreglustjóri mun hafa brugðist hinn versti við, staðið upp, sagst heita Haraldur og vera ríkislögreglustjóri og síðan skvett úr vínglasi yfir Ingvar. Vitni að atburðinum segja að í kjölfarið hafi Haraldur hótað manninum lífláti.



**HARALDUR JOHANNESSEN** Var ekki ákærður fyrir líflátshótun sem hann hafði í frammi við mann í ársbyrjun 2001.

Kallað var á lögreglu, sem gerði skýrslu vegna málsins en samkvæmt Mannlífi þorði Ingvar ekki að leggja fram kæru á hendur Haraldi vegna þess að hann væri ríkislögreglustjóri. Hegningarlögin gera hins vegar ráð fyrir að vísa beri líflátshótunum til saksóknara hvort sem fórnarlömb kæra eða ekki svo fyrirbyggja megi að hætt sé við kæru vegna ótta.

Þá segir að töluverður urgur sé innan lögreglunnar vegna málsins þar sem því var ekki fylgt eftir.

- sda



**FALSKUR SEÐILL?** Þrátt fyrir að evruseðlarnir eigi að vera illfalsanlegir komust um 40.000 falskir seðlar í hirslur þýska Sambandsbankans á fyrri helmingi þessa árs.



Staða símafrumvarps óskýr:

# Þingið bundið

**STJÓRNMÁL** Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, vill fá skýringar ríkisstjórnarinnar á stöðu frumvarps sem forsætisráðherra hefur lagt fram á alþingi um ráðstöfun andvirðis Símans allt til ársins 2012.

Lúðvík spurði hvort frumvarpið hefði stöðu laga eða þingsályktunartillögu og dró í efa að ríkisstjórnin hefði heimild til að binda hendur Alþingis um langa framtíð.

Forsætisráherra sagði að afla yrði heimilda til útgjalda í fjárlögum hvers árs og Alþingi gæti breytt áður samþykktum lögum. Engu að síður yrði samþykkt laga um ráðstöfun andvirðis Símans bindandi.

- jh

Hróarskelduhátíðin:

# 1.600 svefnpokar gefnir

**DANMÖRK, AP** Yfir 1.600 svefnpokar og 510 tjalddýnur, sem gestir Hróarskelduhátíðarinnar skildu eftir á tónleikasvæðinu í sumar, verða gefnir heimilislausum í Kaupmannahöfn.

Frá því árið 2003 hafa aðstandendur hátíðarinnar gefið eftirleguvarning af þessu tagi til góðgerðarmála. „Uppskeran" í ár var mun meiri en nokkru sinni áður, þar á meðal 1.642 svefnpokar og 510 tjalddýnur, auk hrauka af stuttermabolum, teppum, koddum, útilegustólum og gúmmístígvélum.

Alls seldust um 65.000 miðar á tónleika hátíðarinnar í ár, þar af voru um eitt þúsund Íslendingar.

-aa

## NOREGUR

**ÓLÖGLEG ORGÍA** Sænska lögreglan handtók á hótelherbergi í Mölndal á dögunum norsk hjón sem stóðu þar fyrir kynsvalli ásamt átta mönnum. Mennirnir höfðu greitt aðgang að samkomunni og því er málið meðhöndlað sem vændismál, auk þess sem hjónin eru grunuð um að hafa ætlað að selja myndir af vettvangi. Fólkið neitar öllum sökum og segir að um gamlan draum hafi verið að ræða.

**FLJÚGANDI ELGUR** Hjónum í bíltúr á þjóðveginum nærri Iveland í Suður-Noregi brá illilega þegar 350 kílóa elgur hafnaði á þaki Mazda-bifreiðar þeirra á sunnudaginn. Elgurinn virðist hafa hrapað fram af hamrabelti fyrir ofan veginn með þessum afleiðingum. Til að bæta gráu ofan á svart ók svo annar bíll á elgshræið og skemmdist hann talsvert.




Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

SPRON VAXTABÓT

Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

SPRON VIÐBÓT

Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is

spron – fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA

# það er tilboðshátíð

## verulegar ver



3995 kr.

Reebook dömu og herra hlaupaskór

**Merkjavara**



1595 kr.

Fila stuttbuxur  og svitaband (hægtt að snúa við)

**Frábær gæði!**



1995 kr.

Carole Hochman náttfatnaður



1899 kr.

Espirit náttbuxur 2.pk



2995 kr.

Donna Lauren kvennboxerar og toppar 2 sett

**Nýjar vörur**



1995 kr.

Oscar De La náttskyrtur 2 stk.



1595 kr.stk

Russel peysa

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is

Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 6. til 9. okt. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# í Nettó verslunum

## erðlækkanir



frosið
**lambalæri**
af nýslátruðu

**799** kr.kg.
Lambalæri

frábært verð!



nýtt saltkjöt

**199** kr.kg.
Saltkjöt




1ltr.

**98** kr.pk.
Dix uppþvottalögur 1l.




4ltr.

**299** kr.stk.
Booster taumýkir 4l.




3ltr.

**299** kr.pk.
Booster þvottaefni 3kg.

nettó

## „ORÐRÉTT“

*Sannleikur og ekkert nema sannleikur*

**„Ég sagði bara það sem satt var að því hafi verið haldið fram að Jón hafi stundað ólögmæta viðskiptahætti á sínum tíma.“**

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson í Fréttablaðinu um Jón Ólafsson í kjölfar dóms þar sem ummæli Hannesar voru dæmd meiðandi.**

*Verður hann áfram jafn fallegur?*

**„Hafnarfjörður er fallegur bær og það er nauðsynlegt að stækka hann.“**

**Magnús Ólafsson leikari í grein í Fréttablaðinu um sameiningu sveitarfélaga.**

*nær og fjær*

**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: BÁRA GRÍMSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

# Syngur íslensk þjóðlög í Kína

Bára Grímsdóttir, tónlistarkennari og tónskáld, hefur í mörgu að snúast. Hún kennir tónmennt í Laugarnesskóla auk þess sem hún leiðbeinir hinum ungu nemendum sínum í heimilisfræði.

„Ég er að fara til Kína að fara að syngja þar á þjóðlagahátíð í suðurhluta landsins,“ segir Bára en hún tilheyrir sönghópnum Emblu og heldur utan ásamt Kristínu Ólafsdóttur, Njáli Sigurðssyni og Chris Foster sem er breskur þjóðlagasöngvari.

„Hátíðin virðist vera nokkuð stór og stendur í fjóra daga,“ segir Bára en sönghópar frá öllum heimshornum koma þar saman og kynna þjóðlagatónlist frá sínu landi. Íslendingarnir munu koma oft fram en stutt í einu að sögn Báru. Á dagskránni verða meðal annars kvæðalög, tvísöngslög og rímnakvæði. Kínverjar geta lagt eyru við lög eins og Krummi svaf í klettagjá og stóðum tvö í túni.

„Eftir Kínaferðina förum við Chris Foster út og verðum með tónleika í Englandi, Skotlandi og Brussel,“ segir Bára en efnisvalið er enn á ný íslensk þjóðlög. Bára hefur samið verk fyrir ýmsa kóra en sem stendur er hún að semja tónlist fyrir útvarpsleikrit sem flutt verða í byrjun næsta árs.



Bára Grímsdóttir, tónlistarkennari, söngkona, tónskáld og kórstjóri.

## SJÓNARHÓLL

**BINDISLAUSI ÞINGMAÐURINN**



GYLFI GRÖNDAL RITHÖFUNDUR

### *Bindið ekki aðalatriði*

„Mér finnst að þingmenn eigi að vera vel klæddir en bindið sjálft er kannski ekki svo mikilsvert ef menn eru í fallegum skyrtum,“ segir Gylfi Gröndal rithöfundur um klæðaburð þingmanna en sá einstaki atburður varð í þinginu á mánudag að Hlynur Hallsson, varaþingmaður Vinstri grænna, sat og stóð bindislaus í þingsal.

Gylfi segir mikilvægt að þingmenn séu vel til fara en telur hálsbindi ekki nauðsynlegt til að svo sé. „Ég myndi aldrei sætta mig við að þeir væru í rifnum gallabuxum eða slíkt og vil að þeir séu vel klæddir og sýni stofnuninni virðingu á þann hátt,“ segir Gylfi.

# Fjöldi slasast með tannstöngli

**Árlega slasa 2.200 manns sig á tannstöngli. Algengasta orðið í íslensku er „sem“. Í Texas er bannað að krota á annarra manna kýr.**

Þessar upplýsingar og fleiri af sama tagi er að finna í bókinni Fánýtur fróðleikur sem væntanleg er í verslanir eftir fáeinar vikur. Grunnur hennar er þýddur úr enskri tungu en ýmsu úr íslenskum veruleika hefur verið bætt við.

Aðstandendur bókarinnar stofnuðu í gær félagsskap um fánýtan fróðeik og hafa í hyggju að viða að sér eins miklu af slíku efni og mögulegt er og miðla því áfram til fróðleiksfúsra. Heitir félagið því formlega nafni Hið íslenska félag um fánýtan fróðleik.

„Félaginu er ætlað að safna fánýtum íslenskum fróðleik og gefa út í sérstakri bók,“ segir Tómas Hermannsson forleggjari í útgáfufyrirtækinu Sögur og stjórnarmaður í Fánýtisfróðleiksfélaginu. Formaður þess er Ásgeir Berg Matthíasson, þýðandi bókarinnar og sérlegur áhugamaður um fánýtan fróðleik. Hann segir það jafnan blasa við hvort fróðleikur sé fánýtur eða ekki, en vitaskuld geti komið upp tilvik þar sem fróðleikurinn sé fánýtur fyrir einn en verðmætur öðrum. „Það er til dæmis gagnlegt fyrir efnafræðing að vita hve mörg atóm eru í einu kílói af járni en gagnslaust fyrir mig,“ segir hann.

Tómas efast þó um að í raun sé rétt að kalla fánýtan fróðleik fánýtan því mikilvægi hans geti verið talsvert. „Það er til dæmis gott að slá um sig með svona löguðu í kokkteilboðum,“ segir hann og Ásgeir bætir við hægt sé að næla sér í kvonfang með fróðleiknum.

Upplýsingar um félagið verða á vefnum baekur.is og þar geta menn skráð sig. Ætlunin er svo að félagsmenn hittist einu sinni til tvisvar á ári yfir vatnsglasi, beri saman bækur sínar og skiptist á fánýtum fróðleik.



**FORYSTUMENN HINS ÍSLENSKA FÉLAGS UM FÁNÝTAN FRÓÐLEIK** Tómas Hermannsson forleggjari og Ásgeir Berg Matthíasson, þýðandi og formaður. Þeir efast ekki um gagnsemi fánýts fróðleiks og fullyrða að hægt sé að næla sér í kvonfang út á hann.

### ■ FÁNÝTUR FRÓÐLEIKUR

- Tólf nýjar golfholur eru lagðar á degi hverjum.
- Helmingur allra bankarána er framinn á föstudegi.
- Fimmta sinfónía Beethovens var fyrsta sinfónían þar sem notast var við básúnur.
- Á degi hverjum borða 7% Bandaríkjamanna á McDonald's.
- Ef rúsína er sett í kampavínsglas flýtur hún upp og sekkur til botns til skiptis.
- Biblían er sú bók sem oftast er stolið.
- Eftirfarandi nýyrði voru öll hugarsmíð Jónasar Hallgrímssonar: aðdráttarafl, fjaðurmagnaður, hitabelti, ljósvaki, sjónarhorn, sjónauki, sólmyrkvi, sporbaugur.
- Stærsti keilusalur heims er í Tókýó.
- Keanu Reeves rak eitt sinn pastabúð í Toronto.
- Fleiri nota bláa tannbursta en rauða.
- Þrjú algengustu nafnorðin í Íslendingasögunum eru maður, konungur og skip.
- Lengsta samhverfan er finnska orðið „saippuakivikauppias“, sem þýðir sápukaupmaður.
- Blár ópal innihélt upphaflega klóróform.
- Á bandýkúlum þeim sem notaðar eru við Menntaskólann á Akureyri eru 26 göt.
- Stysta setning sem inniheldur alla stafi íslenska stafrófsins er: „Kæmi ný öxi hér ykist þjófum nú bæði víl og ádrepa“.




Púttmót eldri borgara á Gullsmáravellinum:

# Sigfús og Gaflararnir unnu

Sigfús Svavarsson, í Félagi eldri borgara í Hafnarfirði, sigraði á afmælispúttmóti Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra sem fram fór á vellinum við Gullsmára á dögunum. Sigfús lék á 66 höggum, einu höggi betur en Kristinn Guðmundsson, Gullsmára, og Sigurjón Ingvarsson, Hafnarfirði, sem höfnuðu í næstu sætum.

Leiknar voru 36 holur og keppt í einstaklings- og liðakeppni.

Í liðakeppninni sigraði sveit Hafnfirðinga en í henni var Hallgrímur Steindórsson auk þeirra Sigfúsar og Sigurjóns.

Í öðru sæti varð A-sveit Gullsmára, skipuð Karli Helgasyni, Hreini Bergsveinssyni og Guðjóni Ottóssyni, og í þriðja sæti varð C-sveit Gullsmára en í henni voru Valgerður Pálsdóttir, Gunnar Jónsson og Kristinn Guðmundsson.



**EINBEITTIR PÚTTARAR** Góðir taktar voru sýndir á púttmóti eldri borgara við Gullsmára á dögunum.



**ÚR UMFERÐINNI Í REYKJAVÍK** Hátt eldsneytisverð virðist hafa áhrif á akstursssiði.

Könnun FÍB á akstri í dýrtíð:

## Bensínverðið hefur áhrif

Svo virðist sem bifreiðaeigendur hafi breytt akstursvenjum sínum eftir tíðar hækkanir bensínverðs síðustu mánuði og misseri. Samkvæmt könnun á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda hafa rúm sextíu prósent ökumanna dregið úr akstri vegna bensínverðsins.

Um tuttugu prósent segja áhrifin óveruleg en tæp þrettán prósent segja hið háa eldsneytisverð engin áhrif hafa á akstur sinn.

Gæta ber þess að könnuninn er ekki vísindaleg heldur svara henni þeir sem vilja og er líklegt að sérlegir áhugamenn um bíla og neytendamál heimsæki síðu FÍB fremur en aðrir. ■

Íslandsmót skákfélaga:

## Baráttan hefst í kvöld

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga fer fram nú um helgina en mótið er sveitakeppni allra helstu taflfélaga landsins. Teflt er í fjórum deildum og eru á fjórða tug sveita skráðar til leiks. Nokkrir af sterkustu skákmönnum landsins taka þátt í mótinu og má þar nefna Hannes Hlífar Stefánsson, Jóhann Hjartarson og Friðrik Ólafsson en alls munu á fjórða hundrað skákmenn tefla.



**FRIÐRIK ÓLAFSSON** Verður meðal keppenda á Íslandsmóti skákfélaga.

Fyrsta umferð hefst klukkan 20 í kvöld og áfram verður haldið um helgina. Teflt er í húsnæði Menntaskólans við Hamrahlíð. ■



**NAUTAAT** Íbúar horfa á tvö naut eigast við á árlegri hátíð í bænum Kaili í suðvesturhluta Kína.

Félagar í Sjósundfélagi Íslands skella sér í skýlurnar á geðheilbrigðisdeginum:

# Sjórinn hreinsar sálina

Hinn öflugi félagsskapur Sjósundfélag Íslands lætur til sín taka á Alþjóðageðheilbrigðisdeginum sem haldinn er á morgun. Félagsmenn ætla að leggja sitt af mörkum og sýna hvernig hægt er að stæla sig og styrkja með þeim glæsta hætti sem sjósund er.

„Ég býst við að fjöldi fólks taki þátt í geðsundinu,“ segir Benedikt S. Lafleur, ein mesta sjósundskempa síðari tíma. Nýlega synti hann yfir flesta vestfirsku firðina og af því má sjá að hann kallar ekki allt ömmu sína þegar sjósund er annars vegar. Benedikt efast ekki eitt augnablik um hollustu sjósunds og fullyrðir að það hafi góð áhrif á geðheilbrigðið.

„Eftir höfðinu dansa limirnir,“ segir Benedikt og bætir við gagnlegum upplýsingum um góð áhrif sjávar á líkama og sál; „Sjórinn hreinsar sálina og kælir mann niður í amstri dagsins. Söltin og öll hin efnin í sjónum hafa verulega góð áhrif á líkamann.

Félagsmenn ætla að kasta sér til sunds í Nauthólsvíkinni klukkan tólf á hádegi á morgun.



**HÖRKUTÓL** Félagar í Sjósundfélagi Reykjavíkur ætla að synda sérstakt geðsund á morgun.


Erlend bókaveisla!

Bjóðum NOKKUR TONN af fallegum ERLENDUM GJAFABÓKUM á hreint FRÁBÆRU VERÐI

Rýmum einnig til fyrir nýjum haustbókum með útsölu á eldri erlendum bókum

Penninn-Eymundsson, Austurstræti
Penninn-Eymundsson, Smáralind
Eymundsson, Kringlunni
Penninn Hafnarstræti, Akureyri
Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi

BÓKABÚÐIR MM Penninn Eymundsson

Fíton/SÍA FI014446

GISTINÆTUR Á HEILSÁRSHÓTELUM Í ÁGÚST




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: VÍNGERÐ Á SPÁNI

## *Hvernig vínland er Spánn?*

Á Spáni er stærra svæði lagt undir vínrækt en í nokkru öðru landi en þó er Spánn aðeins í þriðja sæti yfir mestu vínframleiðendur í heiminum. Þetta orsakast af því að loftslag er mun þurrara þar en víða annars staðar þar sem vínræktun er og því er vínviðnum ekki plantað jafn þétt þar.
Vín hefur verið ræktað á Spáni í meira en tvö hundruð ár en það var ekki fyrr en með inngöngu Spánar í Evrópusambandið árið 1986 sem vínin þaðan fóru að ná sambærilegum gæðum og bestu vín heimsins.
Frægasta vínræktunarhérað Spánar er Rioja í norðanverðu landinu.

**Hvað einkennir spænsku vínin?**
Sú þrúgutegund sem mest er ræktuð á Spáni er hvítvínsþrúgan Airén. Spánverjar framleiða þó mun meira af rauðvíni en rauðvínsþrúgurnar sem mest er ræktaðar þar í landi eru Mencía, Grenache og Monastrell. Vínin eru yfirleitt þroskuð í eikartunnum og þykir það best ef þær eru úr amerískri eik. Vínin eru flokkuð eftir því hvað þau eru lengi í tunnu og hversu lengi þau eru geymd í standandi flösku.

**Hvernig eru spænsku vínin flokkuð?**
Þau vín sem hafa verið skemur en eitt ár á eikartunnu flokkast sem Joven en þau eru gjarnan minnst að gæðum. Crianza kallast það vín sem hefur verið meira en ár í tunnu og Reserva þau sem hafa verið jafnlengi í tunnu en svo geymd í tvö ár á flösku. Grand Reserva er svo mest að gæðum en það hefur verið í meira en tvö ár í tunnu og svo þrjú ár í flösku og er því aldrei yngra en fimm ára þegar þess er neytt.


VÍNIÐ SMAKKAÐ

SPURT OG SVARAÐ
BARÁTTUFUNDUR SÁÁ

## *Bráðamóttaka undirbúin*

Baráttufundur Samtaka áhugafólks um áfengisvandann var haldinn í Háskólabíói á þriðjudagskvöld. Samtökin fögnuðu þar átján ára afmæli sínu en um leið var aðalefni fundarins barátta fyrir því að hægt verði að opna á ný bráðamóttöku á spítalanum Vogi en henni þurfti að loka fyrr á árinu vegna fjárskorts. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi situr í stjórn SÁÁ.


VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON
Stjórnarmaður í SÁÁ.

**Hvernig er ástandið?**
„Það eru átakanlega margir á biðlista. Þetta er fólk sem bæði þarf á þessari þjónustu að halda og hefur vilja til þess að nýta sér hana.“

**Hverjar voru niðurstöður fundarins?**
„Það er ekki hægt að tala um eiginlegar niðurstöður en það er óhætt að segja að það ríkti mikill samhugur á þessum hátíðar- og baráttufundi SÁÁ í fyrrakvöld. Jafnt opinberir aðilar, fyrirtæki og einstaklingar eru hvött til þess að leggja þessu máli lið.“

**Er lausnin í sjónmáli?**
„Undirbúningur er þegar hafinn að því að opna á ný bráðamóttöku á Vogi. Það kom fram í máli Þórarins Tyrfingssonar, læknis og formanns samtakanna, að framkvæmdastjórn SÁÁ hefur ákveðið að veita tíu milljónum króna til þessa brýna verkefnis.“






# Þessir eiga fjölmiðlana

**Helstu ráðamenn þjóðarinnar hafa að undanförnu sakað blaðamenn um að láta eigendur fjölmiðla sinna misnota sig með umfjöllun sem komi eigendunum vel. En hvernig er eignarhaldi helstu fjölmiðla á Íslandi háttað?**

Kveðjuorð Davíðs Oddssonar til íslensku þjóðarinnar, þegar hann lauk sínum síðasta ríkisstjórnarfundi á dögunum, voru þau að það væri tilræði við þjóðarhag að fjölmiðlafrumvarpið hefði ekki verið afgreitt á sínum tíma. Hann hélt því fram að allir sem fylgdust með umræðunum um Baugsmálið undanfarið söknuðu þess nú að frumvarpið hefði ekki verið afgreitt.

Þegar Davíð var spurður hver kjarninn væri í þessum áhyggjum hans af fjölmiðlum nútímans á Íslandi, sagði hann: „Þegar til að mynda eins og gerst hefur núna, að auðhringar sem hafa gríðarleg ítök í öllu þjóðlífinu, hafa síðan sölsað undir sig alla helstu fjölmiðlana, að þá er komin samlegð sem engin þjóð, engin þjóð, hefur þolað. Og hvað þá lítil þjóð.“

### Við sjáum öll misnotkunina

„Við sjáum öll misnotkunina á þessum fjölmiðlum núna,“ sagði Davíð. „Hvert mannsbarn sér það, hvern einasta dag. Og það er afskaplega óhollt. Hollir, góðir sterkir fjölmiðlar eru mjög mikilvægir. Og að þeir séu fjölbreyttir og það sé ekkert efast um að eitthvað annarlegt búi á bak við þá. Auðvitað er það svo að allir eigendur hafa áhrif á það sem þeir eiga. Það er mjög þýðingarmikið og þá gagnvart fjölmiðlum að það komi ekki fram.“ Hann neitaði þó að skýra nánar hvað hann ætti við með því að fjölmiðlar hefðu verið misnotaðir. „Ég þarf ekkert að vera að útlista það. Það sér öll þjóðin. En það er hið alvarlega í málinu,“ sagði hann.

### Tveir gefa ekki upp eignarhald

En hverjir eru þessir eigendur að fjölmiðlum sem Davíð, og reyndar fleiri ráðamenn, eiga við? Á íslenskum fjölmiðlamarkaði eru fjögur dagblöð sem koma út oftar en fimm sinnum í viku, Fréttablaðið og DV, sem eru í eigu 365 fjölmiðlasamsteypunnar, Morgunblaðið, sem er í eigu Árvakurs, og Blaðið, en ekki hefur enn verið skýrt frá samsetningu eignarhalds þess. Enn fremur kemur Viðskiptablaðið út tvisvar í viku, en það er í eigu Framtíðarsýnar.

Fjórar sjónvarpsstöðvar flytja að einhverju leyti fréttir og tengt efni, það eru Ríkisútvarpið Sjónvarp, Stöð 2, Sirkus og Skjár einn. Ríkisútvarpið er í almannaeigu en Stöð 2 og Sirkus eru í eigu 365 fjölmiðlasamsteypunnar. Skjár einn er að mestum hluta í eigu Íslensks sjónvarps ehf, sem er alfarið í eigu Símans.

### Baugur á um 32 prósent

Þegar eigendahópur að þessum fjölmiðlum er skoðaður nánar dúkka upp ýmis þjóðþekkt nöfn.

Fyrst ber að nefna hið margumtalaða eignarhald Baugs á miðlum 365. Samkvæmt hlutabréfaskrá Kauphallarinnar á Baugur Group tæplega 29 prósenta hlut í 365 auk þess að eiga um helmingshlut í Grjóta ehf, sem á rúm fimm prósent. Samanlagður hlutur Baugs í 365 er því tæplega 32 prósent.



Helstu eigendur Baugs eru **Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson** og Kristín Jóhannesdóttir.



Næststærsta hlutinn, eða fimmtán prósent, á Runnur, sem er í eigu Byggingafélags Gylfa og Gunnars, Mogs, Prímus, Saxhóls og Vífilfells. Með eignaraðild að þeim félögum fara meðal annars Magnús Ármann, Sigurður Bollason, Hannes Smárason, Einar Örn Jónsson og Jón Þorsteinn Jónsson, kenndir við Nóatún, og Þorsteinn Jónsson, kenndur við Kók.





Landsbanki Íslands á tæp tíu prósent í 365, en stærstu eigendur Landsbankans eru **Björgólfsfeðgar**. Þá á Landsbankinn Lúxemburg tæp sjö prósent og Norðurljós hf. rúm fimm prósent.

### Kristinn Björnsson með þriðjung

Tveir hluthafahópar fara með yfir sjötíu prósenta eignarhlut í Morgunblaðinu í gegnum Árvakur. Stærsti hluthafi Morgunblaðsins er Útgáfufélagið Valtýr, sem er í eigu Huldu Valtýsdóttur og fjölskyldu hennar, sem á tæp 37 prósent í Árvakri.

Hinn hópurinn er frændgarður **Kristins Björnssonar**, stjórnarformanns Straums og fyrrum forstjóra Skeljungs, sem fer með tæplega 36 prósenta hlut í Árvakri.



Kristinn er eiginmaður Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis. MGM eignarhaldsfélag er í eigu Kristins Björnssonar og fjölskyldu hans og á yfir 12 prósenta hlut í Árvakri.

Þá eiga eignarhaldsfélög í eigu náinna skyldmenna Kristins, Björn Hallgrímsson ehf,, Erna ehf. og Lynghagi ehf., tæplega átta prósenta hlut hvert en þau eru í eigu þriggja barna Hallgríms Benediktssonar. Hallgrímur Benediktsson var föðurafi Kristins Björnssonar og eru eignarhaldsfélögin þrjú því í eigu Kristins og fjölskyldu hans í föðurætt og fjölskyldna tveggja föðursystkina hans. Kristinn og systkini hans eiga Björn Hallgrímsson ehf, afkomendur Geirs Hallgrímssonar og fjölskylda Hallgríms Geirssonar, framkvæmdastjóra Árvakurs, eiga Ernu ehf og er Lynghagi í eigu Ingileifar Hallgrímsdóttur og fjölskyldu.

### Síminn á nær allan Skjá einn

Síminn á nánast allt hlutafé í Skjá einum. Helstu hluthafar í Símanum eru KB banki sem er meðal annar í eigu S-hópsins og bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir.

Viðskiptablaðið er í eigu fyrirtækis sem heitir Framtíðarsýn ehf, sem er að stærstum hluta í eigu Óla Björns Kárasonar. Nákvæmt eignarhald hefur ekki verið gefið upp. Sama er með Blaðið, en þar eru stofnendur þrír, **Sigurður G. Guðjónsson**, Karl Garðarsson og Steinn Kári Ragnarsson.



Þeir eiga 84 prósent. Meðal annarra eigenda eru Björgvin Þorsteinsson, Erling Adolf Ágústsson og Karl Georg Sigurbjörnsson.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is

# Ostaveisla

## í Hagkaupum 6.-16. október

- Kynningar í búðum
- Mjólkurfræðingar kíkja í heimsókn
- Yfir 20 tegundir osta á tilboði
- Ostakörfur á ótrúlegu verði
- Frábært úrval af ostum



kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
JÓNS ARNARS & RÚNARS

**Spennandi tilboð**
**í ostaborðinu Kringlunni**
Kynningar alla dagana

**50% afsláttur**




**Létt ostur** með skinku og beikon

**20% afsláttur**




**Búri**

**30% afsláttur**




**Ostakarfa** ostaveisla í einni körfu

Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Framboð af fréttum, umræðu, fróðleik og afþreyingu hefur aldrei verið meira.

## Fjölbreyttir fjölmiðlar

Eftir allan þann atgang sem staðið hefur um fjölmiðla landsins undanfarnar vikur er ekki úr vegi að staldra við og líta yfir íslenskt fjölmiðlalandslag. Stór orð hafa verið höfð um okkur blaðamenn, við sagðir misnotaðir og ganga erinda eigenda fjölmiðlafyrirtækja okkar.

Þeir sem hafa haft þessi orð uppi eru með örfáum undantekningum ekki sjálfir fjölmiðlamenn, heldur fólk sem tengist stjórnmálaflokkum. Undantekningarnar eru fjölmiðlamenn með flokkspólitískan bakgrunn með einum eða öðrum hætti. Venjulegir blaðamenn ætla ekki kollegum sínum annað en að sinna starfinu af bestu samvisku, eins og þeir gera sjálfir.

Þegar eitthvað er endurtekið nógu oft fer það að hljóma trúanlega, hvort sem það er satt eða ekki. Þessi aðferð við skoðanamyndun kallast áróður og fáir þekkja áhrifamátt hans betur en stjórnmálamenn. Hluti af áróðri er að búa til kröftug og gildishlaðin slagorð en einu slíku hefur einmitt verið beitt markvisst í langan tíma gegn þeim fjölmiðlum sem starfa undir merkjum 365 samsteypunnar. Ákveðnir ráðherrar og stjórnmálamenn tala varla um þessa fjölbreyttu fjölmiðla öðruvísi en að uppnefna þá Baugsmiðla og hafa þar með skilið eftir sig þá mynd í hugum fólks að fjölmiðlar 365 séu nánast alfarið í eigu Baugs.

Þótt nákvæmlega ekkert sé að því að tengjast því ágæta fyrirtæki vill nú svo til að eignarhlutur þess í 365 samsteypunni er aðeins ríflega þrjátíu prósent og ekkert íslenskt fjölmiðlafyrirtæki er í dreifðari eignaraðild en 365. Móðurfélag fyrirtækisins er skráð í Kauphöll Íslands og eru eigendurnir um tvö þúsund talsins. Til samanburðar má benda á að í úttekt Fréttablaðsins í dag kemur fram að hlutur fjölskyldu Kristins Björnssonar, sem lengi var kenndur við Skeljung, í útgáfufélagi Morgunblaðsins er meira en 35 prósent, eða nokkru stærri en hlutur Baugs í 365.

Á nýhöfnu haustþingi verður væntanlega lagt fram nýtt fjölmiðlafrumvarp í stað þess sem menntamálaráðherra lagði fram síðasta vetur og menntamálanefnd góðu heilli afgreiddi ekki, svo meingallað var það. Nýja frumvarpið mun væntanlega verða byggt á fjölmiðlaskýrslu sem fulltrúar allra flokka skrifuðu upp fyrr á árinu.

Leiðarminni þeirrar skýrslu og eitt mikilvægasta atriði hennar er krafan um fjölbreytni á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Þegar litið er yfir sviðið nú er ekki hægt að segja annað en að ástandið sé aldeilis stórgott. Margir sterkir miðlar eru starfandi og framboð af fréttum, umræðu, fróðleik og afþreyingu hefur aldrei verið meira. Blaðamannafélag Íslands þenst út og hefur ekki í sögunni haft jafnmarga félaga innan sinna vébanda. Ekki er síður mikilvæg sú breyting að öflugir athafnamenn hafa séð viðskiptatækifæri og hagnaðarvon í rekstri fjölmiðla sem hingað til hafa flestir þurft að búa við vægast sagt óstöðugt rekstrarumhverfi.

Það er sem sagt uppgangur í íslenskri fjölmiðlun, sem sjaldan eða aldrei hefur verið jafn öflug, lifandi og fjölbreytt. Nú er bara að vona að hið boðaða fjölmiðlafrumvarp taki þá staðreynd með í reikninginn.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Útlit eða innihald?**
Björn Bjarnason skrifar í dagbók sína á miðvikudaginn: „Merkilegt að sjá það gert að jafnmiklu umræðuefni og raun ber vitni, að Hlynur Hallsson, varaþingmaður vinstri-grænna, skyldi flytja ræðu í þingi í gærkvöldi án þess að hafa hálsbindi eða slaufu. Það virtist enginn fjölmiðill hafa áhuga á því, hvað Hlynur hafði fram að færa í umræðunum, heldur hvernig hann var klæddur." En Björn telur þó að þarna hafi orðið viss tímamót: „Úr því að forseti þingsins leyfði Hlyni að klæðast á þennan hátt, hefur ísinn verið brotinn fyrir okkur karlana í þinginu - eða hvað? Ég minnist þess að Spánverjinn Martinez, sem kjörinn var forseti þings Evrópuráðsins, gekk aldrei með hálstau en var hins vegar oft í skyrtum með fallegum hnöppum."



**Spilla andrúmslofti**
Spurningvar vakna um fleira en klæðnað stjórnmálamanna. Björn veltir því fyrir sér hvort þingmenn eigi að geta verið með fartölvur í þingsalnum. „Sem betur fer hefur ekki verið farið inn á þá braut, bæði vegna þess að það mundi spilla öllu andrúmslofti í salnum fyrir utan að borð hvers þingmanns er svo lítið, að það rúmar varla tölvu. Fartölvur eru leyfðar í fundarsal borgarstjórnar og finnst mér ekki fara vel á því, skrýtnast þykir mér að sjá borgarfulltrúa bera fartölvu upp í ræðustól og lesa af henni ræðu sína. Klæðaburður karla í borgarstjórn er frjálslegri en í þinginu, þótt almennt sæki karlar fundi þar í jakkafötum með hálsbindi."

**Forsetakjör**
Loks gerir Björn Bjarnason að umtalsefni gagnrýni þingmanna Frjálslyndra á tilhögun forsetakjörs á Alþingi við þingsetningu: „Ég átta mig ekki alveg á gagnrýni frjálslyndra á þá tilhögun við kjör forseta þingsins, að ekki sé unnt að segja nei, ef aðeins einn er í kjöri - annað hvort greiðir maður þessum eina atkvæði eða skilar auðu - er einhver annar kostur? Ef dreift væri atkvæðaseðlum og menn ættu að skrifa nafn þess, sem þeir ætluðu að kjósa, myndu frjálslyndir þá skrifa nei?"

gm@frettabladid.is

## Svartir hattar og hvítir

Í DAG
STARFSUMHVERFI OG BLAÐAMENNSKA



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Á dögunum sá ég á myndbandi kvikmyndina Paparazzi, sem fjallar að verulegu leyti um tiltekna tegund blaðamennsku eins og frægt er. Ekkert við þessa mynd er minnisstætt annað en það að þarna eru fjölmiðlamennirnir í hlutverki vondu mannanna, skúrkanna, sem er athyglisverð breyting frá því sem lengi var í Hollywoodmyndum. Sérstaklega þóttu blaðamenn hetjulegar kvikmyndahetjur á árunum eftir Watergate og ígildi Woodwards og Bernsteins komu iðulega fyrir í glansmyndum sem góðu mennirnir. Á síðustu 30 árum hefur semsé ýmislegt breyst varðandi ímynd og væntanlega sjálfsmynd blaðamanna í hinum vestræna heimi. Skemmtanavæðing upplýsingaflæðisins í fjölmiðlun, samþjöppun á eignarhaldi samfara því að „fréttaiðnaðurinn" hefur verið ofinn inn í víðtækara net ólíkra viðskiptahagsmuna eru einkenni fjölmiðlaþróunar síðustu tveggja áratuga. Leiðindi eru orðin að höfuðsynd, líka í fréttum, og sú fjölmiðlun þykir jafnvel best sem er áheyrilegust, áreynslulausust og truflar sem fæsta. Tilhneigingin er að líta á fréttir eins og hverja aðra vöru sem neytandinn á að velja og hafna og fréttamaðurinn er þá eins og hver annar handverksmaður sem á að lúta nákvæmlega sömu reglum og aðrir handverksmenn í þjóðfélaginu, og síst af öllu að vera hafinn yfir lögin á neinn hátt. Vissulega er þetta viðorf réttmætt, en einungis að hluta. Blaðamenn hafa mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélaginu eins og raunar er viðurkennt á tyllidögum og er t.d. undirstrikað í fjölmörgum tilmælum og samþykktum Evrópuráðsins.

*„Skemmtanavæðing upplýsingaflæðisins í fjölmiðlun, samþjöppun á eignarhaldi samfara því að „fréttaiðnaðurinn" hefur verið ofinn inn í víðtækara net ólíkra viðskiptahagsmuna eru einkenni fjölmiðlaþróunar síðustu tveggja áratuga."*

Já, það hefur orðið breyting á viðhorfum. Einn þeirra sem telur ástæðu til að draga athyglina að þessum breytingum er leiðarahöfundur í nýjasta hefti vefútgáfunnar af Columbia Journalism Review (CJR) í Bandaríkjunum. Hann rifjar upp að árið 1973 þegar þeim Woodward og Bernstein var stefnt fyrir rétt, þá var það sjálfur útgefandi þeirra, Katharine Graham sem gekk persónulega fram fyrir skjöldu og varðveitti minnisbækur blaðamannanna og sagðist myndu fyrr fara sjálf í fangelsi, en að blaðamennirnir yrðu settir inn. Þrjátíu árum síðar afhenti Norman Perlstine, aðalritstjóri TIME, minnisbækur blaðamanns síns, Matts Cooper, vegna máls njósnarans Valerie Plame. Þegar Perlstine var minntur á þetta mun hann hafa svarað að það væri mikill munur á því hvernig dómstólar og saksóknarar litu á rök fjölmiðla árið 1975 og svo aftur nú árið 2005. Leiðarahöfundur CJR dregur raunar líka fram, að mikil breyting hafi orðið á viðhorfi eigenda, einkum því hversu mikilvægt eigendur í stórum margsamsettum samsteypum telja að hafa faglega blaðamennsku í fjölmiðladeildum sínum. Það sé mikill munur á Washington Post 1973 og Time Warner, stærsta fjölmiðlafyrirtæki heims. Í þessu tilfelli snýst umræðan um vernd heimildarmanna og grundvallaratriði í frjálsri blaðamennsku. „Deep Throat" var huldumaður þar til hann kaus sjálfur að koma fram í fyrra en minnisbækur Matts Cooper voru afhentar á þeirri forsendu að blaðamenn væru ekki „hafnir yfir lög" auk þess sem háar fjársektir vofðu yfir (óheppilegt fyrir hluthafana). Judith Miller hjá New York Times fékk hins vegar stuðning sinna vinnuveitenda í þessu máli og gaf ekki upp sinn heimildarmann og uppskar fangelsisvist og stóð þannig fast á hefðbundnum gildum blaðamennskunnar.

Auðvitað er það rétt hjá Norman Perlstine, ritstjóra TIME, að tímarnir eru breyttir, og margt bendir til að yfirvöld, þar á meðal dómstólar og lögregluyfirvöld, hafa tilhneigingu til að líta öðrum augum á röksemdir fjölmiðla en áður. Stórauknar heimildir til rannsókna og eftirlits í nafni öryggis og varna gegn hryðjuverkum bæta ekki úr skák. Í Evrópu telja blaðamenn, einkum þeir sem kenndir eru við rannsóknarblaðamennsku, sig verða vara við að erfiðara er að komast í upplýsingar og að þeir eru æ oftar krafðir með hörku um nöfn heimildarmanna. Fyrir þrjátíu árum var sérstaða og mikilvægi frjálsrar blaðamennsku og tjáningarfrelsisins viðurkennd nánast sjálfkrafa. Í hinum breytta veruleika dagsins í dag er ekkert sjálfkrafa við þá viðurkenningu. Á síðustu dögum höfum við orðið vitni að umdeildu lögbanni og mjög hörðum fylgiaðgerðum sýslumanns hjá Fréttablaðinu. Í Noregi eru dómstólar að brjóta blað með því að setja lögbann á fréttaskýringaþátt, sem dómarinn horfði ekki einu sinni á. Þátturinn var raunar sýndur þrátt fyrir bannið, enda augljóst að grunnurinn fyrir banninu var nánast út í hött.

Blaðamönnum er að sjálfsögðu hollt að fá aðhald dómstóla og yfirvalda sem kynnu þá til að sýna ábyrgð og aga varðandi það hvernig þeir nota nafnlausa heimildarmenn og hvernig þeir umgangast upplýsingar þar sem persónuvernd og einkamál rekast á við tjáningarfrelsið og almannahagsmuni. En aðhald er eitt, ógn og yfirgangur annað. Það er nauðsynlegt lýðræðinu að standa fast á grundvallaratriðum frjálsrar blaðamennsku, því mikilvægi þeirra hefur síst minnkað síðastliðin 30 ár - jafnvel þótt fjölmiðlamenn séu nú orðnir að skúrkum í Hollywood!


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Flugvöllur ígildi járnbrautarstöðvar

UMRÆÐAN
ÞORVALDI GYLFASYNI SVARAÐ



SVEINN AÐALSTEINSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Einkenni borga á meginlandi Evrópu eru járnbrautastöðvar í miðju borganna. Miklu varðar að íbúar landsins eigi greiða og hraða leið að kjarna höfuðborgarinnar, þar sem miðstöðvar stjórnsýslu og menningarlífs eru og stutt á aðal sjúkrahús landsins. Reykjavíkurflugvöllur er því ígildi járnbrautastöðvar, sem miklu varðar að sé staðsettur miðsvæðis í borginni.

Aukin byggð í Vatnsmýrinni og Reykjavíkurflugvöllur í breyttri mynd geta hæglega átt samleið. Það sem því miður hefur einkennt umræðuna um innanlandsflugvöll í Vatnsmýrinni er að allt of margir gefa sér að núverandi flugvallarsvæði sé óbreytanlegt. Nú þegar má að ósekju minnka flugvallarsvæðið. Hljóðlátari flugvélar, sem lent geta í meiri hliðarvindi og á styttri flugbrautum en núverandi flugvélar, verða teknar í notkun innan fárra ára. Þar með má minnka flugvallarsvæðið enn frekar.

Vatnsmýrin og sú náttúra sem hún geymir er sannarlega verðmætt borgarbúum. Þess vegna ber að skipuleggja af hyggindum og með framtíðarsýn í huga hvernig þetta svæði verður sem best nýtt í þágu borgarbúa. Því miður var ráðist í að leggja nýja Hringbraut, skipuleggja Valssvæðið, ákveða staðsetningu nýrrar umferðarmiðstöðvar og nú síðast að úthluta stóru landsvæði sunnan Öskjuhlíðar, í stað þess að skipuleggja allt svæðið heildrænt. Samningur við stjórnvöld um Reykjavíkurflugvöll, sem gerður var fyrir fáum árum, hljóðar upp á óbreyttan flugvöll til 2016 og flugvöll í breyttri mynd til 2024. Áform um að verja 100 milljónum króna til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni, sem hespa á af rétt fyrir kosningar, þar sem uppgefnar forsendur eru að flugvöllurinn víki, teljast því mjög flausturslegt og óábyrg vinnubrögð.

Með tilkomu nýrrar Hringbrautar auk hinnar gömlu, og breiðu svæði þar á milli, er væntanleg byggð í Vatnsmýrinni algerlega skilin frá gamla miðhluta borgarinnar. Þetta er í algeru ósamræmi við hugmyndir um tengsl byggðar í Vatnsmýri við gamla miðbæinn. Að ætla sér í ofanálag að staðsetja miðstöð langferðabíla á þessu svæði er algerlega óskiljanlegt. Hana á að staðsetja austar í borginni.

Þétting byggðar er góðrar gjalda verð, en samhliða henni fylgir krafan um auknar og bættar samgönguæðar. Hringbraut sú hin „nýja“ annar þegar við upphaf ekki þeim bílafjölda sem um hana fara á álagstímum. Þá má sjá nánast kyrrstæða bílaröð frá Háskólasvæðinu inn að mótum Miklubrautar og Lönguhlíðar. Hvernig yrði þörfinni fyrir hinar plássfreku umferðaæðar mætt með tilkomu 15-20 þúsund manna byggðar í Vatnsmýri og 20 þúsund manna „eyjabyggðar“ sjálfstæðismanna?

F-listinn er eina stjórnmálaaflið sem metur innanlandsflug sem það mikilsverðan þátt í samgöngukerfinu að staðsetja beri flugvöllinn miðsvæðis í borginni.

*Höfundur er varamaður F-listans í skipulagsráði.*

## AF NETINU

### Við vísum þeim frá

Öflugra og betra menntakerfi er eitt helsta stefnumið Samfylkingarinnar og hefur verið frá stofnun flokksins. Margt er gott í okkar menntakerfi en margt fer úrskeiðis. Þar kemur ýmislegt til. Skortur á fjármagni til framhalds- og háskólastiga, skortur á námsráðgjöf og seinvirk stjórnsýsla svo eitthvað sé nefnt. Versta dæmið eru fjöldatakmarkanirnar inn í framhaldsskólanna vegna fjárskorts skólanna. Til að geta tekið við nýnemum hefur þeim umsækjendum sem eru að snúa til náms eftir hlé verið vísað frá skólunum. Þetta er alvarlegt mál og áfellisdómur yfir skólakerfinu. Aðrar þjóðir gera allt sem hægt er til að lokka fólkið aftur inn í skólana. Við vísum þeim frá!

**Björgvin Sigurðsson á bjorgvin.is**

### Ég segi já

Ég er búin að velta sameiningu sveitarfélaga talsvert fyrir mér, mismunandi sjónarmiðum, möguleikum og vandamálum. Ég fór á fund um sameiningarmál í Hörgárbyggð eins og ég hef áður skrifað um og í gærkveldi á Akureyri. Eftir að hafa vegið og metið kosti og galla tel ég að sameining sé góður kostur. Á sama tíma þarf að hafa í huga að það eru kosningar næsta vor sem væru þá í nýju sveitarfélagi og þá er áríðandi að velja til forystu fólk sem vinnur vel að uppbyggingu á öllu Eyjafjarðarsvæðinu. Akureyri getur ekki - og má ekki - valta yfir önnur svæði en leggja þarf áherslu á samstarf og samvinnu frá öllum svæðum Eyjafjarðar. S.k. hverfisnefndir sem hafa áhrif eru grundvallarforsenda og mikilvægt að ráðandi aðilar beri meiri virðingu fyrir þeim en núverandi bæjarstjórn á Akureyri hefur gert.

**Lára Stefánsdóttir á lara.is**

### Gráu bætt ofan á svart

Í kjölfar mjög svo svartsýnnar skýrslu frá OECD um íslenska landbúnaðarkerfið hefði mátt ætla að nú loksins yrði gerð bragarbót en svo virðist því miður ekki vera. Í fjárlögum fyrir árið 2006 er farið í öfuga átt og auknu fé varið í niðurgreiðslur á innlendum landbúnaðarafurðum. Gert er ráð fyrir að 4.481 millj. kr. fari til mjólkurframleiðslu, 2.983 millj.kr. fari til landbúnaðarframleiðslu og um 355 millj.kr. til grænmetisframleiðslu. Í öllum þessum liðum er um að ræða aukningu frá fyrra ári. Svo má ekki gleyma nýjasta bákni landbúnaðarráðuneytisins, Landbúnaðarstofnun sem tekur til sín um 542 millj.kr. Til að bæta svo gráu ofan á svart er innlenda landbúnaðarframleiðslan vernduð gegn erlendri samkeppni með innflutningshöftum og tollum.

**Ýmir Örn Finnbogason á deiglan.com**

### Sérkennilegur málflutningur

Frjálslyndi flokkurinn hefur komið mér verulega á óvart með málatilbúnaði sínum. Ekki það að þeir hyggist leggja áherslu á sjávarútvegsmál eða málefni aldraðra, við því mátti búast. Heldur sérkennilegum málflutningi í tveimur málum, sem ber helst vott um alvarlegan skort á skilningi á stjórnarskránni og lýðræðinu. Það er mikið áhyggjuefni og veldur mér heilabrotum, hvernig má það vera, að heill stjórnmálaflokkur skuli hér á landi vera algerlega út á túni, eins traustum fótum og lýðræðishefðin stendur í íslensku þjóðlífi?

**Kristinn H. Gunnarsson á timinn.is**





Tilboð vikunnar
Komdu á bonus.is
900 watta örbylgjuofn
EKKERT BRUÐL
900 WATTA ÖRBYLGJUOFN
4999 KR.
23ja LÍTRA
23ja lítra
30% afsláttur við kassann
Frosið slátur
SS FROSIN LIFRARPYLSA
426 KR.
30% afsláttur við kassann Merkt verð 608kr.
SS FROSIN BLÓÐMÖR
398 KR.
30% afsláttur við kassann Merkt verð 568kr.
EKKERT BRUÐL
SS fremstir fyrir bragðið
Kofareykt eða saltað folaldakjöt
REYKT/SALTAÐ
389 kg KR.
35% afsláttur við kassann Merkt verð 599kr.
35% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
NORFROST frystikista
SÖLUSTAÐIR: Smáratorg, Holtagarðar, Grafarvogur, Hafnarfjörður, Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði, Njarðvík og Borgarnes.
175 LÍTRA FRYSTIKISTA
28900 KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
175 lítra - Energy Rating "B"
Ný uppskera!
Sveitabjúgu KOFAREYKT
KOFAREYKT BJÚGU
299 kg KR.
1.5 kílóa poki
1.5 KÍLÓA POKI
149 KR.
Súkkulaði ís 2
BÓNUS
2 LÍTRAR
149 KR.
...fyrir góðan dag!
FROSINN LAMBABÓGUR
599 kg KR.
Frosinn KS lambabógur
STÁL BLANDARI
STÁLBLANDARI FRÁ AFK
2999 KR.
NÝJA AFK LÍNAN
700 watta tæki
AFK stálblandari
BÓNUS SKÚFFUKAKA
199 KR.
400g
BÓNUS SKÚFFUKAKA 400g FRÁ MYLLUNNI
MYLLAN
Lakkrís karamellukaka
Sokkabuxur 40 DEN
EKKERT BRUÐL
399 KR
Sanpellegrino
Comodo
Absolute Comfort
STÁL BRAUÐRIST
AFK stálbrauðrist
2999 KR.
NÝJA AFK LÍNAN
10 ljósaperur
10 OSRAM LJÓSAPERUR
398 KR.
BÓNUS

# eru í Bónus!

FERSKIR KJÚKLINGABITAR

**269** kg KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 449kr.

**40% afsláttur** við kassann



## Ferskir blandaðir Holta kjúklingabitar

## 15 grillaðir Eikavængir




GRILLAÐIR BUFFALÓVÆNGIR

**299** KR.

## Ferskir kjúklingabitar og kjúklingabringur




3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR

FERSKIR BITAR+BRINGUR

**899** kg KR.

...fyrir góðan dag!

*Bragð sem allir elska!*



## Frosið og snyrt lambalæri

FROSIÐ KS LAMBALÆRI

**699** kg KR.

HAUSTSLÁTRUN 2005

*Bónus býður betur!*

ÍSLENSK PEKINGÖND

**999** kg KR.




12 ANDARPÖNNUKÖKUR




**199** 12 KÖKUR KR.

PEKINGANDARSÓSA
Asian Home Gourmet

**129** 195g KR.




Uppskriftirnar eru á bonus.is

bonus.is BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**EDGAR ALLAN POE (1809-1849)**
lést þennan dag.

*„Allt sem við sjáum eða virðumst vera er aðeins draumur innan draums.“*

***Edgar Allan Poe var bandarískt skáld og rithöfundur. Hann dó ungur á dularfullan hátt.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 7. OKTÓBER 1985

# *Farþegaskipið Achille Lauro hertekið*

Á þessum degi árið 1985 rændu palestínskir hryðjuverkamenn ítalska farþegaskipinu Achille Lauro á Miðjarðarhafi og hótuðu að sprengja það í loft upp. Kröfðust þeir þess að fimmtíu palestínskum föngum í Ísrael yrði sleppt úr haldi.

Um 400 farþegar voru um borð í skipinu. Hryðjuverkamennirnir skutu einn farþeganna til bana. Það var hinn 69 ára gamli Leon Klinghoffer frá Bandaríkjunum sem var fatlaður og fastur í hjólastól. Líki hans var kastað útbyrðis.

Hættuástandinu lauk 10. október þegar Egyptar leyfðu ræningjunum að komast undan í skiptum fyrir fangana.

Bandarísk yfirvöld sendu herþotur til að fara í veg fyrir egypsku flugvélina sem flutti ræningjana og neyddi hana til lendingar á Ítalíu.

Fjórir þeirra voru dæmdir til langrar fangelsisvistar á Ítalíu en Abu Abbas sem talinn er vera höfuðpaurinn og hafa skipulagt ránið slapp undan fangelsisdómi. Hann var handtekinn af bandarískum hermönnum í Bagdad í apríl 2003 og dó í haldi þeirra í mars 2004. Krufning leiddi í ljós að hann hefði látist af hjartasjúkdómi.

Raunum skipsins Achille Lauro var þó ekki lokið því árið 1994 kviknaði í því og það sökk.



**ACHILLE LAURO**

## MERKISATBURÐIR

**1954** Minjasafn Reykjavíkur er stofnað.

**1960** Nígería fær inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.

**1981** Hosni Mubarak verður forseti Egyptalands í stað Anwar Sadat sem var myrtur.

**1982** Söngleikurinn Cats er frumsýndur í London.

**1989** Sýning er opnuð í Þjóðminjasafninu í tilefni þess að 150 ár voru síðan ljósmyndir voru fyrst kynntar í París.

**1992** Flóðljós eru tekin í notkun á Laugardalsvelli á landsleik Íslands og Grikklands í knattspyrnu.

**2001** Bandaríkjamenn gera loftárás á Afganistan.

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar ástkæru unnustu minnar, dóttur okkar, systur, dótturdóttur, tengdadóttur og mágkonu,*

**Önnu Margrétar Guðmundsdóttur**

Björtuhlíð 8, Mosfellsbæ.

Guð blessi ykkur öll.

**Ólafur Jónsson**
**Elín S. Bragadóttir** **Guðmundur Konráðsson**
**Konráð Guðmundsson**
**Ingi Steinn Guðmundsson**
**Bragi Þór Guðmundsson** **Helga Jónsdóttir**
**Andri Ísak Bragason**
**Dóra Halldórsdóttir**
**Jón Ólafur Ólafsson** **Anna Sigríður Jónsdóttir**

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hjálmtýr Guðmundur Hjálmtýsson**

lést á heimili sínu að morgni 4. október sl.
Jarðarför verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigurbjargar Guðleifar Guðjónsdóttur**

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Hrafnistu Reykjavík og Hjartadeildar LSH við Hringbraut.

**Aðstandendur.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Birgir Davíðsson**

**Skipasundi 61, Reykjavík,**

er lést laugardaginn 1. október, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju mánudaginn 10. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Inga Jónsdóttir**
**Selma** **Gunnar Heimir**
**Sigurjón** **Sigríður María**
**María** **Ásmundur**
**og litlu afabörnin.**

---

GUNNAR LÁRUS HJÁLMARSSON: DR. GUNNI ER FERTUGUR

# Alltaf sami gamli pönkarinn

Guðrún bendir fólki á að vera með augun opin fyrir hagstæðu verði. Það sé oft hægt að finna afsláttarmiða í dagblöðum og annars staðar. Fólk megi ekki tapa sér fyrstu dagana, það eigi frekar að skoða fyrst og gera verðsamanburð, jafnvel að punkta niður hjá sér verðin. „Fyrstu dagana á fólk einfaldlega að setjast niður á kaffihúsum, taka því rólega og ná almennilega áttum. Þegar fólk hefur gert það er hægt að halda í verslunarleiðangra í ró og næði," segir Guðrún að lokum.

www.icelandair.is/paris

París



Flug og gisting í þrjár nætur

Verð frá 39.900 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Mercure Ronceray
18.-21. nóv., 20.-23. jan. og 24.-27. mars.
Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Fjölbreytt úrval ferðabóka}




ÁÐUR EN HALDIÐ ER Í BORGARFERÐINA ER TILVALIÐ AÐ KOMA VIÐ Í BÓKABÚÐ OG NÆLA SÉR Í FERÐBÓK ÞAR SEM FJALLAÐ ER UM BORGINA SEM HALDA SKAL TIL. ÚRVALIÐ ER MIKIÐ OG UM MARGT AÐ VELJA.

Ferðabækur eru einkar skemmtilegt fyrirbæri og í raun eru þær nauðsyn í mörgum tilvikum, sérstaklega þegar ferðast á til staða sem maður hefur aldrei komið til áður. Í þeim eru margar hagnýtar upplýsingar eins og um sögu staðarins, hvar er best að borða, skemmtilegar gönguleiðir, hvar aðalverslunarhverfin eru og svo mætti lengi telja. Til eru margar tegundir ferðabóka og eru þær jafn fjölbreyttar og þær eru margar.

Þær vinsælustu hér á landi eru Lonely Planet, Eye Witness og Inside-bækurnar. Lonely Planet býður upp á mesta úrvalið og eru bækur forlagsins mjög aðgengilegar og viðamiklar. Eye Witness-bækurnar eru einnig nokkuð stórar og eru þær fullar af skemmtilegum kortum og útskýringarmyndum. Eye Witness gefur líka út svokallaðar Top Ten-bækur og eru þær hugsaðar fyrir styttri ferðir. Í þeim eru gefnir upp listar yfir bestu veitingastaðina, bestu skemmtistaðina og svo framvegis.

Inside-bækurnar er hægt að fá í tveimur útgáfum, Inside Pocket og Inside Compact. Inside Pocket eru aðeins ítarlegri en Inside Compact-bækurnar sem eru frekar litlar og handhægar í ferðalagið. Berlitz-ferðabækurnar eru einnig mjög litlar og kosta þær mjög lítið en ferðabækur kosta á bilinu 1.000-4.000 krónur.

Fyrir þá sem kjósa frekar ferðabækur á dönsku en ensku eru Turen går til...-bækurnar fáanlegar á Íslandi og eru þær nokkuð góðar.

Sé þetta ekki nóg er hægt að fara á netið og kaupa fleiri ferðbækur þar. Ferðabækur frá Time Out og Footnote er flestar stórgóðar og vel þess virði að skoða.

## Borðað í París



HVAR ER BETRA AÐ BORÐA MAT EN EINMITT Í PARÍS?

### *Nokkrir góðir veitingastaðir í París*

**Terra nera, 18, rue des Fossés St. Jacques;** tvö skref frá Panthéon, grafhýsi stórmenna í Frakklandi, er einn besti ítalski veitingastaður Parísar. Hér er allt heimagert og hver rétturinn slær annan út. Boðið er upp á ljúfenga fiskrétti, pasta og kjöt en þó stendur tiramisu hússins upp úr sem er himneskt. Á Terra nera ræður ríkjum Raymondo frá Napolí en á síðasta ári tók hann við öðrum veitingastað beint á móti Terra nera. Sá heitir Terra nova þar sem auk ítölsku réttanna er boðið upp á pitsur og því heldur ódýrari. Þriggja rétta máltíð kostar um 4000 krónur eftir því hvaða vín er drukkið en er hverrar krónu virði.

**Ozo, 37, rue Quincampoix** Franskur staður í 4. hverfi, við eina elstu götu borgarinnar, rétt fyrir ofan Pompidou-safnið. Þar er gengið út frá þeirri hugmynd að þú velur fisk eða kjöt og svo 2-4 tegundir af meðlæti eftir þínu höfði. Tamarín-ananassósu, sætar kartöflur í kókosmjólk eða kúrbítsgratín. Áhrifa gætir frá frönsku eyjunni la Réunion sem er í Indlandshafi. Ágætismáltíð kostar um 2-3000 krónur. Brunch á sunnudögum. Vissara er að panta borð um helgar. Nánari upplýsingar á www.ozoresto.com

**Le Réconfort, 36, rue de Poitou** Í þriðja hverfi milli République og Mýrarinnar. Franskt eldhús poppað upp með alþjóðlegu yfirbragði, argentínsku nautakjöti, austurlensku kryddi og suðrænu bragði. Vissara að panta borð jafnt í miðri viku sem um helgar. Frumlegur staður og skemmtilega innréttaður af eigendunum. Tví- til þrírétta máltíð kostar milli 3-4 þúsund krónur. Gagnrýni um staðinn má finna á heimasíðunni www.eng.cityvox.fr/restaurants_paris/le-reconfort_10841/ProfilPlace

Stutt frá hinu fræga listamannakaffihúsi, les Deux Magots á St. Germain des Présbreiðgötunni, þar sem að Jean Paul Sartre sat við skriftir er Drekagata. Þar er fjöldi lítilla en veitingastaða með hóflega verðlagningu. Má nefna La Fermé og Jardins de St. Germain á númer 5 og 14 sem eru klassískir franskir staðir. Þarna er sömuleiðis lítill ítalskur staður, Chez Enzo, rekinn af fjölskyldu og er einstaklega heimilislegur. Ekki má heldur gleyma kóreanska grillstaðnum þar sem hver grillar sitt kjöt á litlu grilli. 5 og 14, rue du Dragon, 75006 París, www.fermestgermain.com og www.jardins-stgermain.com

# Mikil stækkun flugstöðvarinnar í Keflavík

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HEFUR TEKIÐ MIKLUM STAKKASKIPTUM Á SÍÐASTLIÐNUM ÁRUM OG STÆKKAÐ MIKIÐ. NÚ Á AÐ STÆKKA HANA ENN MEIRA OG BÆTA VIÐ FLEIRI VERLSUNUM OG ÞJÓNUSTUAÐILIUM TIL HAGSBÓTA FYRIR FERÐALANGA.

Svokölluð norðurbygging er hin upprunalega flugstöð sem tekin var í notkun árið 1987. Áformað er að umbylta skipulagi í norðurbyggingunni og stækka hana jafnframt. Raunar er fyrsta hluta þess verkefnis þegar lokið, sem var að stækka innritunar- og móttökusal og rými verslunar fyrir komufarþega. Allt húsrými á 2. hæð verður lagt undir verslun og þjónustu við farþega. Við skipulagsbreytinguna þar, og stækkun norðurbyggingar til suðurs, rúmlega tvöfaldast verslunar- og þjónusturýmið og verður 8.700 fermetrar í stað 3.600 fermetra nú.
Samhliða þessu verður gengið frá samningum við 10 til 12 nýja verslunareigendur.
Fríhöfnin ehf. tók í notkun nýja verslun í komusal flugstöðvarinnar í júní síðastliðnum. Verslunin var stækkuð um 460 fermetra frá því sem áður var og er nú 1.000 fermetrar að stærð. Stækkun verslunarinnar er algjör bylting frá því sem var. Nú er hægt að gefa hverjum vöruflokki fyrir sig nægilegt rými og bæta útstillingar á vörum. Aukið hefur verið meðal annars úrval snyrtivara, sem þær eru nú í sérdeild í versluninni. „Við erum mjög ánægð með hvernig til hefur tekist og vonum að viðskiptavinir taki breytingunni vel,“ segir Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf.
Við tilfærslu komuverslunar myndaðist aukið rými í móttökusal flugstöðvarinnar fyrir farþega og stækkun farangursfæribanda. „Salurinn var hættur að anna álagstoppum. Nú gátum við stækkað tvö af þremur færiböndum og um leið myndaðist meira gólfpláss fyrir farþega.“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.



FYRIRHUGUÐ STÆKKUN LEIFSTÖÐVAR

OPTICAL STUDIO

GLERAUGNAVERSLANIR
Í FREMSTU RÖÐ




VERSLUN OPTICAL STUDIO Í SMÁRALIND

OPTICAL STUDIO

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
FRÍHÖFN

w w w . o p t i c a l s t u d i o . i s




# Íslenskir ferðalangar flottir í tauinu

***Áður en haldið skal í helgarferðina getur verið vandasamt að velja hvað á að setja ofan í ferðatöskuna. Svavar Örn, einn helsti tískuspekúlant landsins, hefur ósjaldan skroppið út í helgarferð og hann er ekki á flæðiskeri staddur þegar kemur að því að ráðleggja fólki hverju það eigi að pakka og hvað sé best skilið eftir heima.***

„Aðalmálið er einfaldlega að pakka létt, það er númer eitt, tvö og þrjú. Það auðveldar manni svo rosalega í svona stuttum ferðum. Það er líka ekkert leiðinlegra en að bíða eftir að töskurnar komi á færibandið þegar maður er með margar töskur," segir Svavar Örn. Hann ráðleggur fólki að forðast stóra þunga hluti eins og heitan eldinn. Sérstaklega skal vanda valið þegar kemur að yfirhöfnum. „Fólk á að passa að taka ekki með sér fyrirferðamiklar yfirhafnir. Falleg slá er til dæmis mjög þægileg fyrir konur, tekur ekkert pláss en er samt glæsileg. Karlmenn ættu að taka með sér einn frakka eða léttan jakka," ráðleggur Svavar.

Aðalleyndarmálið fyrir stutta borgarferð segir Svavar vera fylgihlutina. „Ef strákarnir taka með sér fjölbreytt bindi, skyrtu og nokkra boli þá nægja alveg einar gallabuxur eða ein jakkaföt. Stelpurnar geta kannski tekið með sér eina pilsdragt og síðan bara nóg af toppum sem passa við dragtina," segir Svavar og bætir við að mikilvægt sé að fólk haldi sig í einföldum litum og passi að litasamsetningin sé rétt. Aðrir fylgihlutir eins og skargripir geta umbreytt útliti ferðalanga. „Tvö pör af skóm eiga líka að nægja, ein fín og ein sem eru meira „kasjúal" og þægileg."

„Annars klæða Íslendingar sig mjög fínt erlendis. Ég held að við séum svolítið töff ferðaþjóð. Við erum allavega mun smartari túristar en þeir sem koma hingað, ég meina, aldrei í lífinu mundi ég láta sjá mig í einhverjum Goritex-jakka í miðbænum eins og margir túristar gera hérna,"segir Svavar að lokum.


Svavar Örn lumar á mörgum góðum ráðum.



## Borðað í London



### 5 skemmtilegir veitingastaðir í London

**City-Spice, 138 Brick Lane, A-London**
Framandi matur ættaður frá Bangladesh, Pakistan og Indlandi. Einkar bragðgóður og þægileg stemning ríkir á staðnum. Á Brick Lane er hægt að fá besta indverska mat í heimi að sögn sumra. Mjög ódýrir réttir, réttirnir kosta frá 300 kr. Frekari upplýsingar www.city-spice.co.uk

**Terra, 53 Cleveland Street**
Mjög heimilislegur staður með mat á frábæru verði. Gæðamatur frá Miðjarðarhafinu og vinalegt starfsfólk sem lætur manni líða vel um leið og maður kemur inn. Verðið eyðileggur ekki heldur fyrir því fáir staðir í London bjóða jafnlágt verð fyrir jafn vel framborinn mat. Réttir á bilinu 800-2500 krónur. Sjá frekar á heimasíðunni www.london-eating.co.uk/3769

**Gordon Ramsey at Claridgeës, Brook Street**
Mjög fínn veitingastaður í einu af fínasta hverfi London. Michelin-staður sem býður upp á hágæða franska matargerð, en Gordon Ramsey er einn af frægustu kokkum Breta. Mjög sjarmerandi er að fara þangað í hádeginu en 3ja rétta hádegisverður kostar einungis um 3500 krónur. 3ja rétta kvöldverður kostar um 7000 krónur. Hægt að skoða nánar á www.gordonramsey.com

**Hakkasan, 8 Hanway Place**
Eini kínverski veitingastaðurinn sem hlotið hefur Michelin stjörnu. Einn heitasti veitingastaður London um þessar mundir. Mjög nútímalega hannaður, góð þjónusta og flottur bar. Reyndar svolítið dýr, en máltíðin kostar um 5500 krónur, ferð þangað er þó peninganna virði.
Skoða má ritdóm um staðinn og fá fleiri upplýsingar á www.viewlondon.co.uk/review_721

**La Porchetta Pizzeria, 141-142 Upper Street, Islington**
Bestu pitsur borgarinnar. Ekta ítalskar pitsur unnar með alvöru hráefnum beint frá Ítalíu. Býður einnig upp á aðra hefðbundna ítalska rétti og í raun eru allir réttirnir frábærir. Einstaklega vingjarnleg þjónusta. Þarna finna allir eitthvað við sitt hæfi. Flestir réttir í kringum 2000 krónur. Meiri upplýsingar www.urban-path.com/london/pizza/la-porchetta-pizzeria

# Borgir með persónuleika

***Sigurður Pálsson hefur lengi þekkt París. Honum finnst einhver óútskýranlegur andi í borginni en hún verður aldrei fullkönnuð.***

Sigurður Pálsson rithöfundur og leikskáld var ekki í vandræðum með að velja uppáhaldsborgina sína. „Það er nú borgin sem ég þekki best og sem er þess eðlis að maður hefur aldrei fullkannað hana heldur. Þetta er kannski ekki mjög frumlegt svar en París kemur manni stöðugt á óvart.“ Sigurður hefur ferðast til ýmissa staða þótt hann segist ekki hafa farið nærri nógu víða. Á listanum eru nokkrar borgir sem hann langar að kanna betur, en borgir eru það eina sem hann vill kynnast á ferðalögum sínum. „Borgir eru eins og mannverur. Þær hafa ákveðinn persónuleika sem ekki er hægt að skýra mjög nákvæmlega. Þetta er einhver mjög sterk tilfinning, andrúmsloft, eitthvað sem verður kannski helst líkt við persónuleika lifandi fólks.“
Sigurður kom fyrst til Parísar 19 ára gamall. Hann hefur því þekkt borgina mjög lengi en honum finnst eitthvað vera þar sem taki ekki breytingum. „Margt hefur breyst á ytraborðinu. Fólkið er öðruvísi, tíðarandinn annar og ný hús hafa risið. Undirniðri og innst inni er samt eitthvað andrúmsloft sem aldrei breytist. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort þetta sé hrein ímyndun en svo er ekki. Það er staðreynd að sterkir, óbreytanlegir eiginleikar fylgja borginni,“ segir Sigurður Pálsson sem fær aldrei nóg af hinni rómuðu París.



Sigurður Pálsson er heimsmaður sem hefur yndi af heimsborgum.




www.icelandair.is/amsterdam

Amsterdam



Flug og gisting í þrjár nætur

Verð frá 39.900 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Albus Grand 19.-22. jan. og 9.-12. mars.
Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29779 10/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Fullkominn brottfarardagur

**ÞAÐ KANNAST MARGIR VIÐ ÞAÐ STRESS SEM OFT FYLGIR UTANLANDSFERÐUM, SÉRSTAKLEGA GETUR SÁ DAGUR SEM HALDIÐ ER ÚT VERIÐ MJÖG STRESSANDI. ÞETTA ÁLAG ÆTTI ÞÓ AÐ VERA ÓÞARFT ÞVÍ MEÐ SMÁ SKIPULAGNINGU ER HÆGT AÐ GERA BROTTFARARDAGINN ÁNÆGJULEGAN OG ÁN VANDKVÆÐA OG ÞANNIG ER HÆGT AÐ NJÓTA UTANLANDSFERÐARINNAR BETUR.**



1. Vakna snemma. Það er ekkert verra en að vera í tímaþröng rétt fyrir brottför. Þess vegna er gott að hafa varaáætlun ef vekjaraklukkan klikkar, til dæmis að hafa láta símann líka hringja eða láta einhvern hringja í sig.



2. Búa til lista yfir nauðsynlega hluti. Reyndar er betra að vera búinn að gera hann nokkru fyrir brottför og áður en lagt er af stað upp á flugvöll er gott að fara aftur yfir listann. Mikilvægir hlutir eins og vegabréf, farseðill, lyf, myndavél, ferðabækur og kort eiga heima á slíkum listum.

3. Mæta tímanlega upp á flugvöll. Þá er hægt að innrita sig í ró og næði því það er fátt eins pirrandi eins og að þurfa að bíða í langri röð, vitandi það að margt sé enn ógert og stutt í brottför. Muna bara að flýta sér hægt á Reykjanesbrautinni.



4. Athuga hvenær fyrsta útkall er í flugvélina. Byrjað er að hleypa inn í flugvélina löngu fyrir brottför og allir þurfa að vera komnir um borð nokkru fyrir brottför.



5. Byrja á því að fara í stóru fríhafnarverslunina. Þar gera flestir stærstu kaupin og því gott að vera búinn að ljúka því af fyrst. Síðan er hægt að kíkja í hinar búðirnar. Ef eitthvað gleymist er alltaf hægt að fara aftur rétt fyrir brottför.



6. Kaupa sér eitthvað sem hægt er að taka með í vélina og gerir flugferðina aðeins bærilegri. Gott er að fara í Islandica og kaupa tímarit eða kiljur. Síðan koma spil ósjaldan að góðum notum.





7. Kaupa sér eitthvað smávegis til að narta í á leiðinni. Einnig er gaman að kaupa íslenskt nammi til að gefa vinum ef förinni er heitið til vina sem búa erlendis.

8. Fá sér smá hressingu rétt fyrir brottför. Setjast niður í kaffiteríunni, fá sér eins og einn kaffibolla og eitt rúnstykki. Það getur nefnilega reynt verulega á taugarnar að sitja aftast í vélinni, glorhungraður og sjá að flugfreyjurnar byrja að bera fram matinn fremst í vélinni.





9. Fara á klósetið áður en stigið er um borð. Í raun algjör nauðsyn því þannig er hægt að setjast niður rólegur og afslappaður og óþarfi að bíða eftir því að sætisbeltaljósið slökkni.

www.icelandair.is/florida

Florida





Flug, gisting og bíll í átta daga

Verð frá 50.490 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, bíll í B-flokki
15.-23. nóv., 6.-14. des. og 10.-18. jan.
Innifalið: Flug, bíll í 8 daga, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29779 10/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is



# Áhugaverðir atburðir í Kaupmannahöfn

***Alltaf eitthvað að gerast í stærstu borg Norðurlandanna.***

Allir Íslendingar geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Kaupmannahöfn enda fyrrverandi höfuðborg okkar. Margar listasýningar af alls kyns toga eru í gangi þar í vetur og má nefna sýningu á verkum Henri Matisse í Statens Museum for Kunst sem stendur til 15. maí. Í safninu Ordrupgaard, sem er nýuppgert, má sjá sýningu sem nefnist Gauguin og impressionisminn sem lýkur 20. nóvember og síðan eru ávallt áhugaverðar sýningar í Louisana-safninu.
Tívolíið í Kaupmannahöfn er lokað á þessum tíma árs en frá 11. nóvember til 30. desember er Tívolíið aftur opnað. Jólastemningin ræður þá ríkjum en meðal atburða er uppfærsla af Hnotubrjótnum í tónleikahöllinni, sérstakur jólamarkaður og hægt er að skauta á Tívolívatninu auk margra smærri atburða.
Margir stórtónleikar verða í Kaupmannahöfn á næstu mánuðum. Stærstu nöfnin eru án efa White Stripes, Oasis, Prodigy, Coldplay, Jamie Cullum, Franz Ferdinand, Billy Idol, Black Rebel Motorcycle Club og Simply Red. Hægt er að fá frekari upplýsingar um þessa tónleika og aðra á heimasíðunni www.pollstar.com

***Meira um Kaupmannahöfn á netinu:***

copenhagen.com
aok.dk
ctw.dk

# FARÐU FÍNN ÚT Í HEIM

## HÁGÆÐA VÖRUR
## Á GÓÐU VERÐI






BOSS HUGO BOSS
BURBERRY
LLOYD
LONGCHAMP PARIS
SAND MEN & WOMEN





SAGA BOUTIQUE

AIRPORT SHOP

Leifsstöð

Sími 4250 345

# ÞAÐ BORGAR SIG AÐ SKOÐA BORGAR- OG BOLTAFERÐIR ÍT-FERÐA...

















## EINNIG ÁRSHÁTÍÐAR- OG SKEMMTIFERÐIR FYRIR FYRIRTÆKI, FÉLAGASAMTÖK, SAUMAKLÚBBA OG ALLS KONAR HÓPA

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af borgarferðum, auk ferða á knattspyrnuleiki, tónleika o.fl. Meðal skemmtilegra borga þar sem hægt er að krydda helgarferð með því að skreppa á völlinn, fara á tónleika, í leikhús, út að borða o.s.frv. eru: ***London, Manchester, Liverpool, Newcastle, Glasgow, Edinborg, Kaupmannahöfn, Amsterdam, París o.fl.***

Á meðal hótela sem við erum með samning við í London er splunkunýtt **4ra stjörnu De-Luxe hótel** sem stendur við bakka Thames árinnar. Þetta glæsihótel býðst viðskiptavinum okkar á **einstöku verði.**

**Í Kaupmannahöfn** stendur hópum og einstaklingum til boða stórskemmtileg kvöldverðarsýning í glæsilegum salarkynnum, Wallmans Salonger. Mjög hentugt sem árshátíð smærri sem stærri hópa. Blönduð tónlist frá ýmsum tímum s.s. **Elvis-syrpa, Bítlalög, Queen-syrpa** o.m.fl. Um 20 frábærir söngvarar og leikarar koma þarna við sögu.

Við erum **sérfræðingar í Manchester** eftir margra ára skipulag ferða þangað, m.a. í beinu leiguflugi.

***20 ára reynsla tryggir topp þjónustu fyrir sanngjarnt verð!***

**ít ferðir**

*Íþróttamiðstöðinni Laugardal • Sími 588 9900*

**www. itferdir.is**

# AVIS

Toyota Corolla Station 25.06.04 Bsk, ekinn 51.600 Ásett 1.645.000 Tilboð 1.425.000

Toyota Yaris 5 dyra 25.06.04 Bsk, ekinn 52.600 Ásett 1.024.000 Tilboð 915.000

Toyota LandCrusier VX 14.10.04 Sjsk, ekinn 48.000 Ásett 4.750.000 Tilboð 4.390.000

Renault Clio 4 dyra 21.05.03 Sjsk, ekinn 86.000 Ásett 1.190.000 Tilboð 950.000

Nissan Terrano II 06.07.01 Bsk, ekinn 94.000 Ásett 1.650.000 Tilboð 1.325.000

MMC PAJERO 3,2 05.06.03 Sjsk, ekinn 101.900 Ásett 3.250.000 Tilboð 2.890.000

Dodge Grand Caravan 7 manna 21.06.04 Sjsk, ekinn 62.200m Ásett 2.390.000 Tilboð 1.790.000

Kia Pride 30.05.02, bsk, ekinn 54.700 Ásett 427.000 Tilboð 290.000

Sunlite Pallhýsi 25.06.99. Ásett 450.000. Tilboð 275.000.

Mikið úrval bifreiða til sýnis hjá Bílasölu Avis í Héðisngötu 1-3 (inní porti TVG simsen) 105 reykjavík. Opið laugardag 10-16, virka daga 14-18. Frekari upplýsingar í síma 660 0602

**ALP Bílaleiga**
**Vatnsmýrarvegi 10, 101 Rvk**
**Sími: 562 6060**
**www.alp.is**

# BÍLAMIÐSTÖÐIN

HYRJARHÖFÐA 2 - SÍMI 5405800

Peugeot Boxer pallbíll árg. '97, diesel turbo, ekinn 134 þús., sk. '06, verð 790.000,- m.vsk., 100% lánað. S. 540 5800/821 6292.

Musso GL diesel turbo árgerð 1999, beinskiptur, 33" hækkun, ekinn 140 þús. km., einn eigandi, þjónustubók, sk. '06, 100% lánað, verð 1.350.000. S. 540 5800/821 6292.

Musso diesel turbo árgerð '98, sjálfskiptur, 33" breyting, ekinn 120 þús. km, (vél ekinn 20 þús.) sk. '06, 100% lánað, verð 1.450.000. S. 540 5800 & 821 6292.

Huyndai Accent árgerð '98, 5 dyra, ekinn aðeins 70 þús. km., beinskiptur, vetrardekk, sk. '06, 100% lánað, verð 360.000. S. 540 5800 & 821 6292.

Volvo 850 GLI árgerð '96, sjálfskiptur, leðursæti, og fl. og fl., ekinn 170 þús. km, einn eigandi frá 25 þús., sk. '06, 100% lánað, verð 750.000. S. 821 6292.

MMC Galloper diesel árgerð '98, beinskiptur, 7 manna, ekinn 220 þús. km, einn eigandi sk. '06, 100% lánað, verð 580.000. Einnig með annan galloper árg.98, verð 750 þús. S. 821 6292.

MMC L-200 Double-cab diesel árg. 8/2003, 5 manna, ekinn 130 þús. km., sk. '06, verð 1.790.000,- 100% lánað. S. 540 5800/821 6292.

MM L-300 árgerð '94, 4x4, bensín, 7 manna, ekinn 180 þús. km, álfelgur, dráttarkúla, lítur mjög vel út, sk. '06, 100% lánað, verð 390.000. S. 540 5800 & 821 6292.

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.net**

# Bílás

BÍLALEIGA - BÍLASALA

Subaru Forester 01/03 ek 74.00 verð 1.650.000 100% lán

Volvo S 40 01/2000 ssk. Ek. 50.000 áhvílandi 715.000 verð 1.250.000

M. Benz 208 Sprinter 06/2002 ek. 28.000 100%lán verð 2.480.000 m/vsk

Mazda 6 stw. 05/2004 ssk ek. 25.000 verð 2.250.000

Mazda 3 T 12/2003 ssk. ek. 41.000 verð 1.550.000

Toyota Corolla 4wd stw. 05/1999 ek. 70.000 verð 850.000

Hyundai Gets GLS 11/2004 ek. 19.000 verð 1.190.000 100% lán.

Hyundai Santa Fe 04/2004 ssk leðurákl ofl. ek. 29.000 verð 2.790.000

Dodge Dakota SLT 06/2001 ssk. pallhús ofl. ek. 32.000 verð 1.990.000

Plymouth Breeze 2.4 10/1997 ek aðeins 64.000 17" felgur verð 790.000

Honda HRV 02/2004 ssk. ek. 44.000, verð 1.790.000, 100% lán.

Renault Megane Scenic RX4 08/2001, ek. 77.000, verð 1.370.000. 100% lán.

Renault Megane Scenic 06/2001, ek. 70.000, verð 1.090.000.

Toyota Yaris Sol 10/2000, ek. 116.000, verð 590.000.

Nissan Patrol TD 02/1998 ek. 148.000 hækkaður f. 33" verð 1.550.000

Nissan Patrol TDI 07/1996, ek. 198.000 33" breiting, verð 1.250.000.

Daihatsu Chirion 7/1998 ssk. ek. 69.000, verð 430.000, 100% lán.

Renault Megane Break 04/2001 ek. 90.000, verð 880.000, tilboð 650.000.

VW Golf stw 03/1998, ek. 121.000, verð 480.000, tilboð 390.000, góð kaup.

Renault Megane Scenic 02/1999, ek. 140.000 verð 650.000, tilb. 450.000

**Bílasalan Bílás**
**Þjóðbraut 1, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

# BÍLASALAN Nú á tveimur stöðum!

DIESEL.is

# HÖFÐAHÖLLIN

**567-4840 og 660-0565**

Vagnhöfða 9 & Klettháls 2

KIA SORENTO EX. Dísel, Árg 05. Ekinn 0 þ.km. Álfelgur, Geislaspilari, Kastarar. Verð kr. 3950.000. Ath skipti.

FORD ESCAPE, árg. 2001, ek. 126 þús. km. Sjálfsk., ABS, filmur, CD, álfelgur, kastarar og fl. Verð 2590 þús. Ekkert áhvíl. Ath skipti á ód.

PEUGEOT 406 STW. Árg '01. Ek 86 þ.km. ABS hemlar, Armpúði, Dráttarkúla. Verð kr. 1050.000. Ath skipti ódýrari.

TOYOTA LANDCR 90 VX 7MANNA. Árg '97. Ek 126 þ.km.Dísel, Dráttarkúla, Driflæsingar, Fjarstýrðar samlæsingar, Cd.Verð kr. 2090.000.

TOYOTA COROLLA STW SÓL 1,6 Árgerð 2003. Ekinn 25 þ.km..Dráttarkúla – Fjarstýrðar samlæsingar – Geislaspilari Verð kr. 1670.000.

VOLVO V 70 X/C CROSS COUNTRY 2,4 TURBOÁrgerð 2001. Ekinn 70 þ.mílur Kastarar – Leðuráklæði – Litað gler. Skipti: ÓdýrariVerð kr. 2950.000.

SUBARU LEGACY GL 2000I. Árgerð 2004. Ekinn 5 þ.km.Geislaspilari – Höfuðpúðar aftan – Innspýting -. Verð kr. 2070.000. Skipti: Ódýrari.

TOYOTA COROLLA TOURING TERRA. Árgerð 1998. Ekinn 198 þ.km. Loftdæla – Pluss áklæði – Rafdrifnar rúður. Verð kr. 580.000.

TOYOTA HIACE 2.4TD DIESEL. Árgerð 2000. Ekinn 113 þ. Dísel knúinn. Skráður 2 manna.
5 gírar. Verð kr. 1250.000.

BMW 325 I. Ssk. Árgerð 1992. Ekinn 218 þ.km. Álfelgur – Geislaspilari – Höfuðpúðar aftan Verð kr. 610.000.

Árgerð 1998. Ekinn 99 þ.km.Ssk, Álfelgur – Dráttarkúla – Filmur. Verð kr. 3190.000. Skipti: Ódýrari.

TOYOTA COROLLA TERRA 1400. ABS hemlar – Geislaspilari. Verð kr. 840.000.

TOYOTA RAV 4. Árgerð 1997. Ekinn 155 þ.km. Álfelgur – Dráttarkúla – Geislaspilari Verð kr. 670.000.

M.BENZ C 32 AMG V6 KOMPRESSOR. Árgerð 2002. Ekinn 113 þ.km. Ssk, Kastarar – Leðuráklæði – Litað gler ofl.Verð kr. 5190.000. Skipti: Ódýrari.

SUBARU IMPRESA GL SEDAN . Árgerð 2000. Ekinn 88 þ.km. Armpúði – Geislaspilari – Innspýting . Verð kr. 950.000- Skipti: Ódýrari.

LINCOLN AVIATOR ULTIMADE. Ssk. Árgerð 2005. Ekinn 0 þ.mílur. Álfelgur – Bakkskynjari – DVD spilari ofl ofl. Verð kr. 7200.000. Skipti: Ódýrari.

TILBOÐ TILBOÐ 790 LISTAVERÐ 1020. RENAULT MEGANE CLASSIC. Árgerð 2001. Ekinn 64 þ.km. Geislaspilari, Hiti í sætum, Höfuðpúðar aftan. Verð kr. 790.000. Skipti: Ódýrari.

TILBOÐ 2790 STG. SUBARU IMPRESA WRX STI. Árgerð 2003. Ekinn 20 þ.km. Kastarar – Litað gler – Líknarbelgir. Verð kr. 2950.000. Skipti: Ódýrari.

**Leitaðu ekki lengra.**
**Erum með rétta bílinn fyrir þig!**

**Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00**
**og laugardaga frá kl. 12:00-17:00**

hofdahollin.is diesel.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herbergja íbúð í vesturbænum, nálægt Háskólanum. Sími 844 0179.

Herbergi til leigu í vesturbæ Kópavogs, rétt hjá sundlauginni, með húsgögnum, sjónvarpi og örbylgjuofni. Uppl. í s. 664 8192.

20 fm stúdíóíbúð í Mosfellsbæ til leigu, sérinngangur. Uppl. í síma 696 1195.

2ja herbergja íbúð í neðra Breiðholti til leigu, laus strax. Uppl. í s. 898 6338.

3ja herbergja íbúð á Hjarðarhaga til leigu. Er laus strax. Leiga 80 þús. Uppl. í s. 662 3184.

Herb. á sv.105, búið húsgögnum, allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2, Sýn. 895 2138.

## Húsnæði óskast

Húsasmíðameistari óskar eftir íbúð á höfuðb.svæðinu, helst með bílskúr. S. 899 4958.

Óska eftir herbergi með aðgangi að snyrtingu í Hafnarfirði. S. 565 2546.

Óska eftir stúdíó eða 2 herb. íbúð helst á sv. 110 eða 112. Á sama stað óskast ísskápur með frysti. Uppl. í s. 696 9721, e. kl. 16.

Stúdíóíbúð óskast á verðbilinu 30-50 þús. Uppl. í s. 894 5251.

Óska eftir herbergi til leigu á Stórreykjavíkursvæðinu. Þarf að vera með aðstöðu að baði og eldhúsi. S. 659 3977.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt. 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Tökum í geymslu tjaldvagna og fellihýsi. Óupphitað húsnæði rétt við Stokkseyri. S. 847 3443 & 848 3172.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vantar þig góða vinnu?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Geturðu unnið fullt starf í vaktavinnu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir!
Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

**Ýmis störf í boði**
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir!
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Pylsuvagninn í Laugardalnum**
Pylsuvagninn í Laugardalnum óskar eftir þjónustuliprum starfskrafti, kvöld og helgar vaktir.
**Uppl. í s. 864 9862**

**Sölumaður**
Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbæ Reykjavíkur.
**Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

Supernova
Hár & förðunar stúdíó
Posthússtræti 13 // 101 Rvk // 511 5552

**Hársnyrti fólk athugið!**
óskum eftir góðu hárgreiðslufólki í stólaleigu. Hagstætt verð. Upplýsingar gefur Ásgeir í s. 692 1213 e. kl. 18.

**Leikskólinn Ösp, Iðufelli 16, 111 Rvk.**
Leikskólinn Ösp óskar eftir deildarstjóra, leikskólakennara eða leiðbeinendum sem fyrst.
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 557 6989 Svanhildur.**

**Devitos pizza**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir og kvöldvaktir.
**Uppl. í s. 663 0970.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Spöng**
Óskar eftir að ráða starfsmann í grænmetisdeild, um er að ræða hluta eða fullt starf. Umsóknum skal skilað í verslun Hagkaupa í Spönginni eða í gegnum www.hagkaup.is. Nánari upplýsingar veitir Guðna, verslunarstjóri í síma 563-5300

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir rösku fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó tímabundið. Framtíðarstarf möguleiki. Uppl. í s. 660 0560

**Símadömur óskast!**
Finnst þér gaman að tala við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Allar uppl. á www.raudatorgid.is (atvinna í boði) eða í s. 899 7987 á daginn. Skráning í s. 552 3349.

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum, verkamönnum og viðgerðamanni fyrir austan fjall. Uppl. í s. 862 0727.

Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Erum starfrækt á stórhöfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 525 0900 og á www.smfr.is

**Leikbær**
Óskum eftir starfsfólki, 17 ára og eldra í hlutastörf, hentar vel með námi. Mikil vinna í des. Umsóknir sendist á faxafen@leikbaer.is eða hjá Völu í s. 568 4870.

**Leikbær**
Leitum að hressum og kraftmiklum starfsmanni í verslun. Starfshlutfall 100%, 18 ára og eldri. Umsóknir sendist á faxafen@leikbaer.is eða hjá Völu í síma 568 4870.

Stýrimann og háseta vantar á 270 tonna netabát sem fer til grálúðveiða. Uppl. í síma 847 6631.

**Starfskraftar óskast**
Kranamenn/vélamenn, stálsmiðir, smiðir og verkamenn óskast sem fyrst til starfa hjá byggingarfyrirtæki með næg verkefni framundan. Mikil vinna í boði fyrir duglega menn. Áhugasamir hafi samband í síma 588 1647 & 862 4247.

**Starf í mötuneyti**
Starfsmaður óskast til starfa í mötuneyti í ca 100 % starf virka daga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 515 6629 milli kl. 8.00 og 19.00.

Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Lágmarksaldur 25 ára. Uppl. í s. 894 0292.

Starfskraft vantar strax í þjónustu. Dagvinna + önnur hver helgi. Einnig vantar starfskarft í aukavinnu aðra hverja helgi. Ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar á staðnum, ekki í síma. Kaffi Milanó, Faxafeni 11.

Bráðvantar dagmömmu í vetur til að passa mig á meðan mamma mín er í vinnunni. Uppl. í s. 869 8739.

**Stórkaup birgðaverslun**
Óskar eftir að ráð bílstjóra til starfa. Einnig vantar okkur tvo starfsmenn í tiltekt á lager og einn til að sjá um almenn afgreiðslustörf. Um er að ræða störf með vinnutíma kl 8-17, auk laugardaga. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Vigni verslunarstjóra Stórkaups, Faxafeni 8 í síma 567-9585 eða senda póst á storkaup@storkaup.is.

Starfskraftur óskast til afgreiðslu í bakaríi. Vinnutími annan daginn 7-13 og hinn daginn frá 13-18 og önnur hver helgi. Upplýsingar s. 863 3567 & 554 3560.

## Atvinna óskast

INTJOB

**Vantar þig starfsfólk? IntJob útvegar erlent starfsfólk samkvæmt þínum óskum.**
Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatilhögun. Leggjum áherslu á fagmennsku.
**IntJob**
**sími 517 4530**
**intjob@intjob.is**

2 smiðir óska eftir að taka að sér ýmis smáverk. Uppl. í síma 698 7068, Haukur.

26 ára maður óskar eftir vinnu, vann seinast við parketlagnir. Sími 616 6921.

Ungan mann vantar vinnu strax. Hef góða ensku- og tölvukunnáttu. Mjög vanur starfi með börnum. Uppl. í s. 699 3929.

21 árs kvenmaður óskar eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 865 6799.

24 ára kvenmaður óskar eftir vinnu. Útskrifuð af Verslunar- og skrifstofubraut. S. 864 5699.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Svört kanína með hvítan depil á nefinu týndist á miðvikud. í Vesturbæ. Hún á heima á Bræðraborgarstíg 3. S. 552 6778. Vinsamlegast hafið samband.

## Tilkynningar



**Viðskiptavinir**
Kæru viðskiptavinir ég hef hafið störf á Hársnyrtistofunni Listhár Lúðvík XIV, Listhúsinu Laugadal Engateig 17 gamlir og nýjir viðskipavinir velkomnir . Tímapantanir í síma 553 4466 Ásta Hinriksdóttir.

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.




Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvideó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

**Viltu kynnast fólki?**
Fólk með sömu þarfir og þú er akkurat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

Óska eftir að kynnast konu frá asíulöndunum. Sem vini eða félaga. Ég er 58 ára og í góðu starfi. Svör sendist á Akurgerði 24, merkt "félgaskapur".

34 ára karlmaður vill kynnast konu með náin kynni í huga. Svör sendist til Fbl, Skaftahlíð 24 eða á smaar@frettabladid.is. merkt. 321.

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 FM 98,9 FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 VÍSIR

Akstur að og frá flugstöð Leifs Eiríkssonar á innanbæjartaxta.
**Hreyfill / Bæjarleiðir 5-88-55-22**

Nýbakaðir snúðar.
**Bæjarbakarí.**

Glerlist.is
**Gler_í_gegn**

Kosningar um sameiningu sveitarfélaga á laugardag. Upplýsingar um sameiningartillögur og kjörstaði er að finna á vef félagsmálaráðuneytisins –félagsmálaráðuneytið.is
**Upplýsingar um sameiningarkosningar - félagsmálaráðuneyti.is**

Þrefaldur pottur stefnir í 12 milljónir.
**Lottó**

Hleðslurafhlöður.
**Rafborg.**

Nýbökuð skinkuhorn.
**Bæjarbakarí.**

Hafnarfjörður, Hafnarfjörður.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Ökunám í fjarnámi.
**ekill.is**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Hamborgarabúllan.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Nuddpottar á tilboðsverði.
**Egill Árnason Ámúla**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Gaman, Gaman.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Allt fyrir baðherbergið.
**Egill Árnason Ármúla.**

Edda 2005
Edduverðlaunin verða veitt í sjöunda sinn sunnudaginn 13. nóvember.
Skilafrestur vegna innsendingu efnis rennur út föstudaginn 7. október kl. 17:00.
Verkum skal skilað til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands,
**Túngötu 14, 101 Reykjavík.**

Ókeypis lyfjaskömmtun og fríar heimsendingar.
**Lyfjaver, Apótekið Suðurlandsbraut.**

Eru sameiningarkosningar í þínu sveitarfélagi næsta laugardag?
Taktu þátt -þitt er valið.
**Kynntu þér sameiningartillögur og upplýsingar um kjörstaði í dagblöðum og á netinu, félagsmálaráðuneyti.is**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Nikótínlyf á heildsöluverði.
**Lyfjaver apótekið Suðurlandsbraut.**

Er rafgeymirinn slappur? Frí rafgeymamæling.
**Gúmmívinnustofan Skipholti.**

Glæsilegt flísaúrval.
**Egill Árnason Ármúla.**

Yfir hundrað tegundir af parketi.
**Egill Árnason Ármúla.**

Akstur á Keflavíkurflugvöll á innanbæjartaxta, mikill sparnaður algjör þægindi.
**Hreyfill /Bæjarleiðir 5-88-55-22**

Tískuvöruverslunin
**Næs Conneection.**

Dúnúlpur, Hettukápur.
**Laxdal..Laugavegi.**

Fallegt hár hjá Hárgreiðslustofunni Bello
**sími 586-89-89**

Kynntu þér sameiningarkosningar –
**félagsmálaráðuneyti.is**

Flott fatasending.
**Skarthúsið.**

Opið til átta virka daga og til sex um helgar.
**Ikea.**

Rafhlöður.
**Rafborg.**

Rýmingarsala.
**Húsgagnaverslunin il_Tucano Tryggvagötu.**

Þrefaldur pottur.
**Lottó.**

Heilsársdekk.
**Gúmmívinnustofan Skipholti.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Hjólbarðaskipti.
**Gúmmívinnustofan Skipholti_35**

Hamborgarar rokka feitt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

GP-alkaline.
**Rafborg.**

Næs Connection
**Hæðarsmára 4**

Er kosningadagur í þínu sveitarfélagi á laugardaginn?
Upplýsingar um kjörstaði og tillögur til sameiningar sveitarfélaga er að finna á félagsmálaráðuneyti.is.
Taktu þátt, þitt er valið.
**félagsmálaráðuneyti.is.**

Sameiningarkosningar á laugardag –
**félagsmálaráðuneyti.is**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

Prjónavettlingar.
**Dynjandi.**

Ringo innihurðir, nýr sýningarsalur.
**Egill Árnason Ármúla.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler_í_gegn.**

## NÝTT Á SKRÁ HJÁ KJÖREIGN



**NAUSTABRYGGJA - BÍLSKÝLI.** Vorum að fá í einkasölu fullbúna 95 fm íbúð á fyrstu hæð, ásamt stæði í bílageymsluhúsi. Húsið er álklætt 3ja hæða fjölbýli, byggt árið 2001. Innréttingar og gólfefni eru fyrsta flokks. Þvottahús innan íbúðar. Björt og falleg íbúð sem vert er að skoða. Verð 22,7 millj.



**VESTURBÆR - GRANASKJÓL.** Vorum að fá í einkasölu enda raðhús sem er á tveimur hæðum um 184,0 fm. ásamt innbyggðum bílskúr. Garðskáli út frá stofu í vestur og góðar svalir. Lóð afgirtt, hellulögn í innkeyrslu og stétt heim að húsi. **Bílskúr. Laus strax. Verð: 42,5 millj.**



**GRENIBYGGÐ - NÝTT Á SKRÁ.** Fallegt raðhús á skjólsælum stað í Mosfellsbæ. Húsið er tvær hæðir og ris ásamt bílskúr. Birt stærð er 164,7 fm en gólfflötur er mun stærri. Húsið er í góðu viðhaldi. Eikarparket og flísar á gólfum, nýjar eikar innihurðar. Rúmgott eldhús. Allt nýtt á baði. Fallegur afgirtur garður í suður. Uppphitað hellulagt bílaplan. **Verð: 39,8 millj**.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA

Kjöreign ehf

**SÍMI 533 4040**
**FAX 533 4041**
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## Hlíðarhjalli - Einbýli




**Hóll fasteignasala er með afar glæsilegt 270,5 fm einbýlishús á einum besta stað í suðurhlíðum Kópavogs.**

Glæsilegar innréttinga, parket og flísar á gólfum. Þetta er eign í algjörum sérflokki. Sjá **www.holl.is Verð 60 millj.**

Nánari uppl veitir Kristberg Snjólfsson sölumaður Hóls í síma 892-1931

Hóll fasteignasala |Franz Jezorski lögg.fasteignasali |Skúlagata 17 |101 Reykjavík

## Akkurat - fyrir þig!







**Mjög fallegt 195,5 fm. einbýli á einni hæð með sambyggðum bílskúr, fallegum garði og aðkomu.**

Komið inn í góða forstofu með skápum, vandaðar flísar á gólfi. Úr forstofu er gengið inn í alrými með góðri lofthæð sem samanstendur af sjónvarpsrými með vönduðum og fallegum arni, bjartri stofu og borðstofu, þaðan er útgengt út í garð, vandað dökkt parket. Eldhús er opið að hluta með fallegri hvítri innréttingu, góðum tækjum og borðkrók með miklum gluggum. Flísar á gólfi. Í svefnálmu eru tvö góð barnaherbergi með skápum. Hjónaherbergi með gluggum á tvo vegu og góðum skápum. Tengi er fyrir sjónvarp í herbergjunum. Þvottaherbergi með innréttingu og útgengi í bakgarð. Í garði er stór timburverönd, afgirtur að hluta, einnig flísar á hluta. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með hornbaðkari, sturtuklefa, upphengdu klósetti og vandaðri innréttingu. Bílskúr með geymslu/verkstæði innaf. Húsið er vandað og vel við haldið með flísum og parketi á gólfum, falleg lýsing og góð loft hæð að hluta. Aðkoma falleg með mótaðri steypu og garður skjólsæll í góðri rækt. Þetta er vönduð eign á rólegum og vinsælum stað í Grafarvogi. **Verð: 49,8m.**

Sími: 594 5000 — Akkurat

VMS Vélamiðstöð ehf.

**Okkur vantar mann til starfa strax á bifreiðaverkstæði Vélamiðstöðvar, rafmagnsdeild.**

Æskilegt er að viðkomandi sé menntaður sem rafvirki, rafeindavirki, vélvirki, vélstjóri eða bifvélavirki.

Allar upplýsingar um starfið eru veittar fyrir hádegi; á staðnum að Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík eða í síma 5 800 400.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is





### Flataskóli - Umsjónarkennari

Vegna forfalla er laust starf umsjónarkennara í 7. bekk. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir berist skólastjóra sem veitir nánari upplýsingar í símum 565 8560 og 862 6330.

Umsóknarfrestur er til 9. október nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ.

*Deildarstjóri skóladeildar*

Fræðslu- og menningarsvið

TILKYNNINGAR

Vopnafjarðarhreppur

### Auglýsing um óverulega breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 1980-2000.

Sveitarstjórn Vopnafjarðar samþykkti á fundi sínum 25. ágúst 2005, að auglýsa tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 1980-2000 samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps leggur til að aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980 – 2000 verði breytt þannig að svæði við Vopnafjarðarhöfn sem skilgreint er sem „Vötn, ár og sjór" verði skilgreint sem „Iðnaður". Í breytingunni felst að gerð verður landfylling innan hafnarsvæðisins milli Kaupfélagsbryggju og Löndunarbryggju og verður svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Um er að ræða u.þ.b. 9.300 fermetra landsvæði sem kallar á 45.000-50.000 rúmetra uppfyllingu og verður fyllingarefni tekið úr Vestari Hraungarðsnámu á Kolbeinstanga og úr malarnámum við Nýpslón.
Breytingin er liður í áformum um stækkun iðnaðarsvæðis og framkvæmda sem unnið er að í og við Vopnafjarðarhöfn, en í því sambandi er nauðsynlegt að halda áfram með landfyllingar vegna fyrirsjáanlegrar aukinnar þarfar á athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, á skrifstofutíma frá föstudeginum 7. október 2005.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 28. október 2005 og skal þeim skilað á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykkur þeim. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

Vopnafirði, 06.10. 2005.
F.h. sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps,
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri.

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ




TILKYNNINGAR

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
### – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Lagning vegar upp á Grenivíkurfjall í Grýtubakkahreppi**

**Breyting á árlegu magni lífræns úrgangs til urðunar í landi Rima, Mjóafjarðarhreppi.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**
Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **4. nóvember** 2005.

**Skipulagsstofnun**

Fræðsluráð hótel- og matvælagreina

## Sveinspróf
### í matvæla- og framreiðslugreinum 7. – 9. desember 2005.

Sveinspróf í bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu verða haldin dagana **7. – 9. desember 2005** í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi.

Umsóknarfrestur er til 4. nóvember n.k.
Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma. Athugið að greiða þarf leyfisgjald sveinsbréfa kr. 5.000 við innritun.

Með umsókn skal fylgja afrit námssamnings, brautskráningarskírteini og lífeyrissjóðsyfirlit. Fræðsluráð hefur heimild til að fresta prófi í einstökum greinum ef ekki næst næg þátttaka.

**Fræðsluráð hótel- og matvælagreina,**
**Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík,**
**sími 590 6400, fax 590 6401.**
**http://www.fhm.is**

## JARÐARFARIR

**13.00** Halldóra Elíasdóttir, Bólstaðarhlíð 34, Reykjavík, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

**13.00** Hjálmar Guðbjörnsson, bifreiðastjóri, Kleppsvegi 120, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

**13.00** Kristinn Sigurjónsson, Norðurbrún 1, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**13.00** Jón Jakobsson, Laugarnesvegi 89, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju í Reykjavík.

**13.00** Soffía I.S. Sigurðardóttir, dvalarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

**13.30** Sigurður Þórir Þórarinsson, tónlistarmaður, Hafnarstræti 45, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

**14.00** Rannveig Böðvarsson, Vesturgötu 32, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

**15.00** Guðmundur Bjarnason, vélstjóri, Háaleitisbraut 79, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## ANDLÁT

**Vilhjálmur Jónsson,** hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi forstjóri Olíufélagsins hf., lést á Droplaugarstöðum föstudaginn 30. september.

**Séra Sighvatur Birgir Emilsson,** Franklinsvej 13, 3260 Larvik, Noregi, andaðist laugardaginn 1. október.

**Sigursteinn Guðsteinsson,** áður til heimilis að Veghúsum 31, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 3. október.

**Jóna Jóhanna Jónsdóttir,** frá Brautarholti, Vestmannaeyjum, andaðist á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 4. október.

**Ólafía Benjamínsdóttir,** frá Katastöðum, Núpasveit, lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 4. október.

## AFMÆLI



**Randver Þorláksson** leikari er 56 ára.



**Þorsteinn Már Baldvinsson** útgerðarmaður er 53 ára.



**Ragnhildur Gísladóttir** tónlistarkona er 49 ára.



**Friðrik Skúlason** tölvunarfræðingur er 43 ára.

KALDÁRHÖFÐASVERÐIÐ AFHJÚPAÐ Í REYKJANESBÆ:

# Sjö metra sverð á Víkingatorgi

Fyrir nærri 50 árum fannst sverð í landi Kaldárhöfða við Úlfljótsvatn. Það hefur verið kallað Kaldárhöfðasverð og er varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands en talið er að sverðið hafi verið í eigu höfðingja sem uppi var á tíundu öld.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mun afhjúpa stækkaða eftirgerð af Kaldárhöfðasverðinu á Víkingatorgi í Reykjanesbæ klukkan sjö í dag. Stefán Geir Karlsson sá um gerð sverðsins sem er úr graníti og sjö metra hátt.

Sverðið vísar á Víkingaheim sem mun rísa við ströndina við Fitjar og tengjast nausti víkingaskipsins Íslendings og sögu víkinga Norður Atlantshafsins.

Að lokinni vígslu sverðsins mun áhugahópur um hafsúluna standa fyrir Súluveislu í Stapanum, en hafsúlan er einkennisfugl Reykjanesbæjar. Þar verður meðal annars boðið upp á sjávarrétti, súlu og lambakjöt.



KALDÁRHÖFÐASVERÐIÐ



**BRÚÐHJÓN** Þann 10. september voru gefin saman í Háteigskirkju af séra Guðmundi Karli þau Rakel Hákonardóttir og Víkingur Þórir Víkingsson. Þau eru til heimilis í Reykjavík. Ljósmyndastofa Hafnarfirði.








SAMSTARFSAÐILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is
Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com
Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tækja- og tölvubúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolva.is

Tæknival
– sterk heild
SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www taeknival is



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.476 **-0,29%**

**Fjöldi viðskipta:** 261
**Velta:** 1.494 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | 2,59% | **Flaga** | -11,28% |
| **Jarðboranir** | 2,44% | **Straumur Fjárf.b.** | -1,15% |
| **Mosaic** | 0,71% | **FL Group** | -1,06% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,10 +0,00% ... Bakkavör 42,30 +0,00% ... FL Group 14,00 -1,06% ... Flaga 2,99 -11,28% ... HB Grandi 9,20 +0,00% ... Íslandsbanki 14,45 -0,69% ... Jarðboranir 21,00 +2,44% ... KB banki 580,00 +0,00% ... Kögun 54,20 -0,73% ... Landsbankinn 21,50 -0,46% ... Marel 64,00 +0,00% ... SÍF 4,47 +0,00% ... Straumur 12,95 -1,15% ... Össur 85,50 +0,59%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Velgengni á Búllunni

Hamborgarabúlla Tómasar opnaði snemmsumars við Reykjavíkurhöfn en allt frá opnun hefur verið margt um manninn á staðnum. Tómas Tómasson, sem áður rak Tommaborgara og Hard Rock Café, stjórnar Búllunni og telst varla nýgræðingur í bransanum. Nú er talsvert hvíslað manna í millum um velgengni Tomma á Búllunni. Talið er að veltan sé ekki undir tíu milljónum á mánuði, yfirbyggingin sé lítil, framlegðin góð, húsakostur og markaðsstarf beri lítinn kostnað og almennt gangi allt að óskum. Hafi því tveir fengið sérleyfi frá Tomma og opnað Búllur í Hafnarfirði og á Egilsstöðum og stefnir allt í að fleiri vilji opna.

### McDonalds 3 -Tommi 3

Því var einhvern tímann haldið fram að enginn hefði búið til fleiri milljónamæringa í heiminum en McDonalds. Hver sá sem fengi viðskiptasérleyfi frá McDonalds ætti vísa ávísun á trygg starfslok enda malaði staðurinn gull hvar sem hann væri settur niður. Stöðunum fjölgar ár frá ári í heiminum og ekkert lát virðist á og staðirnir spretta upp sem gorkúlur í sérhverju landi. Hér á landi reka McDonalds og Tommi jafnmarga staði í dag, þrjá hvor. Er búist við að Tommi muni með sama áframhaldi fjölga stöðum sínum verulega og fylgjast samkeppnisaðilarnir spenntir með.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Lántökur **ríkisins** í janúar til ágúst 2005 lækka samtals um 24 milljarða króna frá sömu mánuðum í fyrra.

Greiningardeild **Landsbankans** gerir ráð fyrir að hagnaður sextán félaga í Kauphöll Íslands verði samtals 29 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi og aukist um 65% á milli ára.

Gjaldeyrisforði **Seðlabankans** jókst um 12,4 milljarða króna í september og nam 70,7 milljörðum króna í lok hans.

*Landsbankinn* gekk í gær frá erlendri skuldabréfaútgáfu til fimm ára upp á einn milljarð evra, sem jafngildir rúmlega 73 milljörðum króna.

Innheimta eignarskatta í janúar til ágúst jókst töluvert á milli ára, eða um 45 prósent að raungildi. Auknar tekjur vegna stimpilgjalda skýra aukninguna að hluta.






# Kaupir meirihluta í umboðsaðilanum

**Kuoni á Norðurlöndunum hefur keypt sjötíu prósent í umboðsaðila sínum hér á landi. Framkvæmdastjóri Kuoni á Íslandi segir kaupin boða aukið framboð og sambærilegt verð og á Norðurlöndum.**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**TÓMAS ÞÓR TÓMASSON** Framkvæmdastjóri Landsferða segir framboð í sólarlandaferðir aukast og fjölbreytnin einnig eftir að ferðaskrifstofan Kuoni Skandinavia ákvað að kaupa sjötíu prósenta hlut í Landsferðum sem hafa verið umboðsaðili ferðaskrifstofunnar. Hann segir verðið verða sambærilegt við verð á Norðurlöndum.

Kuoni Scandinavia hefur keypt sjötíu prósenta hlut í Langferðum ehf. sem verið hefur umboðsaðili Kuoni hér á landi í á annað ár.

Tómas Þór Tómasson, framkvæmdastjóri Langferða segir þetta hafa mikla þýðingu fyrir starfsemina. Langferðir hafi verið með umboðssamning við Kuoni, en alltaf hafi staðið til, ef vel gengi, að Kuoni myndi kaupa meirihluta í fyrirtækinu. „Markaðurinn hér er lítill, en mjög áhugaverður. Við ferðumst mikið og sláum heimsmetið miðað við höfðatölu í þessu eins og mörgu öðru.“ Tómas segir þetta fyrstu fjárfestingu stórrar ferðaskrifstofu í skipulegum ferðum Íslendinga til útlanda.

Tómas segir að ferðaframboð muni aukast í kjölfar kaupanna. „Þeir eiga leiguflugsferðaskrifstofuna Apollo sem er ein af stóru sólarlandskrifstofunum á Norðurlöndunum. Þeir flytja rúmlega 700 þúsund farþega á ári.“ Hann segir að þegar sé ráðgert leiguflug í vetur til Kanaríeyja sem hefjast mun í janúar og þegar sé í undirbúningi aukið framboð hefðbundinna sólarlandaferða næsta sumar. „Verðið verður sambærilegt við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndunum.“ Tómas segir möguleikan á lægra verði liggja í að fastur kostnaður í ferðaskrifstofurekstri sé sameiginlegur og hagkvæmni stærðar Kuoni muni nýtast ferðaskrifstofunni hér á landi.

Kuoni er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og hefur verið kosið besti ferðaskipuleggjandi heims síðustu sjö ár af The World Travel Awards sem eru eins konar óskarsverðlaun í greininni.

Kuoni skipuleggur ferðir víða um heim og segir Tómas að samstarfið við Kuoni opni leiðir að fjölbreyttari ferðum en markaðurinn hér á landi ráði við. Kuoni hefur einnig skipulagt ferðir hingað til lands. Tómas segir að ekki hafi verið teknar ákvarðanir um hvort ferðaskrifstofan hér muni sjá um þær ferðir. „Það kemur til greina, en það er allt saman á hugmyndastigi enn sem komið er.“

Kuoni Skandinavia er dótturfyrirtæki Kuoni sem er skráð í kauphöllinni í Zürich. Hjá fyrirtækinu, sem stofnað var árið 1906, vinna átta þúsund manns á 100 skrifstofum.

hafldi@frettabladid.is

# Símasalan kostaði 750 milljónir

**Fjármagnstekjuskattur vegna sölu Símans tæpir sex milljarðar.**

Einkavæðing Landssíma Íslands kostar ríkissjóð 750 milljónir króna. Þar af nemur þóknun til breska fjármálafyrirtækisins Morgan Stanley, sem var ráðgjafi einkavæðingarnefndar við söluna, 696 milljónum króna. Alls er kostnaður vegna einkavæðingarverkefna á árinu áætlaður 777 milljónir króna.

Þetta kemur fram í frumvarpi um fjáraukalög sem fjármálaráðherra lagði fram á Alþingi í gær.

Síminn var seldur í sumar á 66,7 milljarða króna. Söluhagnaður ríkisins er hins vegar 57,5 milljarðar króna að því er fram kemur í frumvarpinu. Hagnaðurinn er fundinn út með því að draga bókfærð verðmæti símans, um 9,2 milljarða króna, frá söluverðinu. Þá þarf ríkið að greiða tíu prósent fjármagnstekjuskatt af hagnaðinum eða um 5,75 milljarða króna.

– bg





Í dag er Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn!

„Andleg og líkamleg heilsa yfir æviskeiðið“

Geðheilbrigði varðar alla! Kynntu þér fjölbreytilega dagskrá inn á **landlaeknir.is**.



# Flaga fellur áfram

## Lækkar mest frá áramótum

Ekkert félag hefur lækkað meira í Kauphöll Íslands frá áramótum en hátæknifyrirtækið Flaga Group sem hefur lækkað um 51 prósent. Í gær féll gengi hlutabréfa í Flögu um ellefu prósent.

Frá síðustu mánaðamótum hefur Flaga lækkað um sautján prósent í aðeins sex milljóna króna viðskiptum.

Bogi Pálsson, starfandi stjórnarformaður Flögu, var spurður hvort örvænting hefði gripið um sig meðal fjárfesta: „Ekki held ég það. Það hefur verið lítið flot á bréfum og einhverjir minni hluthafar verið að losa. Stærri hluthafar hafa hins vegar haldið sínu.“

Miklar breytingar urðu á yfirstjórn félagsins fyrr á árinu þegar bæði forstjóri og aðstoðarforstjóri létu af störfum auk annarra lykilstarfsmanna. Félagið tapaði einni milljón dala á fyrri hluta árs. - eþa

# Miklar lækkanir í Noregi

## Lækkun olíuverðs skekur markaðinn.

Norrænu hlutabréfamarkaðirnir lækkuðu hratt í gær. Norski hlutabréfamarkaðurinn var í frjálsu falli og lækkaði um tæp fjögur prósent sem er mesta lækkun sem sést hefur í langan tíma. Markaðsvirði Statoil, sem er stærsta fyrirtækið í norsku Kauphöllinni, lækkaði um sextíu milljarða eða fimm prósent. Norsk Hydro lækkaði einnig um tæp fimm prósent.

Norski markaðurinn er mjög háður þróun olíuverðs sem hefur ekki verið lægra í meira en tvo mánuði eftir að það fór hæst í sjötíu dali á tunnu fyrir fáeinum vikum.

Ivar Strompdal hlutabréfasérfræðingur telur að norski markaðurinn, sem hefur hækkað látlaust frá byrjun árs 2003, hafi náð toppnum. Hann segir í samtali við Dagens Næringsliv að hann búist við að aðalhlutabréfavísitalan, sem fór hæst í 330 stig, fari niður í 300 stig fyrir lok ársins og biður almenning um að fara varlega í öll hlutabréfakaup.

Dönsku, finnsku og sænsku kauphallarnir lækkuðu einnig en þó minna en sú norska, enda minna um skráð olíufyrirtæki þar. Finnski markaðurinn lækkaði um 1,5 prósent en sá danski um eitt prósent. Aðalvísitalan í Svíþjóð lækkaði um 1,15 prósent. ■





KB ERLEND HLUTABRÉF

11,5%*

hækkun frá áramótum

*Samkv. www.sjodir.is m.v. 30. sept.




KB ERLEND HLUTABRÉF er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta í hlutabréfum traustra erlendra fyrirtækja en horfa fyrst og fremst til ávöxtunar í íslenskum krónum. Við stýringu sjóðsins er lögð sérstök áhersla á að draga markvisst úr gjaldmiðlaáhættu. Kynntu þér málið á kbbanki.is

KB ERLEND HLUTABRÉF er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI

Grillaður kjúklingur og Coca-Cola 2l



899kr

Gildir einnig með 2L Coke Light

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

52-53 (28-29) Sport 6.10.2005 22:14 Page 2





## Heyrst hefur ...

... að Valsmennirnir Guðmundur Benediktsson og Sigþór Júlíusson séu að íhuga það alvarlega að leggja skóna á hilluna en báðir fengu endurnýjaða lífdaga á Hlíðarenda í sumar eftir mögur ár í Vesturbænum þar á undan. Guðmundur átti frábært tímabil og Sigþór stóð fyrir sínu og þetta verður því mikill missir fyrir bikarmeistarana.

**sport**
sport@frettabladid.is

ARNÓR ATLASON HJÁ MAGDEBURG: LEYSTI KRETZSCHMAR AF HÓLMI Í HORNINU

# *Arnór, Sigfús og Alfreð slógu met*

Arnór Atlason, Sigfús Sigurðsson og þjálfarinn Alfreð Gíslason í Magdeburg, slógu nýtt met í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta með 23ja marka sigri á botnliði Wilhelmshavener HV í fyrrakvöld, 45-22. Arnór fékk loksins tækifæri í liði Magdeburg og skoraði sjö mörk og Sigfús skoraði þrjú. Magdeburg jafnaði met Kiel sem sigraði Pfullingen einnig með 23ja marka mun, 48-25, fyrir tveimur árum.

„Ég spilaði allan leikinn, lengst af sem leikstjórnandi en síðasta korterið fór ég í hornið til að leysa Stefan Kretzschmar af hólmi en hann var hvíldur fyrir meistaradeildina. Ég hef ekki verið þekktur sem liprasti hornamaður í heimi en ég skoraði samt tvö mörk úr horninu," sagði Arnór í samtali við Fréttablaðið.

Hann missti algjörlega af undirbúningi Magdeburg fyrir leiktíðina þar sem hann var upptekinn með íslenska U21 árs landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi. Þar sem samkeppnin í liðinu er hörð hefur Arnór þurft að verma varamannabekkinn í haust og stundum þurft að horfa á leikina úr stúkunni.

„Mér var auðvitað tjáð að ég væri framtíðarleikmaður. Ég vil samt sem áður láta að mér kveða þótt ég sé hálfgerð varaskeifa eins og er og þess vegna var gott að fá tækifærið gegn Wilhelmshavener og sýna þeim hvað ég get. Sigfús spilaði einnig mjög vel í vörninni en hann tekur minni þátt í sóknarleiknum en skoraði samt þrjú mörk," sagði Arnór.



Alfreð Gíslason sagði við Fréttablaðið á dögunum að þetta yrði líklega hans síðasta tímabil sem þjálfari Magdeburg. „Það kemur okkur ekkert við hvað Alfreð gerir. Við ræðum þetta ekkert innan liðsins. Alfreð nýtur mikillar virðingar og hann sinnir vinnu sinni alveg hundrað prósent," sagði Arnór.

## > Við hrósum ...

... Körfuknattleikssambandi Íslands fyrir að styrkja gott málefni með því að gefa allan ágóðann af leikjunum í Meistarakeppninni um helgina til foreldrafélags barna með axlarklemmu. Það er alltaf ánægjulegt þegar íþróttahreyfingin leggur góðu málefni lið með þessum hætti.




## > Við vonum ...



.... að íslenska landsliðið í knattspyrnu standi sig vel gegn sterku liði Póllands í dag. Það vantar marga góða leikmenn í íslenska liðið og því fá margir óreyndir leikmenn tækifæri til þess að sanna hvað í þeim býr.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

4 5 6 **7** 8 9 10

**Föstudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.00 **Þór** og **ÍR** mætast á Akureyri í DHL-deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Fylkir** og **Afturelding** eigast við í DHL-deild karla í handbolta.
- ☐ 20.00 **Selfoss** og **HK** mætast í á Selfossi í DHL-deild karl í handbolta.

### SJÓNVARP

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00.
- ☐ 17.45 **Landsleikur í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Íslands og Póllands sýndur beint.
- ☐ 19.55 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- ☐ 20.55 **NFL-tilþrif** á Sýn.

# Nýtt lið sem hleypur inn á völlinn

**Brynjar Björn Gunnarsson verður fyrirliði Íslands sem mætir Póllandi í vináttulandsleik í Varsjá í dag klukkan þrjú. Indriði Sigurðsson hefur jafnað sig af veikindum og verður einnig með.**

**FÓTBOLTI** „Undirbúningurinn hefur ekki verið upp á það besta. Það vantar marga lykilmenn og nánast nýtt lið sem hleypur inn á völlinn. Flestir leikmannanna eru ungir að árum og að stíga sín fyrstu skref og oft ná þeir að spila upp fyrir sig í svona leikjum," sagði Ásgeir Sigurvinsson, landsliðsþjálfari Íslands, við Fréttablaðið eftir seinni æfingu landsliðsins í gær.

Pólverjar hafa komið allra liða mest á óvart í undankeppni HM en þeir mæta Englendingum í hreinum úrslitaleik í 6. riðli á Old Trafford á miðvikudaginn um sæti á HM.

Indriði Sigurðsson tók þátt í síðari æfingu landsliðsins í Varsjá í gær en hann sleppti þeirri fyrri vegna veikinda. Að sögn Ásgeirs verður Indriði með í leiknum í dag. Þá sagði Ásgeir að líklega fái allir leikmenn hópsins að spreyta sig en í honum eru tveir nýliðar, þeir Daði Lárusson og Sölvi Geir Ottesen.

Ásgeir vildi ekki gefa upp hver yrði fyrirliði Íslands gegn Póllandi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Brynjar Björn Gunnarsson bera fyrirliðabandið í fyrsta sinn.

„Við förum varlega inn í leikinn og spilum frekar aftarlega og leggjum áherslu á agaðan varnarleik. Ég hef enga trú á öðru en Pólverjar stilli upp sínu sterkasta liði enda leikurinn mikilvægur undirbúningur fyrir Englandsleikinn. Pólska knattspyrnulandsliðið er gríðarlega vinsælt um þessar mundir hér í Póllandi sem er auðvitað í takt við árangur liðsins en þeir eru langt komnir á HM," segir Ásgeir.

Ásgeir og Logi Ólafsson tilkynna byrjunarliðið í dag en sem kunnugt er vantar átta leikmenn, þar á meðal alla þrjá sem leika í ensku úrvalsdeildinni, þá Eið Smára Guðjohnsen, Hermann Hreiðarsson og Heiðar Helguson. Þá er aðalmarkvörður Íslands, Árni Gautur Arason, fjarverandi.

**thorsteinngunn@frettabladid.is**

**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ:**
**Markvörður**: Kristján Finnbogason.
**Vörn**: Kristján Örn Sigurðsson, Auðun Helgason, Stefán Gíslason og Indriði Sigurðsson.
**Miðjumenn**: Brynjar Björn Gunnarsson og Kári Árnason. Framar á miðjunni Grétar Rafn Steinsson, Gylfi Einarsson og Arnar Þór Viðarsson.
**Framherji**: Hannes Þ. Sigurðsson.



**FYRIRLIÐASKIPTI** Brynjar Björn Gunnarsson mun bera fyrirliðabandið í stað Eiðs Smára í leiknum í dag.




Sven Göran Eriksson í vandræðum:

## Tekur Ferdinand fram yfir Campbell

**FÓTBOLTI** Rio Ferdinand og John Terry verða miðvarðarparið í enska landsliðinu sem mætir Austurríki á Old Trafford á morgun í undankeppni HM, en Sol Campbell þarf að dúsa á varamannabekknum.

Sven Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, hefur í fyrsta skipti í langan tíma alla þessa þrjá varnarmenn heila heilsu og þarf að gera upp á milli þeirra. Ferdinand hefur verið gagnrýndur fyrir frammistöðu sína í haust en þrátt fyrir það heldur Eriksson tryggð við hann.

David Beckham og Michael Owen hafa jafnað sig af meiðslum og æfðu með enska landsliðinu í gær og verða með á morgun. Talið er að Peter Crouch, framherji Liverpool, verði í fremstu víglínu með Michael Owen en Wayne Rooney er í leikbanni.

Átta liða úrslit Hópbílabikars kvenna í körfubolta:

## Haukastúlkur í undanúrslitin

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur eru komnar í undanúrslit Hópbílabikars kvenna eftir 24 stiga sigur á nýliðum Breiðabliks, 76-52, á Ásvöllum en Blikar höfðu unnið fyrri leikinn með átta stigum.

Blikar voru vel inn í leiknum framan af Haukar áttu góðan sprett í lok fyrri hálfleiks sem kom þeim 12 stigum yfir fyrir hlé, 37-25, og gerðu síðan endanlega út um leikinn með því að skora 10 stig í röð í lok þess þriðja. Haukar unnu að lokum með 24 stiga mun og þar með einvígið samanlegt með 16 stigum.

Pálína Gunnlaugsdóttir átti mjög góðan dag hjá Haukum, skoraði 19 stig, stal 6 boltum og gaf 5 stoðsendingar, Kristrún Sigurjónsdóttir var með 15 stig, 7 fráköst og 5 stolna og Hanna Hálfdanardóttir skoraði 14 stig og tók 5 fráköst. Þá má ekki gleyma þætti Sigrúnar Ámundadóttur sem skoraði 13 stig. Hauka þurftu því aðeins 8 stig frá Keshu Tardy sem tók þá 10 fráköst. Hjá Breiðabliki var Jessalyn Deveny með 24 stig, 8 fráköst og 4 stoðsendingar, Freyja Sigurjónsdóttir skoraði 9 stig og Efemía Sigurbjörnsdóttir skoraði 7 stig.



**PÁLÍNA ALLT Í ÖLLU** Pálína Gunnlaugsdóttir tók á sig meiri ábyrgð í fjarveru Helenu Sverrisdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Stöð 2 kynnir með stolti

# NÝTT ÍSLAND Í DAG!

Með traustu fólki, á nýjum tíma, alla virka daga.



erotica shop
www.pen.is
50% afsláttur af öllum tækjum.
Rýmum fyrir nýjum vörum.
50% afsláttur af eldri vörum
Erotica Shop • Hverfisgata 82

Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

!
Talstöðin
FM 90,9

# Meistararnir mætast í Keflavík

## Meistarakeppni KKÍ fer fram á sunnudaginn en þar mætast Keflavík og Njarðvík í karlaflokki en Keflavík og Haukar í kvennaflokki.

**KÖRFUBOLTI** Góðgerðaleikir KKÍ fara fram á sunnudaginn en þar mætast Íslands- og bikarmeistarar karla og kvenna í Meistarakeppninni en sú venja hefur skapast að ágóði leikjanna rennur til góðgerðarmála. Að þessu sinni er það Foreldrafélag barna með axlarklemmu sem fær að njóta góðs af leikjunum.

Sigrún Sigmarsdóttir, formaður foreldrafélagsins, segir peningana sem renna til félagsins koma sér sérstaklega vel. „Þetta skiptir okkur miklu máli því félagið hefur ekki verið sérstaklega sýnilegt til þessa, enda félagið fámennt og frekar lítið. En við ætlum að nota peningana til þess að setja upp aðgengilega heimasíðu þar sem foreldrar barna með axlarklemmu geta leitað sér upplýsinga.“

Sverrir Sverrisson, þjálfari kvennaliðs Keflavíkur og leikmaður karlaliðsins, á von á erfiðum leikjum. „Að mínu mati eru báðar þessar viðureignir mjög athyglisverðar því þarna mætast að mínu mati sterkustu lið landsins um þessar mundir. Stundum hafa orðið miklar breytingar á leikmannahópum liðanna milli ára en að þessu sinni hafa þeir haldist nánast óbreyttir. Þannig að þetta verða örugglega jafnir og spennandi leikir.“

Ómar Rafnsson, formaður KKÍ, á von á skemmtilegu körfuboltatímabili en það hefst formlega með þessum tveimur leikjum.

„Ég finn fyrir miklum meðbyr með körfuboltahreyfingunni. Sérstaklega í unglingastarfi hjá félögunum sem er að alltaf að bæta gæði íslensks körfubolta. Unglingalandsliðin hafa náð frábærum árangri og við erum nú eina Norðurlandaþjóðin í karlaflokki sem á landslið í A-deild og það segir mikið um það góða starf sem unnið hefur verið á undanförnum árum. Við höfum líklega aldrei átt fleiri atvinnumenn í körfubolta en núna og það sýnir hversu langt er hægt að ná ef menn eru tilbúnir til þess að leggja mikið á sig.“

Báðir leikirnir fara fram á heimavelli Íslandsmeistaranna í karla- og kvennaflokki, í Keflavík.

magnush@frettabladid.is



**JEB IVEY OG SVERRIR SVERRISSON** Jeb Ivey, sem fór frá Fjölni fyrir skömmu og gekk til liðs við Njarðvík, og Sverrir Sverrisson takast hér á um bikarinn sem keppt verður um á sunnudag. FRÉTTABL./VALLI

### STYRKÞEGAR MEISTARAKEPPNI KKI

| | |
|---|---|
| 1995: | Samtök krabbameinssjúkra barna |
| 1996: | Jafningjafræðsla framhaldsskólana |
| 1997: | Neistinn – styrktarfélag hjartveikra barna |
| 1998: | FSBU – foreldrafélag sykursjúkra barna |
| 1999: | LAUF – landssamtök áhugafólks um flogaveiki |
| 2000: | Samtök barna með tourett heilkenni |
| 2001: | PKU – Samtök foreldra barna með efnaskiptasjúkdóma |
| 2002: | Foreldrafélag geðsjúkra barna og unglinga |
| 2003: | Einstök börn |
| 2004: | MND-félagið |
| 2005: | Foreldrafélag barna með axlarklemmu |

## Hvað er axlarklemma?

Axlarklemma getur myndast þegar ljósmóðir þarf að taka á móti barni með miklu afli. Oft stendur á öxlum barnsins og við það getur myndast mikil spenna sem getur valdið taugaskemmdum.

Börn geta lamast í handleggjum til skamms tíma en oftast nær gengur lömunin til baka. Í sumum tilfellum þurfa börnin að glíma við taugaskemmdir sem erfitt er að lækna og þurfa oft að gangast undir kostnaðarsamar aðgerðir sem ekki er hægt að framkvæma hérlendis.



**HEFUR LOKIÐ KEPPNI** Birgir Leifur mun ekki taka þátt á lokamóti Áskorendamótaraðarinnar í golfi.

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Kemst ekki inn á lokamótið

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, tekur ekki þátt í lokamótinu á Áskorendamótaröðinni í golfi sem hefst á Tenerife á Kanaríeyjum í dag. Ástæðan er sú að mótið er sameiginlegt fyrir evrópsku mótaröðina og Áskorendamótaröðina og fleiri kylfingar ofar á styrkleikalistanum sem ganga fyrir en Birgir Leifur er fimmtándi á varalista.

Birgir Leifur tekur næst þátt í öðru stigi fyrir evrópsku mótaröðina í næsta mánuði á Spáni en hann var aðeins einu höggi frá því að tryggja sér fullan þátttökurétt inn á evrópsku mótaröðina í fyrra.

- þg

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER
FÁÐU BEINT Í VESKIÐ
50.000 KR.
BENSÍNINNEIGN
FRÍ ÁBYRGÐAR- OG KASKÓTRYGGING*
*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Með bílinn handa þér
VÖRÐUR
LÝSING
HYUNDAI hefur gæðin
RENAULT
BMW
LAND ROVER GO BEYOND™
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá kl 12 til 16.
Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230 • Álaugarey Höfn sími 478 1577

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# FRYSTIKISTUR




## VANDAÐAR FRYSTIKISTUR VEL BÚNAR OG MEÐ ORKUNÝTINGU B

GERÐU VERÐSAMANBURÐ
**ÞAÐ MARGBORGAR SIG!**

VESTFROST

| Heiti | Lítrar brúttó | Lítrar nettó | Hæð | Breidd | Dýpt | Körfur | Space Manager | Lás | Hjól | Ljós | Rafnotk. kWh /24klst. | Orku-flokkur | Fullt verð | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SZ225C | 225 | 225 | 85 | 92 | 65 | 1 | Nei | Já | Nei | Já | 0,81 | B | 44.995 | TILBOÐ | 39.995 |
| SZ282C | 282 | 282 | 85 | 102 | 65 | 1 | Nei | Já | Já | Já | 0,92 | B | 49.995 | TILBOÐ | 44.995 |
| SZ399C | 399 | 399 | 85 | 137 | 65 | 2 | Nei | Já | Já | Já | 1,15 | B | 59.995 | TILBOÐ | 52.995 |
| SZ464C | 464 | 464 | 86 | 156 | 65 | 2 | Nei | Já | Já | Já | 1,30 | B | 62.995 | TILBOÐ | 59.995 |

Whirlpool

| Heiti | Lítrar brúttó | Lítrar nettó | Hæð | Breidd | Dýpt | Körfur | Space Manager | Lás | Hjól | Ljós | Rafnotk. kWh /24klst. | Orku-flokkur | Fullt verð | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFG610B | 105 | 103 | 86 | 53 | 58 | 1 | Nei | Nei | Nei | Nei | 0,57 | B | 32.995 | TILBOÐ | 27.995 |
| AFG614B | 141 | 138 | 86,5 | 57 | 65 | 1 | Nei | Já | Já | Nei | 0,64 | B | 34.995 | TILBOÐ | 29.995 |
| AFG6211B | 215 | 212 | 86,5 | 81 | 65 | 1 | Nei | Já | Já | Nei | 0,78 | B | 37.995 | TILBOÐ | 34.995 |
| AFG626B | 265 | 258 | 88,5 | 95 | 66 | 1 | Nei | Já | Já | Já | 0,88 | B | 44.995 | TILBOÐ | 39.995 |
| AFG6391B | 327 | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 3 | Já | Já | Já | Já | 1,00 | B | 54.995 | TILBOÐ | 46.995 |
| AFG6491B | 423 | 408 | 88,5 | 134 | 66 | 4 | Já | Já | Já | Já | 1,16 | B | 59.995 | TILBOÐ | 49.995 |
| AFG6591B | 510 | 496 | 88,5 | 162 | 66 | 5 | Já | Já | Já | Já | 1,36 | B | 64.995 | TILBOÐ | 59.995 |

VESTFROST

*DÖNSK HÁGÆÐAVARA*

Whirlpool

**Heimilistæki**

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

HUGVERKAsmiðja

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

**HLJÓMSÝN** Akranesi - **SKAGAVER** Akranesi - **SAMKAUP ÚRVAL** Borgarnesi - **BLÓMSTURVELLIR** Hellissandi - **VERSLUNIN HAMRAR** Grundarfirði - **SKIPAVÍK** Stykkishólmi - **KAUPFÉLAG KRÓKSFJARÐAR** Króksfjarðarnesi - **ÞRISTUR** Ísafirði - **KAUPFÉLAG V-HÚNVETNINGA** Hvammstanga - **KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA** Sauðárkróki - **RAFBÆR** Siglufirði - **LJÓSGJAFINN** Akureyri - **ÖRYGGI** Húsavík - **SPARKAUP** Fáskrúðsfirði - **VERSLUNIN VÍK** Neskaupsstað - **SAMKAUP STRAX** Seyðisfirði - **FLÁABRÚN** Vopnafirði - **HS-RAF** Eskifirði - **VERSLUNIN VÍK** Reyðarfirði - **SINDRI KHB** Egilsstaðir - **MARTÖLVAN** Höfn - **KASK** Höfn - **MOSFELL** Hellu - **FOSSRAF** Selfossi - **BRIMNES** Vestmannaeyjum - **GEISLI** Vestmannaeyjum - **VERSLUNIN RÁS** Þorlákshöfn - **NETTÓ** Grindavík - **RAFEINDATÆKNI** Reykjanesbæ - **SAMKAUP** Reykjanesbæ - **RAFBÚÐIN** Hafnarfirði - **RAFMÆTTI** Hafnarfirði.

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR







## STUÐ MILLI STRÍÐA Að sigra með uppgjöf

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** HLJÓP AFTUR Á VEGG.



Ég er haldinn krónískum sjúkdómi sem ég verð að sinna daglega. Það sem verra er er að ef ég sofna á verðinum taka sjúkdómseinkennin völdin og verða til þess að ég hleyp á veggi, með höfuðið á undan mér, þangað til þeir hrynja og líf mitt stendur eftir í rústum.

Nú er það auðvitað svo yfirmáta heimskulegt að eyðileggja líf sitt með því að dúndra hausnum ítrekað í veggi að maður skyldi ætla að það væri hægur vandi að hafa hemil á sér og halda meininu niðri einfaldlega með því að breyta alltaf rétt.

Þetta er því miður ekki svona einfalt. Meinið er nefnilega að hluta til andlegt og gerir það að verkum að maður vinnur markvisst gegn sjálfum sér andlega og líkamlega. Breytir rangt án þess að fá rönd við reist. Væri þetta bráðaofnæmi fyrir hnetum myndi maður auðvitað ekki stofna lífi sínu í hættu með því að éta hnetur.

Alkóhólisminn er lúmskari og lævísari sjúkdómur en hnetuofnæmi þar sem hann grasserar í hausnum á sjúklingnum og fær hann til þess að vinna sjálfum sér sem flest til miska. Meinið herjar ekki aðeins á sjúklinginn heldur alla þá sem honum þykir vænt um. Á meðan alkinn lemur hausnum við steininn traðkar hann á tilfinningum þeirra sem hann elskar.

Allt er þetta helvíti hart og hljómar svo illa að maður skyldi ætla að öll barátta sé vonlaus og alkóhólismi geti ekki leitt til annars en geðveiki eða dauða. Það er hins vegar til lausn en hún birtist sjúklingnum ekki fyrr en hann hefur gefist upp. Þegar hann hefur játað sig sigraðan og tapað öllu finnur hann auðmýktina sem þarf til að takast á við meinið og það er dæmigert fyrir þversögnina sem fólgin er í þessum leiðindakvilla að það er ekki fyrr en maður gefst upp sem hægt er að fara að snúa vörn í sókn.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 9 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 6 | 3 | 5 | 7 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 1 | | | 3 | 4 | 6 | |
| 9 | | | | 4 | 6 | | | 2 |
| | | 3 | | | 7 | 5 | 8 | |
| | | | 8 | 9 | | 3 | 2 | |
| 4 | | | | | | | | 6 |
| | 5 | 2 | | 3 | 4 | | | |
| | 1 | 6 | 4 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | 5 | | | | 8 |
| | 7 | 8 | 3 | | | 1 | | 5 |

# myndasögur

## pondus

Eftir Frode Overli




## gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Gæða plastvörur
## á ótrúlegu verði

Fáanlegt í Skeifu
og Smáralind.

HAMMAR PLAST®



Hamarplast býður upp á úrval af ílátum og boxum fyrir heimilið sem nýtast á ótal vegu.

KOMIÐ RÖÐ OG REGLU
Á HEIMILIÐ MEÐ
HAMMARPLAST!




**Skálasett** 3 stk. 1,5 ltr., 2 ltr. og 3 ltr.




**Skúringarfata** 17 ltr. þríhyrnd




**Hobbýkassi** 31 ltr.




**Skúringarfata** 10 ltr.




**Staflkörfur** 3 stærðir




**Matarbox** 4 stærðir

Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**!** **Kl. 22.00**
*Umræðufundur verður í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu um málefni innflytjenda í tilefni af sýningu kvikmyndarinnar Gegen die Wand á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, sem fjallar um tyrkneska innflytjendur í Þýskalandi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Þetta mánaðarlega byrjar

Leikfélagið Hugleikur verður með mánaðarlegar skemmtidagskrár í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur undir yfirskriftinni Þetta mánaðarlega. Fyrsta dagskráin verður núna um helgina, í kvöld og annað kvöld og hefst klukkan 21. Hugleikur hefur undanfarin ár lagt áherslu á uppsetningu frumsaminna einþáttunga og dagskráin einkennist af því. Fimm einþáttungar verða frumfluttir í októberdagskránni. Þeir eru Hefur einhver sagt þér hvað þú ert líkur Robert Redford? eftir Jón Guðmundsson, Stefnumót eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Helgin eftir Hrefnu Friðriksdóttur og tveir þættir eftir Nínu B. Jónsdóttur, Snemma beygist krókurinn og Snyrting. Höfundar og leikstjórar eru úr röðum



félagsmanna, en Hugleikur hefur sem kunnugt er sérhæft sig í að sýna verk eftir innanfélagsmenn. Efnistökin spanna líka allan skalann frá grínaktugum ýkjustíl yfir í römmustu alvöru.

## > Ekki missa af

... sýningu **Bjargar Bjarnadóttur, Draumar í þjóðtrú Íslendinga**, sem lýkur um helgina. Sýningin er í Minjasafninu á Akureyri. Opið er frá 14-16.

... ráðstefnu um sögulegar skáldsögur sem haldin verður í Reykholti og Norræna húsinu núna um helgina. Á morgun lesa úr verkum sínum í Norræna húsinu þau **Kjartan Fløgstad** og **Kim Småge** frá Noregi, **Ola Larsmo** frá Svíþjóð og **Kristín Steinsdóttir, Eyvindur P. Eiríksson** og **Þórarinn Eldjárn** frá Íslandi

... stuttum tónleikum eins manns hljómveitarinnar **Tonik** í verslunninni Tólf tónum við Skólavörðustíg klukkan 17 í dag.

# Nýtt félag stofnað

Á sunnudaginn ætla íslenskir söngkennarar að stofna fagfélag sem á að verða umræðuvettvangur um hvaðeina sem tengist faginu, stuðla að námskeiðahaldi, símenntun, upplýsingaflæði milli félaga um kennsluefni og þar fram eftir götunum.

Félagið fær heitið Félag íslenskra söngkennara og félagar í því geta orðið allir þeir sem hafa lokið söngkennaranámi eða hafa stundað söngkennslu að einhverju marki í þrjú ár.

Formlegur stofnfundur félagsins verður haldinn í sal Söngskólans í Reykjavík. Sérstakur gestur fundarins verður Marvin Keenze, stjórnarmaður alþjóðasamtaka söngkennara, og mun hann ávarpa fundarmenn. Einnig verður minnst framlags nokkurra frumkvöðla í söngkennslu á Íslandi og þeim færður þakklætisvottur. Þetta eru þau Þuríður Pálsdóttir, Sigurður Demetz Franzson og Guðmundur Jónsson.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON SÖNGKENNARI** Verður heiðraður ásamt öðrum frumkvöðlum söngkennslu á Íslandi.









# Þetta er bara upphafið

**Björgvin Þ. Valdimarsson samdi lagið Undir dalanna sól þegar hann var um tvítugt. Nú er hann í fyrsta sinn að senda frá sér disk með eigin lögum, sem mörg hafa komið út í flutningi annarra.**

„Þetta er bara byrjunin hjá mér,“ segir Björgvin Þ. Valdimarsson tónskáld, sem þessa dagana er að senda frá sér geisladisk með fjórtán lögum.

Björgvin hefur samið tugi laga sem mörg hver hafa notið vinsælda og verið gefin út í flutningi kóra og einsöngvara. Fyrir ein jólin komu út sextán lög eftir Björgvin á ýmsum diskum. Þetta er samt í fyrsta skiptið sem Björgvin hefur umsjón með útgáfu laganna sinna.

„Mér fannst kominn tími til að gera eitthvað sjálfur í þessu og með því að setja þau út fyrir hljómsveit fáum við nýtt andlit.“

Hann hefur útsett þau fyrir hljómsveit, einsöng og tvísöng og fengið til liðs við sig söngvarana Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Óskar Pétursson, Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Álftagerðisbræður, sem syngja eitt lag.

Þekktasta lagið sem Björgvin hefur samið er vafalaust Undir dalanna sól, sem margir halda að sé töluvert eldra en Björgvin sjálfur og hljómar oftast í flutningi norðlenskra söngvara og söngsveita á borð við Álftagerðisbræður.

„Ég var ekki nema tvítugur þegar ég samdi þetta lag, en núna hef ég sett það í nýjan búning fyrir hljómsveit og tvo einsöngvara.“ Á disknum, sem heitir eftir þessu fræga lagi Björgvins, syngja þeir Óskar Pétursson og Bergþór Pálsson þetta lag ásamt hljómsveit sem er skipuð hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Maður er svo vanur að heyra þetta lag með Álftagerðisbræðum en Bergþóri tekst að fara nýjar leiðir í túlkun þess. Annars eru lögin á disknum öll frekar alþýðleg og aðgengileg, en svo á ég líka til dramatískari lög sem mig langar að fara að huga að útgáfu að.“



**BJÖRGVIN Þ. VALDIMARSSON TÓNSKÁLD** Sendir frá sér sinn fyrsta geisladisk. Þar er valinn maður í hverju rúmi eins og Diddú.

Stúlkur úr Stúlknakór Reykjavíkur og félagar úr Skagfirsku söngsveitinni syngja með einsöngvurunum í nokkrum lögum á disknum og í síðasta laginu, sem heitir Tengdamömmuvalsinn, leikur Helga Þóra Björgvinsdóttir, sem er dóttir Björgvins, einleik á fiðlu. Hún er í framhaldsnámi í fiðluleik í Berlín í Þýskalandi.

Björgvin er frá Selfossi og stjórnaði lengi vel Samkór Selfoss og síðan Skagfirsku söngsveitinni í Reykjavík, sem hann stjórnar enn í dag. Hann rekur einnig eigin tónlistarskóla sem heitir Tónlistarskóli Björgvins og hefur gefið út þó nokkuð af kennsluefni fyrir píanónemendur.

# Slavek enn að gera það gott

Stuttmynd Gríms Hákonarsonar, Slavek the Shit, hefur verið að gera það gott að undanförnu. Hún vann nýlega til verðlauna á tveimur ítölskum stuttmyndahátíðum. Annars vegar var um að ræða sérstök áhorfendaverðlaun á Malescorto-hátíðinni og svo fékk hún sérstaka tilnefningu dómnefndar á Cittadella del Corto í Róm.

Sigurganga Slavek hefur verið mikil og var hún meðal annars sýnd á Cannes-hátíðinni í ár. Þá vann hún Shorts & Docs hátíðina og var sýnd á Nordisk Panoramahátíðinni í Bergen. Grímur fer væntanlega um næstu helgi til Suður-Kóreu og sýnir myndina þar á Pusan-kvikmyndahátíðinni en hún er ein stærsta kvikmyndahátíð Asíu. Ferð klósettvarðarins Slavek er þó hvergi nærri lokið því á næstu vikum verður myndin sýnd á kvikmyndahátíðum í Leeds og Barcelona svo einhver dæmi séu tekin.



**SLAVEK THE SHIT** Hefur farið sigurför um Evrópu.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN**
Les upp úr verkum sínum ásamt fleiri höfundum sögulegra skáldsagna.

# Sögur um söguna

Ráðstefna um sögulegar skáldsögur verður haldin í Reykholti og Norræna húsinu núna um helgina. Höfundar sem koma fram á ráðstefnunni eru Kjartan Fløgstad og Kim Småge frá Noregi, Ola Larsmo frá Svíþjóð og Kristín Steinsdóttir, Eyvindur P. Eiríksson og Þórarinn Eldjárn frá Íslandi. Fræðimenn eru Anne Birgitte Rønning, Jón Yngvi Jóhannsson, Torfi Tulinus og Úlfar Bragason.

Fræðilegi hluti ráðstefnunnar fer að mestu leyti fram í Snorrastofu í dag en á morgun lesa höfundar úr verkum sínum í Norræna húsinu.

Ráðstefnan er haldin í tilefni 100 ára afmælis sambandsslita Noregs og Svíþjóðar.



**ÍSAK RÍKHARÐSSON EINSÖNGVARI**
Hann tekur lagið með Mótettukór Hallgrímskirkju í nóvember.

# Syngja tvær sálumessur

Tvær af frægustu sálumessum tónlistarsögunnar verða fluttar á tónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju sunnudaginn 6. nóvember. Önnur er eftir Gabriel Fauré en hin eftir Wolfgang Amadeus Mozart.

Flytjendur auk Mótettukórs og Kammersveitar Hallgrímskirkju eru drengjasópraninn Ísak Ríkharðsson, sem syngur Pie Jesu, kaflann fræga í Sálumessu Faurés, og einsöngvararnir Pascale Schulze-Schmidt sópran, Alina Dubik alt, Gunnar Guðbjörnsson tenór og Andreas Schmidt bassi. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Miðasala er hafin í Hallgrímskirkju.






# Erum við veruleikafirrt?

## LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Forðist okkur**

Nemendaleikhúsið sýnir í samvinnu við Common Nonsense/ Borgarleikhúsið / Litla sviðið / **Höfundur:** Hugleikur Dagsson / **Leikstjórar:** Stefán Jónsson og Ólöf Ingólfsdóttir / **Leikmynd:** Ilmur Stefánsdóttir / **Lýsing og tæknistjórn:** Egill Ingibergsson / **Búningar:** Rannveig Kristjánsdóttir, Elsa María Blöndal og Ilmur Stefánsdóttir / **Tónlist og hljóðmynd:** Davíð Þór Jónsson / **Leikaraefnin:** Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Víðir Guðmundsson / **Gestaleikur:** Valur Freyr Einarsson og Aðalheiður Halldórsdóttir.

**NIÐURSTAÐA:** Allt fellur í eina gróteska heild sem skapar að mínu viti brjálað leikhús sem kannski ekki allir hafa smekk fyrir en ljósi punkturinn er sá að það er verið að segja okkur eitthvað um okkur.

Það byrjar vel. Leikarar í búningum frammi að blanda geði við væntanlega áhorfendur. Öllum plantað í óþægilega skrifstofustóla á hjólum úti á miðju gólfi. Jæja, á nú að fara að taka út á manni. Á nú að draga áhorfendur upp á svið, láta þá taka þátt í fjörinu? Interaktívt leikhús eitthvað? Ég er ekki að nenna þessu. Bakveikur. Sé fyrir mér martröðina að kúldrast á barnastól í þrjá tíma. Treðst í sæti. Einhver færir mig til. Ég tek of mikið pláss. Vinsamlegast halda sér innan við ákveðna línu. Sessunautur minn glottir. Finnst þetta ofboðslega listrænt eitthvað. Nú á ég að upplifa hvað lífið getur verið óþægilegt. Djöfullinn sjálfur. Ég er ekki að meika þetta. Ljós niður. Hávaði. Raddir. Effektar. Ljós upp. Leikritið byrjar.

Ég glenni upp augun, legg við hlustir. Jamm. Áhugavert. Spennandi krakkar að leika. Falleg, fim og hæfileikarík. Kraftmikil. Hafa gaman af því sem þau eru að gera. Ég er allur að verða miklu jákvæðari og eftir tíu mínútur er ég dottinn á kaf í þennan vitfirrta heim sem höfundur er að sýna okkur. Heiminn sem við Íslendingar erum að skapa okkur og afkomendum okkar. Dópið, brennivínið, kynlífið, lygin, blekkingin, firringin, brjálæðið og Guðleysið.

Puttaförin hans Stefáns Jónssonar úti um allt, hreyfingarnar frá Ólöfu, ljósagaldurinn hans Egils, möguleikar rýmisins á Litla sviðinu sniðuglega nýttir, teiknimyndir Hugleiks vakna til lífs og allt fellur í eina gróteska heild sem skapar að mínu viti brjálað leikhús sem kannski ekki allir hafa smekk fyrir en ljósi punkturinn er sá að það er verið að segja okkur eitthvað um okkur.

Hér er varpað upp spegilmynd af samtímanum og allir gætu lært sitthvað á því að spegla sig í henni. Hvernig væri að hægja ferðina. Staldra við og hugleiða. Á hvaða leið er ég? Hvað ætla ég að gera við líf mitt? Ætla ég að lifa til að verða meðbræðrum mínum að gagni eða ætla ég að lifa til þess eins að troða lífsgæðum í tonnavís ofan í hið tóma sálargímald bara af því góðærið hefur gert það að verkum að ég hef efni á því? Stöndum við frammi fyrir því við aldahvörf að breyta því gildismati sem svokallað siðmenntað vestrænt samfélag hefur samþykkt? Eru gildin önnur? Ætlum við að tilbiðja lestina og bölva dyggðunum? Viljum við færa til mörkin milli þess sem telst rétt eða rangt? Eru illvirki ekki lengur illvirki? Eða eru þau kannski bara hætt að snerta okkur? Erum við bæði forhert og veruleikafirrt eða er heimurinn að breytast?




**EIN AF MYNDUM HUGLEIKS** Nemendaleikhúsið sýnir í Borgarleikhúsinu Forðist okkur, verk sem Hugleikur Dagsson hefur unnið upp úr teiknimyndasögum sínum.

Er þetta kannski bara svartagallsraus í mér? Hvað er að í samfélagi þar sem unga fólkið drekkur bjór til þess eins að skola niður E-töflunum? Hvað er að í samfélagi sem vill kenna sig við frelsi þegar sífellt fleiri sem eru fertugir og eldri þurfa að leggjast inn á sjúkrahús vegna léttvíns og bjórdrykkju? Er kannski ekkert að? Er þetta kannski bara allt í fína besta lagi? Slysin, líkamsárásirnar, misnotkunin, nauðganirnar, morðin, sjálfsmorðin og allt sem fylgir. Finnst okkur þetta bara vera eðlilegt?

Hugleikur Dagsson er nýr leikhúshöfundur að kveða sér hljóðs. Hann er með mikilvæg skilaboð til okkar. „Forðist okkur" er eins og köld vatnsgusa framan í manneskju í hugsýkiskasti. Maður hrekkur við og spyr sig: „Hvert er ég að fara?"

Leikaraefnin stóðu sig öll með sóma. Hér er sérlega spennandi og kraftmikill hópur á ferð og ég hlakka mikið til að fylgjast með honum í næsta verkefni. Gestaleikarar komust vel frá sínu og miðað við þá leið sem valin er þá gengur flest upp og þegar á heildina er litið þá er sýning þessi töff, smart, napurlega fyndin og verkinu hæfir ágætlega þessi ýkti leikstíll.


Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett

í Íslensku óperunni

Lau. 8. október kl. 20 (örfá sæti laus)
Lau. 15. október kl. 20
Lau. 22. október kl. 20

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF
Í kvöld fös. 7/10 uppselt, lau. 8/10 uppselt, sun. 16/10 örfá sæti laus, sun. 23/10 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 9/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 23/10 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00.

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumsýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Í kvöld fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, þri.18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


Ávaxtakarfan
í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Birgitta
Gedda Gulrót
...Ef horft er á í réttu ljósi
hve lífið er stutt og lukkan
svo hverful og smá.
Ef horft er á í réttu ljósi.
Hver dagur er gjöf,
svo margt sem að
hægt er að sjá...
SPARISJÓÐURINN
ÍsMedia
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is
Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avaxtakarfan.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 9/10 kl. 14, UPPSELT, Sun 16/10 kl. 14, Su 23/10 kl. 14, Su 30/10 kl. 14

WOYZECK - FORSÝNING
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Fi 27/10 kl. 20. UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

HÍBÝLI VINDANNA
Aðeins þessar 3 aukasýningar eftir
Í kvöld kl. 20, Su 16/10 kl. 20,
Su 23/10 kl. 20

SALKA VALKA
Fi 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT,
Mi 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort
Su 30/10 kl. 20 græn kort
Fi 3/10 kl. 20 blá kort

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

FORÐIST OKKUR
Aðein sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. Höf. Hugleikur Dagsson.
Fi 6/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Lau 8/10 kl. 20
Mi 12/10 kl. 20 Fi 13/10 kl. 20 Lau 15/10 kl. 20

MANNTAFL
Í kvöld kl. 20, Fö 14/10 kl. 20, Lau 15/10 kl.20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 8/10 kl. 16 UPPS, Lau 8/10 kl. 20 UPPS, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT, Sun 16/10 kl. 20 UPPS., Sun 23/10 kl. 20 UPPS. Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝN. Lau 29/10 kl. 20 UPPS, Sun 30/10 kl. 20AUKASÝN.

LÍFSINS TRÉ
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT rauð kort, Fö 28/10 kl. 20 græn kort, UPPSELT Fö 4/11 kl. 20 blá kort, Lau 5/11 kl. 20 græn kort, Fö 11/11 kl 20, blá kort

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is


Tónleikurinn BÍTL
Föstudag 7/10
Föstudag 14/10
Laugardag 15/10
“Frábær skemmtun!” VS Fréttablaðið
Landsbankinn
Loftkastalinn ☎ 552 3000


HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA

| | | |
|---|---|---|
| lau. | 8.10 | uppselt |
| sun. | 9.10 | uppselt |
| mið. | 12.10 | uppselt |
| fim. | 13.10 | uppselt |
| sun. | 16.10 | uppselt |
| fös. | 21.10 | uppselt |
| lau. | 22.10 | uppselt |
| sun. | 23.10 | uppselt |
| fös. | 28.10 | uppselt |
| lau. | 29.10 | örfá sæti |
| sun. | 30.10 | laus sæti |
| lau. | 5.11 | laus sæti |
| sun. | 6.11 | laus sæti |

Sýnt í Iðnó kl. 20 // s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn


★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun! - Fréttablaðið
Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI
www.annie.is • www.midi.is

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
7. sýn Í kvöld Örfá sæti
8. sýn lau 8 okt Örfá sæti
9. sýn fös 14 okt Örfá sæti
10. sýn lau 15 okt örfá sæti
AUKASÝNING fimmt. 20. okt.
11. sýn fös 21 okt nokkur sæti
12. sýn lau 22 okt nokkur sæti

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

GERÐUBERG

Söngur og sund á sunnudegi
Sunnudaginn 16. október kl. 13:00-14:00.
Sungið með Ingveldi Ýr Jónsdóttur.
Dagur hljóðfærisins
Hin mjúka miðja víólunnar
Sunnudaginn 16. október kl. 14:30-18:00.
Sjónþing
Yfirlitssýning á verkum Þórdísar Zöega hönnuðar.
Boginn
Sýning á klippimyndum Einars Árnasonar.
Sýningar opnar:
Virka daga, 11-17, miðvikud. 11-21, helgar 13-16. Sími: 575 7700
www.gerduberg.is





# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

4 5 6 **7** 8 9 10

## Föstudagur

### TÓNLEIKAR

17.00 Eins manns hljómsveitin **Tonik** leikur lög af nýútkominni plötu sinni í Tólf tónum við Skólavörðustíg.

17.00 Ein efnilegasta hljómsveit yngri kynslóðarinnar, **Benny Crespo's Gang**, tekur nokkur vel valin lög í Gallerí Humar í kjallara Laugavegs 59.

Rokksveitirnar **Dimma, Nevolution** og **Dead Sea Apple** koma fram á sérstökum miðnæturtónleikum á Grand Rokk.

### LEIKLIST

21.00 Leikfélagið **Hugleikur** verður með mánaðarlegar skemmtidagskrár í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur undir yfirskriftinni **Þetta mánaðarlega**. Fyrsta dagskráin verður í kvöld og annað kvöld og verða frumfluttir fimm einþættir.

### OPNANIR

17.00 Myndlistarmennirnir **Steinunn Helga Sigurðardóttir** og **Morten Tillitz** opna sýningar sínar í Kling & Bang gallerí. Báðir listamennirnir eru búsettir í Danmörku.

18.00 **Óli G. Jóhannsson** opnar málverkasýningu sína, Týnda fiðrildið, á Kaffi Karólínu á Akureyri.

### SKEMMTANIR

22.00 Hljómsveitin **Dans á rósum** frá Vestmannaeyjum heldur uppi dúndrandi stemmningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

23.00 **Twisted hiphop** á Gauknum. Fram kemur **Boot Camp Clik** sem skipu er heitustu röppurunum í dag, Buckshot(Black Moon), Tek & Steele(Smiff N Wessun) & Sean Price. Upphitun verður í hönum Rögnu Cell 7, íslensk amerísk ættaða Dj Platurn og Ramses.

**Rokksveit Rúnar Júlíussonar** ásamt mörgum þekktum tónlistarmönnum skemmtir í Classic Rock, Ármúla 5.

**Sprellmót** Háskólans á Akureyri verður haldið í Sjallanum. **Pétur Guðjons** spilar gamalt og gott í bland við það nýja.

**Geirmundur Valtýsson** og hljómsveit skemmtir gestum á Kringlukránni.

Tríóið **Hollí** spilar íslensk partílög á Café Victor. Eftir miðnætti mætir dj **Gunni**.

Trúbadorinn **Hermann Ingi** jr. spilar á Catalinu í Kópavogi.

**Páll Óskar** verður með alvöru diskó fiskó fram á rauða nótt á Sólon. Honum til aðstoðar verður dj **Brynjar Már** í hvíta jakkanum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

### FUNDIR

22.00 Í tilefni af sýningu kvikmyndarinnar **Gegen die Wand** á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, sem fjallar um tyrkneska innflytjendur í Þýskalandi, standa UNIFEM og Alþjóðahús fyrir opnum umræðufundi um efni kvikmyndarinnar og málefni innflytjenda á 3.hæð í Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18, Reykjavík. Gestir fundarins eru **Guðlaug Björnsdóttir**, meistaranemi í mannfræði, og **Sabine Leskopf**, Samtökum kvenna af erlendum uppruna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Waldorf uppeldisfræði á Íslandi!
Fegurð - Ró - Gleði

Nýr hópur frá januar 2006.
Upplýsingar:
waldorf.isl@get2net.dk
45-43425113

! Talstöðin




















**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Cynic Guru:** Iceland, **Sign:** Thank God For Silence, **The Mitchell Brothers:** A Breath of Fresh Attire, **José Gonzales:** Veener, **The Fiery Furnaces:** Bluberry Boat og **The Zutons:** Who Killed the Zutons.



The Fiery Furnaces

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Stærsta hátíðin til þessa

Dagskrá tónlistarhátíðinnar Iceland Airwaves, sem haldin verður í sjöunda sinn í miðborg Reykjavíkur 19.-23. október, er tilbúin.

Aldrei fyrr hafa jafn margir listamenn komið fram á hátíðinni og í ár. Alls verða 160 hljómsveitir, listamenn og plötusnúðar á sex helstu tónleikastöðum hátíðarinnar. Um þrjátíu erlendar hljómsveitir og listamenn koma fram sem er mikil aukning frá því sem verið hefur. Á meðal þeirra sem koma fram eru Daníel Ágúst, The Fiery Furnaces, José González, Junior Senior og The Zutons. Miðasala fer fram í verslunum Skífunnar og á Midi.is.



**THE ZUTONS** Hljómsveitin The Zutons er ein fjölmargra hljómsveita sem koma fram á Iceland Airwaves.

# Vill engar málamiðlanir

**Sænski trúbadorinn José Gonzáles er einn af fjölmörgum tónlistarmönnum sem koma fram á Iceland-Airwaves. Tónleikar hans verða í Þjóðleikhúskjallaranum og munu væntanlega komast færri að en vilja. Freyr Bjarnason ræddi við kappann.**

Plata José González, Veneer, kom út fyrir skömmu og hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur. Það sem gerir González frábrugðinn öðrum þekktum trúbadorum á borð við Nick Drake og Elliott Smith er klassískur gítarleikur hans þar sem suður-amerísk flamenco-tónlistin hljómar undir angurværum söngnum. Kannski ekki undarlegt í tilfelli González því foreldrar hans eru frá Argentínu og fékk hann því bossanóvatónana beint í arf frá þeim, sérstaklega þó föður sínum.

González er um þessar mundir í stuttri pásu frá tónleikahaldi og virkaði rólegur og yfirvegaður í samtali sínu við blaðamann. „Ég er búinn að vera mikið heima hjá mér undanfarið að semja ný lög. Ég er ekki kominn langt með nýja plötu en hún verður kannski tilbúin næsta vor,“ segir González.

Áttirðu von á svona góðum viðbrögðum við plötunni þinni? „Nei, lögin á henni eru frá því í kringum 2000. Þau er frekar gömul og ég samdi þau ekki endilega til að setja á stóra plötu. Það var því dálítið áfall þegar platan fékk svona mikla athygli, sérstaklega vegna þess að ég tók hana upp heima og það kostaði lítið að taka hana upp.“

González játar að hafa fengið tilboð um að taka upp í stóru og flottu hljóðveri en býst ekki við að taka þeim. „Mér finnst gott að gera hlutina sjálfur, sérstaklega þegar ég get bara slappað af í eldhúsinu mínu og tekið upp hvenær sem ég vil. Þótt þú vitir alveg hvað þú ætlir að gera í hljóðveri er alltaf eitthvað um málamiðlanir og þess vegna reyni ég að taka sem mest upp heima.“

González, sem er 25 ára, byrjaði í tónlistinni þegar hann var á unglingsaldri. Fyrst spilaði hann á bassa í pönkhljómsveitum en spilaði Bítla- og bossanóvalög þegar hann var heima hjá sér. Faðir hans var mikill aðdáandi slíkrar tónlistar. Gaf hann syni sínum nótnabækur og söng síðan sjálfur með, því hann kunni ekki á hljóðfæri sjálfur. Í framhaldinu ákvað González að fara til einkakennara og hóf nám í klassískum gítarleik.



**JOSÉ GONZALEZ** Trúbadorinn sænski gaf nýverið út plötuna Veneer sem hefur hlotið frábærar viðtökur.

Aðspurður segist González þekkja eitthvað af íslenskri tónlist en nefnir þó sérstaklega Mugison. „Ég spilaði með Mugison í París. Það var mjög gaman og ég fíla tónlistina hans vel. Mugison er fínn náungi og dálítið sérvitur líka,“ segir hann og hlær.

Áður en González fer til Íslands verður hann í viku í New York við tónleikahald. Eftir fjögurra daga dvöl á Íslandi fer hann síðan í tónleikaferð um Bretland og eftir það til Ástralíu. Það er því nóg framundan hjá þessum efnilega tónlistarmanni.

freyr@frettabladid.is

# Enga hringitóna, takk!

Útgáfufyrirtæki Eminems hefur lagt fram kæru til bandarískra dómstóla til að koma í veg fyrir að fimm fyrirtæki selji hringitóna á netinu með bútum úr lögum rapparans.

Lögfræðingar rapparans ætla einnig að lögsækja karókífyrirtæki sem selja lög Eminems án þess að hafa til þess tiltekin leyfi. „Það eru miklir peningar í þessu. Við erum að tala um tugi milljóna króna á ári,“ sagði einn lögfræðinganna.



**EMINEM** Rapparinn ætlar ekki að láta aðra græða á tónlist sinni án þess hann fái nokkuð fyrir sinn snúð.

# Bacharach vinnur með Dr. Dre

Burt Bacharach, sem hefur samið sykursæt lög á borð við Raindrops keep fallin´ on My Head, og upptökustjórinn Dr. Dre vinna núna saman.

Þann 24. október kemur út platan At This Time, sem er með lög eftir Bacharach þar sem hinum ýmsu málefnum er mótmælt, þar á meðal mörgum ákvörðunum George W. Bush Bandaríkjaforseta. Dre kemur að þremur lögum á plötunni en einnig koma við sögu tónlistarmenn á borð við Elvis Costello og Rufus Wainwright.



# Verðhrun

## á vinsælustu tónlistinni á Íslandi*




Nýtt
í Hagkaupum

1.499kr
Alm. verð 1.999-

FRANZ FERDINAND - You could have it so much better



1. sæti*

1.499kr
Alm. verð 1.999-

SIGURRÓS - Takk...

**LAGALISTI**

1. The fallen
2. Do you want to
3. This boy
4. Walk away
5. Evil and a heathen
6. You´re the reason I´m leaving
7. Eleanor put your boots on
8. Well that was easy
9. What you meant
10. I´m your villain
11. You could have it so much better
12. Fade together
13. Outsiders

**LAGALISTI**

1. Takk...
2. Glósóli
3. Hoppípolla
4. Með blóðnasir
5. Sé lest
6. Sæglópur
7. Mílanó
8. Gong
9. Andvari
10. Svo hljótt
11. Heysátan

1.499kr Alm. verð 1.999-



12. sæti*

RAGGI BJARNA-Með hangandi hendi

1.499kr Alm. verð 1.999-



10. sæti*

HJÁLMAR-Hljóðlega af stað

1.499kr Alm. verð 1.999-



8. sæti*

ÝMSIR-Pottþétt 38

1.499kr Alm. verð 1.999-



6. sæti*

ROLLING STONES-A bigger bang

1.499kr Alm. verð 1.999-



4. sæti*

EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman

1.499kr Alm. verð 1.999-



2. sæti*

JAMES BLUNT-Back to Bedlam

1.499kr Alm. verð 1.999-



13. sæti*

HILDUR VALA

1.499kr Alm. verð 1.999-



11. sæti*

BLACK EYED PEAS-Monkey Business

1.499kr Alm. verð 1.999-



9. sæti*

PÉTUR KRISTJÁNSSON-Gamlar myndir

1.499kr Alm. verð 1.999-



7. sæti*

BAGGALÚTUR-Pabbi þarf að vinna

1.499kr Alm. verð 1.999-



5. sæti*

PAUL McCARTNEY-Chaos & creation in the back yard

1.499kr Alm. verð 1.999-



3. sæti*

HERA-Don´t play this

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 13. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is


Kyntröllið Logi Bergmann Eiðsson sýndi alkunna takta.

# Íslenska þotuliðið sýndi nýjustu tísku

Verslunin Debenhams í Smáralind stóð fyrir konukvöldi á miðvikudagskvöldið. Var skemmtunin tileinkuð V-dagssamtökunum. Í stað þess að leysa gesti út með gjöfum gaf Debenhams V-dagssamtökunum eina milljón króna. Þjóðþekktir einstaklingar sýndu það nýjasta í fatatískunni þetta haustið. Eins og sést á myndunum er brúni liturinn í algleymingi ásamt bláum, grænum og appelsínugulum. Gestum var boðið upp á léttar veitingar.


Björn Ingi Hilmarsson hefur starfað mikið með V-dagssamtökunum. Hann var eins og fyrirsæta í þessum fínu jakkafötum.


Inga Lind Karlsdóttir sjónvarpskona var reffileg á gólfinu.


Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona var heimilisleg með húfu inni.


Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi heillaði konurnar upp úr skónum.


Ingibjörg Stefánsdóttir leikkona og jógakennari tók sig vel út í þessum græna topp.


Það getur verið flókið að taka af sér trefilinn og labba um leið eins og Gísli Marteinn Baldursson fékk að reyna.


Svanhildur Hólm sjónvarpskona í Íslandi í dag var stelpuleg í gallabuxum og grænni peysu.


Þórunn Clausen leikkona er nýbúin að eignast sitt fyrsta barn.

Laugardaginn 8. október kl. 14

Hvar er stöðugleikinn?



**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** ræðir um stöðu ríkisins, þjóðarbúsins og heimilanna á fundi SffR um efnahagsmál og fjárlagafrumvarp.

Allir velkomnir á **Hótel Nordicu** (sal H) á **laugardaginn kl. 14**. Fyrirspurnir og umræður eftir ræðu Ingibjargar Sólrúnar. Fundarstjóri Jóhanna Eyjólfsdóttir formaður SffR.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík



Það var eins og Hildur Pedersen hefði aldrei gert neitt annað en að sýna föt.



Kolbrún Halldórsdóttir þingkona er smart í appelsínugulu.








HUGSAÐU STÓRT
SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000
FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX
STEALTH
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.
Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 5.20, 8 og 10.40
RED EYE
Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára
Nicole Kidman Will Ferrell
★★★ -SV MBL
Bewitched
GÖLDRÓTT GAMANMYND!
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15
Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.
Sýnd kl. 4 og 6 Miðaverð 450 kr.
LAVAGIRL 3-D
Sýnd kl. 4 í þrívídd
DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 14 ára
Sýnd kl. 4 ÍSLENSKT TAL
Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað


REGNBOGINN SÍMI 551 9000
FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX
STEALTH
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára
Nicole Kidman Will Ferrell
★★★ -SV MBL
Bewitched
GÖLDRÓTT GAMANMYND!
Sýnd kl. 8 og 10.15
400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu
Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á laggirnar sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!
NIGHT WATCH
★★★ -HJ MBL
★★★ -ÓHT Rás 2
blaðið
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára
Óbeint framhald af þáttaröðinni Jesú og Jósefína sem var sýnd við miklar vinsældir á Stöð 2 síðustu jól.
Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.
Sýnd kl. 6
KVIKMYNDAHÁTÍÐ
29. september til 9. október
Something like Happiness /Eins konar hamingja Sýnd kl. 6
Head On/Beint á vegginn Sýnd kl. 8
Antares Sýnd kl. 10.15
Borgarbíó
Sealth kl. 5.45, 8 og 10.20
Óskar & Jósefína kl. 6
Red Eye kl. 8 og 10


- bara lúxus
LAUGARÁS BÍÓ
Sími 553 2075
EF ÞÚ ERT EKKI MYRKFÆLIN, ÞÁ MUNTU VERÐA ÞAÐ!
★★★★★
THE DESCENT
EIN ÓHUGNALEGASTA HROLLVEKJA ÁRSINS
Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15
RACHEL McADAMS
CILLIAN MURPHY
★★★ SV.mbl.
★★★★ V.I.V. TOPP5.IS
RED EYE
Í 36.000 FETUM VARÐ HENNAR VERSTA MARTRÖÐ AÐ VERULEIKA
HÖRKU SPENNUTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANNA
Sýnd kl. 6, 8 og 10
Sýnd kl. 6 m/íslensku tali
SAMUEL L. JACKSON
EUGENE LEVY
The MAN
Sýnd kl. 8 og 10
www.laugarasbio.is


ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR! 23.sept - 9.okt
GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR
ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KÁNTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK,SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST
MIKIÐ ÚRVAL AF GEISLADISKUM FRÁ KR. 50
GERÐU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM OG MYNDBÖNDUM
TÖLVULEIKIR FRÁ KR. 490
DVD FRÁ 390 KR!
MIKIÐ ÚRVAL AF KARÍÓKÍ!
MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!
VHS FRÁ 290 KR DVD FRÁ 390 KR
Frábært verð á tónlistar dvd frá 799 kr
Opið alla daga frá 10-18
Sími: 561-4114
VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR


birta
» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA
FÖSTUDAGUR
LAUGARDAGUR
SUNNUDAGUR
MÁNUDAGUR
ÞRIÐJUDAGUR
MIÐVIKUDAGUR
FIMMTUDAGUR
birta

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I haven't been on my treadmill for weeks. 572 weeks – that's 11 years. „**

**Svar:**
vLarry Limpton í kvikmyndinni Manhattan Murder Mystery árið 1993

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** Bergsteinn Sigurðsson **er feginn að sjónvarpsstöðvar átta sig á gildi góðs gríns**

## *Af uppsölum og raunveruleikaþáttum*

RÚV og Stöð 2 eiga hrós skilið fyrir að átta sig á gildi þess að hafa gott grín á dagskrá á haustin. Fyrst skal nefna Stelpurnar; einhverja hressilegustu innkomu í íslenskri sjónvarpsþáttagerð í háa herrans tíð. Sýnir að það er hægt að gera góða „sketch“ þætti (tillögur að góðri þýðingu óskast) hér á landi. Of lengi var ástæða til að óttast hið gagnstæða og að Fóstbræður væru undantekningin sem sannaði regluna.

Bresku gamanþættirnir Little Britain hófu aftur göngu sína á RÚV á miðvikudagskvöld og það er ástæðulaust að sífra yfir vetrardagskránni ef næstu þættir eru jafn góðir og sá fyrsti. Hárbeitt samfélagskrítík, í bland við uppsöluhúmor sem Monty Python væru fullsæmdir af, klikkar ekki. Þá má líka hlakka til Arrested Development á föstudagskvöldum á Stöð 2, sennilega best skrifuðu gamanþáttum síðan The Office, þar sem raunveruleikaþættir eru dregnir sundur og saman í háði.

Vel á minnst, tveir íslenskir raunveruleikaþættir voru á dagskrá í gærkvöldi: Ástarfleyið og Piparsveinninn (fellst ekki á orðskrípið sem þátturinn er kynntur undir). Í sjálfu sér ber að fagna öllu framtaki sem



stuðlar að útivist og persónulega held ég að úr sér gengnar hugmyndir á borð við raunveruleikaþætti séu ekki til annars fallnar, þótt framleiðslan sé íslensk. Skipaútgerð í Tyrklandi og piparsveinn í kvennabúri eiga líka sáralítið skylt við þann raunveruleika sem ég á að venjast. Fer frekar út á leigu næsta fimmtudagskvöld og næ mér í Foxtrot, þar má alltént sjá Valdimar Örn Flygerning í banastuði.



▶ 22.15 *Bíó*

TORN CURTAIN



▶ 00.10 *Bíó*

HEIST



▶ 19.30 *Tónlist*

IDOL EXTRA 2005/2006



▶ 23.00 *Spenna*

BATTLESTAR GALACTICA



▶ 17.45 *Fótbolti*

PÓLLAND – ÍSLAND

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (6:26) **18.25** Villt dýr (2:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (20:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Latibær**
**20.40 Í hjartastað** (Into My Heart) Bandarísk bíómynd frá 1998. Tveir æskuvinir fara saman í háskóla og hitta unga konu á bar. Annar þeirra giftist henni en eftir mislukkuð sambönd og slæmt hjónaband stígur hinn hliðarspor með henni.
▶ **22.15 Glufa á járntjaldinu** (Torn Curtain) Spennumynd frá 1966 eftir meistara Alfred Hitchcock. Bandarískur vísindamaður fer á ráðstefnu í Noregi ásamt aðstoðarkonu sinni og unnustu. Henni þykir hann haga sér grunsamlega og eltir hann.

**0.20** Píanóleikarinn **2.45** Kvöldstund með Jools Holland **3.50** Formúla 1

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Perfect Strangers **13.25** George Lopez (2:24) **13.55** Punk'd (1:8) (e) **14.20** Jag (23:24) (e) **15.05** LAX (10:13) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Simpsons **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons 9**
**20.00 Arrested Development (9:22)** Einn besti gamanþáttur síðari ára.
**20.30 Idol Stjörnuleit 3 (2:45)** (Áheyrnarpróf) Í öðrum þættinum höldum við áfram að fylgjast með hvernig þátttakendum gekk í höfuðborginni.
**21.20 Two and a Half Men (23:24)** Gamanmyndaflokkur.
**21.45 Entourage (6:8)** (Viðhengi) Gamanþáttaröð.
**22.10 Blue Collar TV (6:32)** (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir .
**22.35 In Hell (The Savage)** (Í helvíti) Hörkuspennandi hasarmynd af bestu gerð. Stranglega bönnuð börnum.

▶ **0.10** Heist (Stranglega bönnuð börnum) **1.55** Concpiracy (Bönnuð börnum) **3.25** Predator (Stranglega bönnuð börnum) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Laguna Beach (1:11)** Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar og Sirkus er með ótakmarkaðanaðgang að 8 moldríkum ungmennum sem búa þar.
▶ **19.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol-stjörnuleitina. Viðtöl við keppendurna, fylgst er með þeim á æfingum og allt það sem gerist bak við tjöldin færð þú að sjá hér á Sirkus.
**20.00 Joan Of Arcadia (14:23)**
**20.50 Tru Calling (15:20)**
**21.40 Super Size me** Mögnuð mynd sem vakti heimsathygli þegar hún var frumsýnd á Sundance kvikmyndahátíðinni.

**23.25** Weeds (1:10) **23.55** HEX (1:19) **0.45** David Letterman **1.30** David Letterman

### SKJÁREINN

**17.35** Cheers – 7. þáttaröð **18.00** Upphitun

**18.30 Íslenski bachelorinn (e)** Íslendingar hafa fylgst grannt með bandarísku Bachelor-þáttaröðunum og nú er komið að því að gera íslenska útgáfu af þáttunum.
**19.20 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Charmed** Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir.
**20.45 Complete Savages** Það er hrekkjavaka og Nick og T.J. fara saman á stjá.
**21.15 Ripley's Believe it or not!**
**22.00 The Jamie Kennedy Experiment** Grínarinn Jamie K veiðir fólk í gildru og kvikmyndar með falinni myndavél.
**22.30 Dirty Sanchez** Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið.

▶ **23.00** Battlestar Galactica **23.50** Íslenski bachelorinn (e) **0.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.15** Olíssport ▶**17.45** Landsleikur í knattspyrnu

**19.55 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**20.25 Gillette-sportpakkinn**
**20.55 NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í amerísku fótboltanum.
**21.25 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**21.55 Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**22.30 NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Celtics 1986)Boston Celtics og Chicago Bulls mættust í úrslitakeppni Austurdeildarinnar árið 1986.

**0.10** K-1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Some Girl (B. börnum) **8.00** David Bowie: Sound and Vision **10.00** Fun and Fancy Free **12.00** Beverly Hills Cop **14.00** David Bowie: Sound and Vision **16.00** Fun and Fancy Free **18.00** Beverly Hills Cop **20.00** **Some Girl** Dramatísk og gamansöm kvikmynd. **22.00** **40 Days and 40 Nights** Rómantísk gamanmynd. **0.00** High Crimes (Str. b. börnum) **2.00** Half Past Dead (Str. b. börnum) **4.00** 40 Days and 40 Nights (B. börnum)

### OMEGA

**8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Miðnæturhróp **0.30** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Gastineau Girls **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Kill Reality **18.00** E! News **18.30** The Soup UK **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** E! News **23.30** The Soup UK **0.00** Rich Kids: Cattle Drive **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Portsmouth Newcastle frá 01.10 **16.00** Arsenal – Birmingham frá 02.10 **18.00** Að leikslokum (e)

**19.00 Upphitun**
**19.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**20.30 Upphitun (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**23.00** Upphitun (e) **23.30** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Ísland í dag — Stöð 2 kl. 19.00

*Nýir umsjónarmenn Íslands í dag*

### *Nýtt Ísland í dag*




Dægurmálaþátturinn Ísland í dag er nú í breyttri mynd. Svanhildi Hólm Valsdóttur, sem verið hefur umsjónarmaður þáttarins um nokkurt skeið, hefur borist liðsauki því sjónvarpsfólkið Brynja Þorgeirsdóttir, Inga Lind Karlsdóttir, Egill Helgason og Þorsteinn J. Vilhjálmsson munu slást í lið með henni. Fimmmenningarnir munu fara yfir málefni líðandi stundar; draga upp skýra og gjarnan annars konar mynd af Íslandi í dag. Breyttar áherslur og efnisval setja svip sinn á þáttinn og munu föstudagsþættirnir verða klukkutímalangir.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.00** Fréttir **7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt e. **21.00** Á kassanum e. **21.30** Hádegisútvarpið e. **22.00** Úrval úr Allt & sumt e. **23.00** Hrafnaþing e. **0.00** Birta e. **1.00** Margrætt e. **2.00** Úrval úr Allt & sumt e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfregnir **13.00** Van Morrison í sextíu ár **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hálftíminn **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Borgarsögur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**0.10-6.00** Ljúfir næturtónar **1.00** Fréttir **1.03** Veður **2.00** Fréttir **4.30** Veður **5.00** Fréttir **6.00** Fréttir **6.05** Einn og hálfur **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari

**10.00** Fréttir **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.00** Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Popp og ról **22.00** Fréttir

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **14.00** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **15.30** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **17.00** Rhythmic Gymnastics: World Championship Baku Azerbaijan **18.00** Football: World Cup Germany **20.00** Football: Top 24 Clubs **20.30** TNA Wrestling: USA **21.00** TNA Wrestling: USA **21.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.00** Xtreme Sports: LG Action Sports **23.00** Football: Top 24 Clubs

**BBC PRIME**
**12.00** Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** 50/50 **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Holby City **18.00** The Life of Mammals **19.00** French and Saunders **19.30** Manchild **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Sweet Revenge **22.15** Sparkhouse **23.05** A History of Britain **0.05** Terry Jones' Medieval Lives **0.35** Landscape Mysteries **1.05** Spain on a Plate **1.35** Make Italian Your Business

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Capturing the Killer Croc **13.00** When Expeditions Go Wrong: Family Adrift **14.00** In the Womb **15.00** In the Womb **16.00** Seconds from Disaster: Derailment At Eschede **17.00** Paranormal?: Ufos **18.00** Capturing the Killer Croc *living Wild* **19.00** When Expeditions Go Wrong: Lost in the Jungle **20.00** When Expeditions Go Wrong: Lost in Space **21.00** Wetback *no Borders* *premiere* **22.30** When Expeditions Go Wrong: Climber Hostages **23.30** When Expeditions Go Wrong: Lost in Space **0.30** Running for Freedom: Farid's Story

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** Killing for a Living **14.00** Animal Precinct **14.30** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Up with the Gibbons **18.30** Predator's Prey **19.00** Animal Precinct **20.00** Miami Animal Police **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** Venom ER **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Animal Precinct **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Buena Vista Fishing Club **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Thunder Races **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Brainiac **20.00** The Great Biker Build-Off **21.00** Spy **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**12.00** Global Room Raiders **12.30** Global Room Raiders **13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**11.30** VH1 Hits **14.00** VH1 Weekly Album Charts **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Fortune Files 2 **19.30** MTV Live Green Day **20.00** Retrosexual – The 80's **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Weddings **12.35** Awesome Interiors **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Hollywood One on One **19.00** Design Challenge **19.25** Single Girls **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Cheaters **23.00** Entertaining With James **23.30** City Hospital **0.25** Awesome Interiors **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures **1.45** Hollywood One on One

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**12.20** Scalphunters, The **14.05** Young Billy Young **15.35** Fantasticks, The **17.00** Khartoum **19.15** Accidents **20.50** War Party **22.25** Kings OF The Sun **0.10** Terror AT London Bridge **1.45** Where's Poppa?

**TCM**
**19.00** Diner **20.50** Arturo's Island **22.25** Brotherly Love **0.15** Mister Buddwing **1.55** The White Cliffs of Dover

**HALLMARK**
**12.45** Gift of Love: The Daniel Huffman Story **14.15** The Yearling **16.00** Winter Solstice **17.30** McLeod's Daughters V **18.30** Early Edition Iv **19.15** 3 A.M. **21.00** Black Fox: Good Men and Bad **22.30** Early Edition Iv **23.15** Earthsea **0.45** 3 A.M.

BBC FOOD
**12.00** Secret Recipes **12.30** A Cook's Tour **13.00** Beyond River Cottage **13.30** United States of Reza **14.00** Off the Menu **14.30** Deck Dates **15.00** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Nigel Slater's Real Food **16.30** Forever Summer With Nigella **17.00** The Thirsty Traveller **17.30** Great Wine Walks **18.00** Gary Rhodes **18.30** Diet Trials **19.00** Kitchen Takeover **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Secret Recipes **20.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.00** The Best **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.00** Rabatten **12.30** Showtime: Udfordringen **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Sporl¢s **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie Listen **15.00** Svampebob Firkant **15.20** Jungletrommer **15.30** AMIGO **16.00** Fredagsbio **16.10** Den lille r¢de traktor **16.20** Pingu **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Showtime **19.00** TV Avisen **19.30** Showtime: Kåringen **19.45** Ondskabens ¢jne **21.40** Absolon **23.15** Boogie Listen

**SV1**
**13.00** Debatt direkt från Sverige **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Din släktsaga **15.30** Mitt i naturen **16.00** BoliBompa **16.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **16.25** Popverkstan **16.45** Häxan Surtant **17.00** Combo **17.30** Rapport **18.00** Lilla Melodifestivalen 2005 **19.30** Klirr i bössan för Världens barn **19.35** En enkel plan **21.35** Rapport **21.45** Kulturnyheterna **21.55** Popcorn **22.25** Dygnet runt **0.00** Sändning från SVT24




**REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR** VEIT HVERNIG DEITMENNINGIN VIRKAR Á ÍSLANDI

# *Sorglegt en satt!*



Hver hefur ekki heyrt frasann: maður vill það sem maður fær ekki og vill ekki það sem maður fær. Þetta eru, að því er virðist, orð að sönnu. Allavega hjá ansi mörgum okkar, bæði karla og kvenna. Málið er afar sorglegt en satt. Hvernig stendur á því að maður eltist við stráka sem koma ekki fram við mann sem skyldi og svo þegar einhver er svakalega rómantískur og býður manni ást og græna skóga, fær maður klígju og vill ekkert með hann hafa. Þetta er mjög þversagnakennt og ætti að reyna að ala af okkur.

Lenti á spjalli við einn ágætan vin minn sem sagði mér það að hann væri mjög meðvitaður um þetta og hefði komist að þessu í gegn um árin. Til að nýta sér reynslu sína eins og fagmaður í leitinni að hinni fullkomnu konu, hagar hann samskiptum sínum við konurnar í lífi sínu eftir þessari hugmyndafræði. Hann sagði mér að hann væri mikið búinn að velta þessu fyrir sér enda gamalreyndur í greininni. Til frekari útskýringa tók hann sjálfan sig á líðandi stundu sem dæmi.

Þannig er mál með vexti að hann er spenntur fyrir ungri konu. Það lítur hins vegar út fyrir að hann sé ekki sá eini því hún er langt frá því að vera dugleg að svara honum og skilaboðunum hans. Það að hún skuli vera eins upptekin og raun ber vitni, verður til þess að hann reynir og reynir til að missa örugglega ekki af henni. Svo er hann líka í sambandi við aðra stúlku sem er öllu auðveldari í meðhöndlun. Hún svarar alltaf og hringir jafnvel að fyrra bragði. Hann viðurkenndi það þó fyrir mér að fyrir vikið væri hann minna spenntur og að hann væri eiginlega bara í sambandi við hana til að fylla upp í tómið og til að leiðast alveg örugglega ekki í tilhugalífinu.

Já, það verður að viðurkennast að þetta er ansi sorglegt að heyra og mér sýnist þessi síðari jafnvel heilbrigðari og mjög líklega eigulegri til lengri tíma litið. Einhverra hluta vegna sækist maður þó alltaf í það sem er erfitt að fá og verður þá með öllu móti að eignast það. Eitthvað það ömurlegasta sem ég hef þurft að viðurkenna sem staðreynd er að maður sækir oft í þá sem koma ekki nógu vel fram við mann. Um leið og maður hefur eignast gersemina og allt gengur vel fer manni að leiðast og er allt í einu alveg til í að skila. Þá er bara að vera viss um að geðheilsan sé í lagi og að skilafresturinn sé ekki útrunninn.



## HRÓSIÐ

*... fær Bernd Ogrodnik fyrir að tileinka brúðum líf sitt en hann eyddi fjórum árum í gerð brúðumyndarinnar Strengir.*

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** **2** atlaga **6** frá **8** stefna **9** hrökk við **11** skóli **12** skotvopn **14** móðga **16** í röð **17** eins um u **18** tré **20** guð **21** heiðursmerki.

**LÓÐRÉTT** **1** spjall **3** slá **4** mathákur **5** stykki **7** kælir **10** kærleikur **13** niður **15** megin **16** síðan **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** árás, **6** af, **8** átt, **9** brá, **11** mk, **12** byssa, **14** stuða, **16** st, **17** ðuð, **18** við, **20** Ra, **21** orða.

**LÓÐRÉTT:** **1** rabb, **3** rá, **4** átmaður, **5** stk, **7** frystir, **10** ást, **13** suð, **15** aðal, **16** svo, **19** ðð.


MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**BERGLEIF GANNT JOENSEN, VEITINGAMAÐUR Á BEGGABAR Í BREIÐHOLTI** Er með annan fótinn í Breiðholtinu og hinn í Árnessýslunni á milli þess sem hann er fararstjóri með Íslendinga á Ólafsvöku, enda meðvitaður um trausta og innilega vináttu Íslands og Færeyja.

FÆREYSKUR VERT Á BEGGABAR: FÆR ÁRNA JOHNSEN MEÐ GÍTARINN

# Brekkusöngur á Beggabar

„Það er einstaklega gott að vera Færeyingur á Íslandi, því Íslendingum þykir vænt um Færeyinga og kærleikurinn gagnkvæmur. Færeyingum standa hér allar dyr opnar; þeir réðu sig snemma til sjós með Íslendingum og hafa síðan þótt traustir, duglegir og ábyrgir í allri viðkynningu,“ segir veitingamaðurinn Bergleif Gannt Joensen frá Fuglafirði á Austurey í Færeyjum, en Bergleif fluttist til Eskifjarðar ásamt íslenskri eiginkonu sinni árið 1982.

„Þá byrjaði ég sem kokkur á Jóni Kjartanssyni og Hólmaborg, en keypti síðar hótelið á staðnum og rak í sjö ár,“ segir Bergleif, sem undanfarin ár hefur rekið ferðaþjónustu í Árnesi og núna bætt um betur og keypt hverfispöbb í Efra-Breiðholti sem áður var Nikkabar en heitir nú í höfuðið á Bergleif: Beggabar.

„Sumrin í Árnesi eru vertíð, en veturnir afskaplega rólegir. Við eigum þrjú börn í framhaldsskólum Reykjavíkur og með Beggabar sá ég tækifæri fyrir fjölskylduna að vinna og búa saman yfir vetrarmánuðina,“ segir Bergleif, sem leitar nú logandi ljósi að réttu íbúðinni í Efra-Breiðholti.

„Ég hef alltaf verið hrifinn af Breiðholtinu, en á íbúð á besta stað í miðbænum sem ég vil selja. Ég fer mikið í Breiðholtslaugina og hef fyrir tilviljun hitt þar fjóra Færeyinga sem fengið hafa sér könnu hjá mér eftir sund og gufu, þótt ég sæki þá nú ekki út í laug, en maður verður alltaf dálítið þyrstur eftir gufuna,“ segir Bergleif hlæjandi og ánægður með viðtökurnar síðan hann opnaði um miðjan ágúst.

„Breiðhyltingar eru duglegir að heimsækja hverfispöbbana sína, en alls eru fjórir slíkir í Breiðholti. Þessi er í Hraunberginu, mitt á milli Fella- og Hólahverfis og hingað koma margir á leið sinni um hverfið, en staðurinn er lítill og notalegur; tekur ekki nema 49 manns í sæti,“ segir Bergleif sem býður upp á ýmislegt til skemmtunar á Beggabar, eins og pílukastkeppnir, spilaog skákkvöld, happy hour, beinar boltaútsendingar og skemmtikrafta um helgar.

„Í kvöld mætir Breiðhyltingurinn Árni Johnsen með gítarinn og tekur lagið frá hálfellefu til þrjú. Ég þekki Árna vel í gegnum Árnes því hann var þingmaður Sunnlendinga og ávallt trúr fólkinu í sveitunum; alltaf mættur í réttir og aðra viðburði sveitalífsins, líka eftir að hann hætti sem þingmaður,“ segir Bergleif, en annað kvöld skemmtir Viðar Jónsson trúbador á Beggabar.

Bergleif lærði ungur til kokks í kóngsins Kaupmannahöfn og starfaði á dönskum veitingahúsum og skemmtiferðaskipum sem fluttu hann um víða veröld.

„En Ísland er mitt föðurland, því hér á ég allt mitt, þótt ég fari árvisst heim til Færeyja að kíkja á fólkið mitt og landið fagra,“ segir hann glaðvær og býður alla velkomna á Beggabar; bæði Íslendinga og Færeyinga, en ekki síst Breiðhyltinga.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



A Little Trip to Heaven fær fína dóma hjá kvikmyndatímaritinu Screen Daily. Gagnrýnandinn Peter Brunette segir að myndin nái kannski ekki hæðum Cohen-bræðranna í Blood Simple en spáir henni þó velgengni í Evrópu þar sem íbúar heimsálfunnar séu hrifnir af svona myndum. Brunette hrósar aðalleikurunum Forest Whitaker og Juliu Stiles í hástert og segir Stiles vera hættulega kynþokkafulla.

Þar með hafa allar „íslensku“ kvikmyndirnar fengið viðbrögð frá erlendum gagnrýnendum eftir Toronto-hátíðina. Viðbrögðin voru vissulega misjöfn og það má kannski segja að Strákarnir hans Róberts Douglas hafi borið sigur úr býtum hvað þau varðar. Rýnir Variety var mjög hrifinn af þeirri mynd en A Little Trip var ekki tekin sömu silkihönskum þar. Versta skellinn fékk þó mynd Sturlu Gunnarssonar, Bjólfskviða. Gagnrýnanda Screen Daily fannst hún vera hálfgert flopp en hrósaði þó Ingvari okkar Sigurðssyni fyrir frammistöðu sína.




Stór Humar

Medium Humar

Sigin grásleppa

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga 10.00 - 14.30


# Síðasti skiladagur hjá Eddu

Klukkan fimm í dag rennur út fresturinn til að skila inn efni sem framleiðendur vilja að eigi kost á því að keppa um tilnefningar til Edduverðlaunanna. Það eru félagar í Íslensku sjónvarpsog kvikmyndaakademíunni sem eiga kost á að greiða atkvæði en um fjórtán flokka er að ræða. Tilkynnt verður um tilnefningarnar föstudaginn 28. október.

Eddan var fyrst afhent árið 1999 og þá var keppt í tíu flokkum. Í fyrra sigraði Kaldaljós eftir Hilmar Oddsson sem kvikmynd ársins, Spaugstofumenn hrepptu verðlaunin sem Skemmtiþáttur ársins og Sjálfstætt fólk var valinn Sjónvarpsþáttur ársins. Þá hreppti Ómar Ragnarsson titilinn Sjónvarpsmaður ársins.

Í ár koma fjórar kvikmyndir til greina í Edduna. Flestir spá því að baráttan eigi eftir að standa milli Voksne mennesker eftir Dag Kára, Í takt við tímann eftir Ágúst Guðmundsson og Strákanna okkar eftir Róbert Douglas.

Það verður þó ekki síður athyglisvert að fylgjast með hvaða myndir verða tilnefndar í stuttmyndaflokknum sem og heimildarmyndaflokknum. Mikil gróska hefur verið í báðum þessum greinum og því er reiknað með því að baráttan um verðlaunin verði æði hörð.

Keppnin í sjónvarpsflokkunum verður að venju mjög athyglisverð. Íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa keppst um að mata áhorfendur sína með innlendu efni og Edduverðlaunin gætu því ytt undir áhorf.

Kosningarbaráttan í Eddunni hefur yfirleitt verið mjög drengileg og ekki í líkingu við það sem hefur verið í gangi í Óskarnum. Hvort einhver breyting verði á í ár er óvíst en ljóst að margir verða um hituna því útrás íslensks afþreyingarefnis hefur ekki verið síðri en margur annar útflutningur.





**ÓMAR RAGNARSSON** Var valinn sjónvarpsmaður ársins á Eddunni í fyrra. Það er yfirleitt mikil spenna hver verður fyrir valinu en margir eru tilnefndir.












## Kostir AMF kerfisloftanna

- **AMF** er leiðandi framleiðandi á kerfisloftum í Evrópu
- **AMF** kerfisloftin er hægt að fá 15 og 19 mm þykk
- **AMF** býður uppá bæði steinullar og gifs kerfisloft
- **AMF** kerfisloftin hafa brunaþol frá 30-120 mín (eftir gerðum)
- **AMF** kerfisloftin bjóða uppá hljóðkröfu frá 0,40 – 0,75 NRS
- **AMF** Thermaclaen er tilvalið fyrir matvælaiðnað þar sem hreinlæti er í fyrirrúmi, framleitt samkv ISO 14644-1
- **AMF** kerfisloftin eru gerð fyrir allt að 95% raka.
- **AMF** kerfisloftin eru tilvalin fyrir skóla, skrifstofur, verslunarhúsnæði og matvælaiðnað.
- **AMF** kerfisloftin bjóða uppá ýmis mynstur og gerðir

*Hafið samband við sölumenn okkar til að fá nánari upplýsingar*

***Opið mán-fös 8-18***

***Bæjarhraun 8, Hafnarfjörður, superbygg@superbygg.is***
***Sími: 414-6080 / Fax: 414 6099***

*Umboðsaðili á Íslandi*
**SÚPERBYGG**
*– meira fyrir minna*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**










**BAKÞANKAR**
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR


## *Tímaskekkja*

Það var eitthvað sætt við að horfa á Lúðvík Bergvinsson nöldra yfir eflingu Víkingasveitarinnar í sjónvarpsréttum og fjasa um það að dómsmálaráðherra ætti sér það eina áhugamál að byggja upp her í landinu. Minnti mig á það þegar ég var tólf ára og heyrði karl einn býsnast yfir bítlahári. Það hafði alveg farið framhjá honum að heimurinn var að breytast.

**ÞAÐ VÆRI** indælt að geta tekið undir með Lúðvík. Ef við byggjum í fullkomnum heimi væri það enginn vandi. Það væri svo gott að þurfa ekki á eins konar né neins konar víkingasveit að halda. Svo gott ef við byggjum í heimi þar sem börn væru ekki seld í vændi, ungar konur væru ekki blekktar frá fyrrum kommúnistaríkjum og fátækum löndum Suður-Ameríku til Vesturlanda til þess að þola misnotkun þar til öndin fjarar úr þeim örfáum lykkjustundum seinna. Svo gott ef engum dytti í hug að græða á eiturlyfjum. Svo gott ef engin mismunun væri til. Allir hefðu nóg, enginn þyrfti að ræna eða rupla, hvað þá finna leiðir til þess að græða á eymd annarra. Það væri eins og að lifa í þeim heimi sem John Lennon sér fyrir sér í Imagine.

**VIÐ BÚUM** hins vegar ekki í ímynduðum heimi. Ísland er hluti af alþjóðlegu samfélagi og þarf að taka þátt í því, þola gallana jafnt sem kostina.

**VIÐ GETUM** auðvitað stungið hausnum í sandinn og neitað að taka þátt í Schengen eða norrænu, evrópsku og alþjóðlegu löggæslusamstarfi - haldið áfram að vera óháð og hlutlaus, virt frelsi allra manna til þeirra athafna sem þeir óska, leyft þeim að flytja sína glæpastarfsemi í gegnum Ísland, geyma ránsfeng sinn hér, hvítskrúbba peningana sína.

**AÐ MÓTMÆLA** uppbyggingu okkar eigin varna í dag er eins og að rölta sér eftir Keflavíkurveginum og syngja Ísland úr Nató og herinn á brott. Tímaskekkja. Og sé maður á þingi, er klókt að kynna sér þá alþjóðlegu samninga sem Íslendingar eiga aðild að. Þeir eru ekkert leyndarmál, jafnvel aðgengilegir á netinu. En svo er auðvitað alltaf hægt að konvertera þjóðinni til Amis-trúar. Amisfólkið neitar að viðurkenna hvers kyns breytingar og lifir í heimi sem það ímyndar sér að sé fullkominn. Við hin hlæjum að þeim.





AEG Þvottadagar

HIN FULLKOMNA ÞVOTTAVÉLA ÞRENNA

Þessar frábæru AEG vélar á einstöku tilboðsverði á meðan birgðir endast.
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

ORMSSON
LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu